


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Hjólað í vinnuna




Europris
Nýr tilboðsbæklingur í dag




FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
3. maí 2012
103. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



## Boðið til Edinborgar

*Leiksýningunni Ævintýrum Múnkhásens hefur verið boðið á alþjóðlega hátíð í Edinborg.*

fólk 54

## Lífið er örstutt leiftur

*Jóhann Páll Valdimarsson bókaútgefandi fagnar sextugsafmæli í dag.*

tímamót 28



## Fram kom á óvart

*Fram-stúlkur eru komnar í 1-0 í rimmunni gegn Val um Íslandsmeistaratitilinn.*

sport 46

## veðrið í dag




**BJART VÍÐA UM** lands en að mestu skýjað norðaustanlands fyrri hluta dags. Fremur hægur vindur og hiti á bilinu 2 til 12 stig, mildast suðvestan til.

VEÐUR 4

# Sex milljarðar til viðbótar í nýtt húsnæðisbótakerfi

**Vaxtabætur og húsaleigubætur verða sameinaðar í húsnæðisbætur og um sex milljörðum bætt í kerfið. Bæturnar verða greiddar út mánaðarlega. Grunnfjárhæð verður 24 þúsund krónur og frítekjumörk hækka.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Nýju kerfi húsnæðisbóta verður komið á þar sem sameinaðar verða vaxtabætur og húsaleigubætur. Starfshópur velferðarráðherra hefur unnið að tillögum í málinu og gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í næstu viku.

Heimildir Fréttablaðsins herma að grunnfjárhæð bótanna verði 24 þúsund krónur, en grunnfjárhæð húsaleigubóta í dag er 18 þúsund krónur. Þá verður frítekjumark hækkað, úr 150 þúsund í 203 þúsund krónur, sem miðast við fulla tekjutryggingu almannatryggingakerfisins. Efri mörk eru 443 þúsund krónur og skerðast bæturnar að fullu við þá upphæð í mánaðarlaun.

> **24** þúsund krónur verður grunnupphæð vaxta- og húsaleigubótanna.

Bæturnar miðast við einn einstakling í heimili. Ofan á þær leggst margföldunarstuðull eftir því hversu margir eru í heimili, óháð aldri viðkomandi. Einstaklingur fær því, án tekjuskerðingar, 24 þúsund í bætur, tveir í heimili fá 1,4 sinnum 24 þúsund og stuðullinn breytist eftir því sem fjölgar í heimili upp í sex manns. Sami stuðull reiknast á frítekjumarkið. Núllmörk bótanna hjá tveimur í heimili verða því 1,4 sinnum 443 þúsund krónur, eða rúmlega 620 þúsund krónur á mánuði.

Heimildir Fréttablaðsins herma að kostnaðurinn við þetta kerfi nemi 24,8 milljörðum króna. Kostnaðurinn við núverandi kerfi er um 19 milljarðar króna en það tekur til vaxtabóta, húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta. Tæplega sex milljarða króna vantar því í kerfið, verði þessar tillögur að veruleika. Samkvæmt heimildum blaðsins er pólitískur vilji til að setja aukið fé í málaflokkinn. Rúmlega sex milljarðar króna hafa verið greiddir í sérstakar vaxtabætur, en sú aðgerð var tímabundin.

Verði þessar tillögur að lögum er ljóst að þeir sem eru mjög skuldugir og fá háar vaxtabætur munu missa spón úr aski sínum, þar sem bótafjárhæð þeirra lækkar. Rætt hefur verið um að koma á sólarlagsákvæði, það er að menn vinni sig úr kerfinu. Ein tillaga gerir ráð fyrir að slíkt ákvæði gildi í þrjú ár.

Lúðvík Geirsson, formaður starfshópsins, vildi ekki staðfesta efni tillagnanna en sagði að verið væri að leggja lokahönd á þær. Hann gæti þó upplýst að breið og góð samstaða væri um málið og útfærslurnar, sem lægju fyrir í næstu viku.

**- kóp**



**BÚNIR AÐ BÍÐA LENGI** Grindavík varð í gær Íslandsmeistari í körfubolta karla í fyrsta skipti síðan 1996. Grindavík vann úrslitarimmuna gegn Þór frá Þorlákshöfn, 3-1. Páll Axel Vilbergsson fyrirliði lyftir hér bikarnum í Þorlákshöfn í gær. **Sjá síðu 46.**

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Vinsæll sýndarfótbolti:

## Hart barist á tveimur síðum

**POPP** Hátt í þrjú þúsund manns hafa skráð sig í nýja Fantasy-deild vefsíðunnar Fótbolti.net í tengslum við Pepsi-deildina í sumar.



MAGNÚS MÁR EINARSSON

Aðspurður segir ritstjórinn Magnús Már Einarsson að deildin hafi ekki verið stofnuð til höfuðs vefsíðunni Fantasy-deildin.net sem fór í loftið fyrir skömmu. „Alls ekki. Við erum búnir að stefna að þessu í marga mánuði,“ segir Magnús Már. Ljóst er að hörð samkeppni verður utan vallar sem innan í íslenska boltanum í sumar því rúmlega þrjú þúsund lið eru skráð til leiks á Fantasy-deildin.net.

**- fb /** **sjá síðu 54**

Deloitte segir meðhöndlun gagna hjá Kópavogsbæ hafa verið óásættanlega:

# Skuldir dagaði uppi í læstum skáp

**STJÓRNSÝSLA** Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte segir augljóst að meðhöndlun gagna, sem geymd voru í tilteknum skjalaskáp á bæjarskrifstofum Kópavogs, hafi ekki verið ásættaleg.

Deloitte fékk það verkefni í fyrra að rannsaka ávísanir, tryggingavíxla og skuldabréf úr skjalaskápnum. Komu meðal annars í ljós gamlar ávísanir sem bærinn hafði aldrei innleyst og skuldabréf sem ekki var innheimt. „Skuldabréfið virðist hafa dagað uppi í skjalaskápnum án frekari innheimtuaðgerða,“ segir um eitt skuldabréfið.

Athugunin á skjalaskápnum er upphafspunktur skoðunar á vaxtakjörum sem Guðrún Pálsdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri, naut við lóðakaup í tíð sinni sem fjármálastjóri Kópavogs. Kjörin reyndust sérlega hagstæð.

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri segir gögn um vaxtakjör Guðrúnar fyrst núna á sínu borði. „Ég er að sjálfsögðu að kalla eftir frekari skýringum á þeim og met stöðuna þegar þær liggja fyrir.“ Fyrrverandi formaður bæjarráðs segist ekki draga skýringar Guðrúnar í efa „að svo komnu máli“.

**- gar /** **sjá síðu 4**




NÝ KILJA EFTIR
JAMES PATTERSON
Dramatísk átök og óbærileg spenna
www.forlagid.is




Opið til 21 í kvöld
3.-6. maí
Krakka dagar



## SPURNING DAGSINS



*Andri, er þetta risastökk fyrir tónlistarheiminn?*

„Klárlega. Móðurskipið er lent.“

Andri Ólafsson og félagar hans í hljómsveitinni Moses Hightower gáfu nýlega út lagið „Stutt skref“.

Obama kom óvænt til Afganistans í fyrrinótt til að undirrita samstarfssamning:

# Lofar aðstoð við uppbyggingu

**AFGANISTAN, AP** Sjö manns fórust í sprengjutilræði í Kabúl í fyrradag, stuttu eftir að Barack Obama Bandaríkjaforseti hafði flutt sjónvarpsávarp frá bandarískri herstöð í Afganistan þar sem hann lofaði því að „ljúka þessu stríði af ábyrgð.“

Obama kom til Afganistans í fyrrinótt, án þess að tilkynnt væri um það fyrir fram, í þeim tilgangi að undirrita samkomulag við þarlend stjórnvöld. Þetta samkomulag á að gilda til ársins 2024 og felur í sér að Bandaríkjamenn lofa aðstoð við efnahagsþróun og uppbyggingu stjórnsýslu landsins eftir að nærri níutíu þúsund manna herlið þeirra fer þaðan.

Sjónvarpsávarp Bandaríkjaforseta í Afganistan var tímasett þannig, að bein útsending yrði á besta áhorfstíma í Bandaríkjunum. Obama mun á næstu dögum hefja form kosningabaráttu sína gegn Mitt Romney. Enda beindi Obama orðum sínum beint að bandarískum kjósendum: „Nú þegar við losnum undan áratug stríðsátaka erlendis og efnahagskreppu heima fyrir, þá er kominn tími til að endurnýja Bandaríkin.“ - gb



**BANDARÍKJAFORSETI Í AFGANISTAN** Barack Obama flutti sjónvarpsávarp sitt til Bandaríkjanna frá Bagram-herstöðinni í Afganistan. NORDICPHOTOS/AFP

Íslandsstofa kannar ný mið:

## Fuglaskoðun til tals á ráðstefnu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Íslandsstofa kannar um þessar mundir áhuga fyrirtækja, sem annast þjónustu við fuglaskoðara, á þátttöku í sýningunni Birdfair í ágúst. Markmiðið með þátttöku Íslands er að kynna landið sem áfangastað til fuglaskoðunar fyrir erlendum fuglaáhugamönnum.

Rúmlega 20 þúsund manns sækja sýninguna heim á ári hverju og sýnendur, um 300 talsins, koma víða að úr heiminum.

Þetta er í fjórða sinn sem Íslandsstofa skipuleggur þátttöku í sýningunni. - shá

Stjórnarandstaðan tapar fylgi:

## Ríkisstjórnin mælist með 31%

**SKOÐANAKÖNNUN** Stuðningur við ríkisstjórnina hefur aukist um þrjú prósentustig frá fyrri mánuði og mælist nú 31 prósent, að því er kom fram í frétt RÚV í gærkvöldi. Þetta er niðurstaða nýs þjóðarpúls Gallups.

Stjórnarflokkarnir hafa báðir aukið fylgi sitt lítillega. Samfylkingin mælist með 18,7 prósent og Vinstri græn með 11,5 prósent.

Í frétt RÚV kom fram að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn tapa báðir fylgi frá síðustu könnun. Sjálfstæðisflokkurinn er með 37 prósenta fylgi en 12,5 prósent styðja Framsóknarflokkinn. 5,6 prósent styðja Bjarta framtíð, 5,4 prósent styðja Dögun og 6,9 prósent styðja Samstöðu.

5.400 voru í úrtaki Gallup, svarhlutfallið var tæp 62 prósent. - shá

Færri halda heimilisbókhald:

## Fjármálalæsi á Íslandi hrakar

**EFNAHAGSMÁL Íslendingar hafa minni þekkingu á fjármálum nú en árið 2008, samkvæmt nýrri rannsókn Stofnunar um fjármálalæsi.**

**Rannsóknin var gerð á síðasta ári. Þátttakendur voru spurðir nítján spurninga sem reyndu á almenna þekkingu á fjármálum. Þegar þær spurningar sem voru samanburðarhæfar á milli áranna 2011 og 2008 eru skoðaðar sést að nú svaraði fólk að meðaltali 47 prósentum spurninganna rétt, samanborið við 53 prósent árið 2008.**

**Meðal annarra niðurstaðna rannsóknarinnar er að mun færri halda nú heimilisbókhald en 2008. Hlutfallið er nú 24,1 prósent, samanborið við 37,3 prósent þá.** - sh

# Í varðhaldi grunaður um grófa misnotkun

**Rúmlega fertugur maður hefur setið í gæsluvarðhaldi í sex vikur grunaður um alvarleg kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni. Brotin eiga að hafa staðið í um áratug. Vægari brot gegn dóttur mannsins og þriðju stúlkunni til rannsóknar.**

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega fertugur karlmaður af Suðurnesjum hefur setið í gæsluvarðhaldi í um sex vikur grunaður um að hafa beitt stjúpdóttur sína grófu kynferðisofbeldi með reglulegu millibili um margra ára skeið.

Jafnframt hafa verið til rannsóknar möguleg brot mannsins gegn dóttur sinni og jafnvel þriðju stúlkunni til viðbótar, sem einnig tengdist honum fjölskylduböndum.

Maðurinn var handtekinn rúmri viku fyrir páska eftir að lögreglunni á Suðurnesjum barst kæra á hendur honum fyrir gróft ofbeldi gegn stjúpdótturinni og vægari brot gegn dóttur hans, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Stjúpdóttirin, sem nú er rúmlega tvítug, hafði greint móður sinni frá ofbeldinu og kvað það hafa staðið með hléum í um áratug.

Í kjölfarið sagði dóttir þeirra, sem er á unglingastigi í grunnskóla, frá því að maðurinn hefði leitað á hana. Sögunum fylgdi að hann hefði hótað þeim lífláti segðu þær móður sinni eða öðrum frá brotunum.

Samkvæmt heimildum blaðsins áttu brotin sér flest stað þegar móðirin var fjarstödd vegna næturvinnu. Síðustu brotin gegn stjúpdótturinni munu hafa verið framin einni viku áður en maðurinn var handtekinn.

Þá hefur, sem áður segir, kviknað grunur um vægari brot gegn þriðju stúlkunni, sem um skeið var tengd inn í fjölskylduna.

Maðurinn var fyrst úrskurðaður í gæsluvarðhald til einnar viku. Það hefur síðan í þrígang verið framlengt. Maðurinn var síðast leiddur fyrir Héraðsdóm Reykjaness í gær og þar kvað dómari upp þann úrskurð að maðurinn skyldi sæta varðhaldi til loka maímánaðar vegna almannahagsmuna.

Dóttir mannsins og stjúpdóttir hafa þegið aðstoð frá fagfólki vegna málsins, meðal annars hjá Stígamótum.

Lögreglan á Suðurnesjum verst fregna af málinu. Þar fékkst lítið sem ekkert gefið upp um það annað en staðfesting á því að maður sæti í gæsluvarðhaldi grunaður um kynferðisbrot. stigur@frettabladid.is




**LÖGREGLUSTÖÐIN Á SUÐURNESJUM** Málið hefur verið til rannsóknar hjá lögreglunni á Suðurnesjum í hálfan annað mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FARIÐ ÚR LANDI** Borðið sem var notað í þriðju skákinni 1972 var selt úr landi í fyrra.

Einvígi Fishers og Spasskí:

## Meðferð muna rannsökuð af SÍ

**ÞJÓÐMINJAR Skáksamband Íslands harmar í yfirlýsingu að munir tengdir heimsmeistaraeinvígi Borís Spasskís og Bobby Fischers í skák árið 1972, eða einvígi aldarinnar, séu seldir úr landi. Vísar SÍ til þess að til stendur að selja einvígisborð í einkaeign úr landi.**

**Stjórn SÍ hefur ákveðið að skipa nefnd sem rannsakar hvað varð um muni tengda einvígi Fischers og Spasskís, og hvernig sölu og varðveislu þeirra var háttað í kjölfar einvígisins. Reynt verður að kortleggja hvar munirnir eru niður komnir í eitt skipti fyrir öll.**

**SÍ hvetur jafnframt þá sem hafa verðmæta muni tengda einvíginu að hafa samband við skrifstofu sambandsins.** - shá

Bruni í Bláskógabyggð:

## Sumarbústaður eyðilagðist í eldi

**BRUNI** Sumarbústaður í Efstadalsskógi í Laugardal í Bláskógabyggð stórskemmdist í bruna síðdegis í gær. Allt tiltækt slökkvilið frá Reykholti og Laugarvatni var kallað á staðinn, eftir því sem fram kemur á fréttavefnum dfs. is. Að auki var sjúkra- og lögreglulið sent frá Selfossi.

Bústaðurinn var mannlaus þegar eldurinn kom upp en nágrannar gerðu viðvart.

Allir innanstokksmunir brunnu til kaldra kola.




Nýdæmdur Outlaws-maður dreginn fyrir dóm vegna líkamsárásar:

# Ákærður fyrir árás með járnröri

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært Guðna Guillermo Gorozpe, 33 ára, fyrir að hafa við annan mann ráðist á mann vopnaður járnröri og barið hann í fætur og höfuð. Þolandinn hlaut þrjá skurði á höfði, tognaði á hné og hlaut ofreynsluáverka. Guðni er einn ákærður þar sem rannsókn leiddi aldrei í ljós hver samverkamaður hans var.

Árásin var framin í fjölbýlishúsi í Hafnarfirði í júlí 2009. Hún er talin varða við lagaákvæði um sérstaklega hættulega líkamsárás, þar sem vopni var beitt við atlöguna. Þolandinn krefst tæpra 1,8 milljóna króna í bætur frá Guðna, sem tók sér frest til að taka afstöðu til ákærunnar.

Guðni er tengdur vélhjólasamtökunum Outlaws og hefur áður komið við sögu lögreglu. Hann hlaut síðast tveggja ára óskilorðsbundinn fangelsisdóm í lok febrúar fyrir hrottafengna árás á grískan ferðamann í miðbæ Reykjavíkur í maí 2010. Ferðamaðurinn svipti sig síðar lífi og heldur móðir hans nú á lofti skaðabótakröfu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Guðna og hinum árásarmönnunum tveimur.

Árið 2007 var Guðni dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir alvarlega líkamsárás, og auk þess að leggja á ráðin um skotárás á heimili í Hafnarfirði og að reyna seinna að kveikja í húsinu með eldsprengju. Hann hefur jafnframt fengið dóma fyrir vægari líkamsárásir og brot gegn valdstjórninni. - sh



**FORÐAST SVIÐSLJÓSIÐ** Guðni faldi sig á bak við staðfestingu frá Europol á andláti gríska ferðamannsins í héraðsdómi fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

husa.is

# STRÍÐ GEGN MOSA

## GARÐVÖRUR Á LÆGRA VERÐI



**MIKIÐ ÚRVAL**

**Laufhrífa verð frá:** 999kr.



**Garðhanskar verð frá:** 199kr.



Casoron
eyðir illgresi
3.490kr.
~~3.790kr.~~

### Áhaldaleiga Húsasmiðjunnar
um land allt

Þú færð réttu verkfærin í Áhaldaleigu Húsasmiðjunnar

- sláttuvélar
- mosatætarar
- hekkklippur

og margt fleira





Mold 10 ltr.
399kr.
~~499kr.~~



Mosaeyðir
3.390kr.
~~3.995kr.~~

## GÓÐ RÁÐ GEGN MOSA

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni
2. Berum grasáburð á grasflötina
3. Berum turbokalk á grasflötina
4. Sáum grasfræi í sárin
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur

Mosa úr grasflöt má einnig útrýma með Mosaeyði. Hann inniheldur járnvítríól og er leystur upp í vatni og vökvað yfir grasflötina samkvæmt leiðbeiningum á umbúðunum.

**Nánari upplýsingar veita sérfræðingar okkar í verslunum Blómavals.**




Grasfræ 1 kg
1.299kr.
~~1.699kr.~~




Garðablámi 10 kg
1.990kr.
~~2.399kr.~~

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## GENGIÐ 02.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,29 | 125,89 |
| Sterlingspund | 202,93 | 203,91 |
| Evra | 164,68 | 165,6 |
| Dönsk króna | 22,136 | 22,266 |
| Norsk króna | 21,75 | 21,878 |
| Sænsk króna | 18,518 | 18,626 |
| Japanskt jen | 1,5594 | 1,5686 |
| SDR | 193,67 | 194,83 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
226,731

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Leigusamningur Huang Nubo á Grímsstöðum lagður fyrir ríkisstjórn á morgun:

# Fær Grímsstaði á leigu í 40 ár

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Huang Nubo fær Grímsstaði á Fjöllum á leigu til 40 ára samkvæmt samningi sem lagður verður fyrir ríkisstjórn á föstudag. Lagt er til að hlutafélag í eigu sveitarfélaga á Norður- og Austurlandi kaupi jörðina. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV í gærkvöld.

Atvinnuþróunarfélögin í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu hafa skilað útfærslu á því með hvaða hætti sveitarfélög á Norður- og Austurlandi geti eignast land á Grímsstöðum á Fjöllum í því skyni að leigja það kínverska fjárfestinum Huang Nubo. Meðal þess sem lagt er til er að íslenskt félag Huangs Nubo leigi landið til 40 ára og greiði leigufé fyrirfram. Kaup sveitarfélaganna á landinu verði þannig fjármögnuð með fyrirframgreiddri leigu, að því er segir í frétt RÚV.

Huang Nubo hugðist kaupa Grímsstaði fyrir tæplega 860 milljónir króna á sínum tíma, en var synjað um kaupin af stjórnvöldum.

Í heildina er áætlað að fjárfestingar Huangs Nubo verði um 20 milljarðar króna og skapi 400 til 600 störf. - shá



**FÆR GRÍMSSTAÐI** Huang Nubo ætlar að fjárfesta fyrir milljarða og skapa mörg hundruð störf í leiðinni. NORDICPHOTOS/AFP

Átök Suður-Súdan og Súdan:

# Skipað að láta af stríðsátökum

**SÞ** Öryggisráð Sameinuðu Þjóðanna samþykkti í gær ályktun þar sem Súdan og Suður-Súdan er gert að hætta stríðsátökum á næstu tveimur sólarhringum, annars verði gripið til refsiaðgerða gegn löndunum.

Átökin hafa harðnað mjög á undangengnum mánuðum og óttast margir að allsherjarstríð eigi eftir að brjótast út.

Þá lýsti Öryggisráðið yfir stuðningi við friðaráætlun Afríkusambandsins vegna átakanna á landamærum landanna.



**Á STRÖNDINNI Í KANADA** Eftir að gámnum skolaði á haf út aftur varð hjólið eftir og hálfgrófst niður í sandinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vélhjól týndist í flóðbylgju:

# Rak frá Japan til Kanada

**KANADA, AP** Vélhjól af gerðinni Harley Davidson rak í hálfopnum gámi yfir hafið frá Japan til Kanada, þar sem það fannst nýverið.

Hjólið var í geymslu í litlum flutningagámi í Japan þegar jarðskjálftinn mikli reið þar yfir 11. mars á síðasta ári. Gámnum skolaði á haf út með stóru flóðbylgjunni sem lagði mikinn hluta norðausturstrandar Japans í rúst.

Það var Kanadamaðurinn Peter Mark sem fann gáminn á strönd Kanada og tók eftir vélhjólinu. Nokkru síðar skolaði gámnum aftur út á haf en vélhjólið varð eftir.

Eigandi hjólsins í Japan, Ikuo Yokoyama, varð heldur betur feginn þegar fréttist af fundinum, en hjólið er reyndar illa farið og mikið ryðgað. - gb

## LEIÐRÉTT

Í umsögn gagnrýnanda um leikritið Svar við bréfi Helgu í Fréttablaðinu 1. maí féll út ein stjarna. Sýningin átti að fá fjórar stjörnur. Beðist er velvirðingar á þessu.

# Skýringa leitað í máli fyrrum fjármálastjóra

**Verðbréf dagaði uppi óinnheimt í læstum skjalaskáp hjá Kópavogsbæ. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri leitar skýringa á kjörum sem Guðrún Pálsdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri, naut við lóðakaup er hún var fjármálastjóri bæjarins.**

**KÓPAVOGUR** „Ég er að sjálfsögðu að kalla eftir frekari skýringum á þeim og met stöðuna þegar þær liggja fyrir," segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, um vaxtakjör sem Guðrún Pálsdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri naut vegna lóðakaupa af bænum í fjármálastjóratíð sinni.

Ármann segist fyrst nú hafa fengið gögn um vaxtakjörin á sitt borð og undirstrikar að upplýsingarnar hafi verið teknar saman að beiðni Guðríðar Arnardóttur, þáverandi formanns bæjarráðs, í byrjun ágúst í fyrra.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Guðrún fékk hagstæðari vexti en tíðkuðust hjá bænum á 2,6 milljóna króna skuldabréfum sem gefin voru út 1996 vegna lóðakaupa. Einnig að hún borgaði ekki vexti af um 1,1 milljóna króna gatnagerðargjöldum sem hún greiddi upp á árunum 1999 til 2002. Skýrði hún vaxtakjörin á skuldabréfunum sem „mannleg mistök" og vaxtaleysið á gatnagerðargjöldunum sem bætur fyrir tafir vegna deiliskipulagsbreytinga.

Haft var eftir Guðríði Arnardóttur í Fréttablaðinu í gær að meðal annars þessi mál Guðrúnar hafi orðið til þess að Samfylkingin hafi ekki lengur stutt hana til setu í bæjarstjórastólnum.

„Ég hef engar forsendur til að draga þessar skýringar í efa að svo komnu máli," segir Guðríður þó nú um skýringar Guðrúnar. „En enn sem fyrr er ég þeirrar skoðunar að málið þurfi að skoða miklu betur og meðal annars fara rækilega



# Fjármálastjóri í Kópavogi á sérkjörum við lóðakaup

**Guðrún Pálsdóttir, sem hætti sem bæjarstjóri í Kópavogi í febrúar, fékk í tíð sinni sem fjármálastjóri bæjarins vaxtalaust lán fyrir gatnagerðargjöldum og hagstæðari vaxtakjör en aðrir vegna kaupa á einbýlishúsalóð.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Guðrún Pálsdóttir, sem lét af störfum sem bæjarstjóri Kópavogs í febrúar, naut í tíð sinni sem fjármálastjóri bæjarins sérkjara umfram aðra við lóðakaup.

Eftir athugun sem endurskoðunarfyrirtækið Deloitte var í fyrrasumar fengið til að gera á innihaldi peningaskáps sem steyptur er í vegg á bæjarskrifstofunum í Kópavogi komu meðal annars í ljós fjögur skuldabréf vegna kaupa Guðrúnar og eiginmanns hennar á einbýlishúsalóð í Jöklalind 5. Bréfin, sem dagsett eru 27. desember 1996, voru upp á samtals 2.586.400 krónur. Vextir, sem ekki byrjuðu að reiknast fyrr en 18. febrúar 1997, voru 6,0 prósent auk verðtryggingar. Aðrir í sömu stöðu greiddu 6,75 til 6,85 prósent í vexti af sínum skuldabréfum vegna lóðakaupa af bænum.

**Mannleg mistök og tafir á framkvæmdum**

Guðrún Pálsdóttir segist enga skýringu sjá á lægri vöxtum á skuldabréfunum aðra en að um mannleg mistök hafi verið að ræða. „Því miður veitti ég þessu ekki athygli þegar við skrifuðum undir bréfin. Enda kom þetta mér í opna skjöldu nú 15 árum síðar." Spurð hver hafi tekið ákvörðun um að innheimta ekki vexti af gatnagerðargjöldum, segir hún að vegna deiliskipulagsbreytinga hafi framkvæmdir við hús hennar tafist úr hófi og „því var gert samkomulag við yfirboðara mína um greiðslufyrirkomulag á viðbótargjöldunum."

Aðspurð hvort þetta hafi verið venjulegt vinnulag segir Guðrún: „Breytingar af hálfu bæjarins sem skapa tafir hjá lóðarhöfum um lengri tíma hafa ætíð leitt til niðurfellingar vaxta. Og oft skaðabótakrafna af hálfu lóðarhafa." Guðrún segist ekki telja að hún hafi notið kjara, sem öðrum stóðu ekki til boða. Aðspurð hvort hún hafi gefið bæjarfulltrúum skýringar á málinu segir hún: „Fyrrverandi meirihluti skoðaði málið með mér og öðrum embættismönnum."

Síðar kom í ljós við nánari könnun sem Guðríður Arnardóttir, þáverandi formaður bæjarráðs, lét gera að Guðrún borgaði þess utan enga vexti af 1.105.265 króna gatnagerðargjöldum. Engin sambærileg dæmi fundust. Upphæðina greiddi Guðrún á þremur árum – frá því í nóvember 1999 þar til í nóvember 2002.

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Fyrrverandi bæjarstjóri segir mannleg mistök hafa leitt til að hún fékk hagstæðari vaxtakjör en aðrir vegna lóðakaupa er hún var fjármálastjóri hjá Kópavogsbæ.

ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

yfir það í hvaða tilfellum heimildir til niðurfellinga vaxta voru veittar og þá af hverjum."

Upphafspunktur skoðunarinnar á kjörum Guðrúnar Pálsdóttur í lóðaviðskiptunum var í læstum skjalaskápi á bæjarskrifstofunum. Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte var ráðið í fyrra til að kanna skjöl úr skápnum sem er steyptur inn í vegg í opnu rými á skrifstofu bæjarins.

„Einn lykill er til að skápnum sem er tvískiptur, annar hlutinn er geymdur inni á skrifstofu fjármálastjóra og hinn í skjalageymslu bæjarins. Margir starfsmenn vita af þessari ráðstöfun og hafa þannig hugsanlega aðgang að skápnum en enginn ætti að fara í skápinn nema með vitneskju fjármálastjóra," segir í skýrslu Deloitte.

Endurskoðunarfyrirtækið rannsakaði ávísanir, tryggingavíxla og skuldabréf úr skjalaskápnum. Komu meðal annars í ljós um og yfir tíu ára gamlar ávísanir sem bærinn hafði aldrei innleyst. Ólag virtist á ýmsum verðbréfum. „Skuldabréfið virðist hafa dagað uppi í skjalaskápnum án frekari innheimtuaðgerða," segir sem dæmi um 911 þúsund króna skuldabréf frá því á árinu 2002.

„Teljum við augljóst að sú meðhöndlun á gögnum sem hér hefur verið lýst er ekki ásættanleg," segir Deloitte sem leggur til að um slík viðskipti verði settar skýrar og samræmdar reglur og farið sé að öllu leyti eftir þeim reglum.

gar@frettabladid.is



**ÁRÁSARMÖNNUM SVARAÐ MEÐ GRJÓTI** Spenna fer vaxandi nú þegar styttist í forsetakosningar. NORDICPHOTOS/AFP

Átök brutust út í Kaíró:

# Ráðist á hóp mótmælenda

**EGYPTALAND, AP Átök brutust út í Kaíró í gær eftir að ráðist var á hóp mótmælenda fyrir utan varnarmálaráðuneytið þar í borg. Þrjár vikur eru til forsetakosninga í landinu.**

**Mótmælendurnir eru múslimskir andstæðingar herforingjanna, sem farið hafa með völd síðan að Mubarak forseti hraktist frá völdum snemma á síðasta ári.**

**Þeir fullyrða að árásarmennirnir hafi verið sendir út á vegum herforingjastjórnarinnar eða stuðningsmanna hennar.** - gb

Klakkur á Grundarfirði:

# Drógu strandveiðibát í land

**ÖRGGISMÁL** Björgunarsveitin Klakkur á Grundarfirði var kölluð út á níunda tímanum í gærmorgun vegna smábáts sem fengið hafði í skrúfuna. Báturinn var staddur rétt utan við Grundarfjörð og var einn maður um borð. Björgunarsveitin sótti bátinn og dró hann til hafnar. Veður var gott og ekki talin mikil hætta á ferðum.

Búist er við nokkru annríki hjá björgunarsveitum Landsbjargar á næstu dögum vegna strandveiðanna sem hófust í gær. Reynslan sýnir að á meðan á þeim stendur þurfa fjölmargir að aðstoð að halda. - shá





OPINN FUNDUR: Föstudaginn 4. maí frá kl. 12 til 13 í stofu 101 í Odda.
Egill Þór Níelsson heldur erindi um starfsemi og framtíðarsýn Heimskautastofnunar Kína er varðar rannsóknir á norðurslóðum. Einnig fjallar hann um möguleika Íslands og Kína til samstarfs. Fundurinn fer fram á ensku.



Egill Þór Níelsson

北极光孔子学院 KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS
ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNARSETUR UM SMÁRÍKI


## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

**BJARTIR DAGAR**
eru framundan og vindur verður hægur enda hæð yfir landinu. Sunnan til verður þokkalega milt en svalara annars staðar og á Norðausturlandi má búast við vægu frosti á laugardag. Ekki lítur út fyrir miklar breytingar á veðri fyrr en eftir helgi.



Á MORGUN
Strekkingur með A-strönd annars hægur vindur.

LAUGARDAGUR
Strekkingur með A-strönd annars hægur vindur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 12° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 20° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 15° |
| París | 17° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

TM Software Applicon

**Betri lausnir í 20 ár**
1992-2012



Starfsfólk Nýherja, 20 ára.

# Nýjar lausnir – nýir tímar

## Afmælisráðstefna Nýherja og dótturfélaga með fyrirlesurum frá Gartner, IBM og SAP á Hilton Reykjavik Nordica, í dag kl. 13-17

### Dagskrá

- 13:00-13:10 **Nýherji í 20 ár.** Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja.
- 13:10-14:00 **Framtíðin í UT.** David Norton, Research Director, Gartner.
- 14:00-14:15 **Kaffihlé og skipting í tvo þræði.**

### Salur A
### Hagræðing í rekstri

- 14:15-14:45 **Leiðin að „Lean fyrirtæki" með Atlassian lausnum.** Pétur Ágústsson, hópstjóri, TM Software.
- 14:50-15:20 **Öruggari notkun snjalltækja.** Guðmundur A. Þórðarson, lausnaráðgjafi, Nýherji.
- 15:20-15:40 **Kaffihlé.**
- 15:40-16:10 **Viltu einfalda áætlanagerð og uppgjör?** Kjartan J. Bendtsen, SAP Ráðgjafi, Applicon.
- 16:15-16:45 **Snjalllausnir með SAP.** Peter von Linstow, Solution Center Mobility Specialist, SAP.

### Salur B
### Sóknarfæri með nýrri tækni

- 14:15-14:45 **Með vefinn í vasanum.** Soffía Þórðardóttir, hópstjóri, TM Software.
- 14:50-15:20 **Leiðir til hraðari ákvarðanatöku.** Thomas Madsen, SAP Solution Advisor, SAP.
- 15:20-15:40 **Kaffihlé.**
- 15:40-16:10 **Tölvuský - hámörkun ávinnings, lágmörkun áhættu.** Helgi Björgvinsson, lausnaráðgjafi, Nýherji.
- 16:15-16:45 **Plug and Play með IBM PureSystems netþjónum.** Torben Skov, NGP Platform Leader, IBM Denmark.

- 16:45 **Léttar veitingar í boði fyrir gesti.**
- 18:00 **Ráðstefnulok.**




Nýherji er 20 ára á árinu 2012. Af því tilefni blásum við til afmælisráðstefnu þar sem lögð er áhersla á lausnir sem skapa hagræðingu í rekstri og þau sóknarfæri sem felast í tilkomu nýrrar tækni. Þátttaka er án endurgjalds, en skráning fer fram á **nyherji.is**.

NÝHERJI
BETRI LAUSNIR

Nýherji hf. Sími 569 7700 Borgartúni 37 Akureyri nyherji.is

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú búin(n) að vígja grillið þetta sumarið?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 56,4% |
| NEI | 43,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að strandveiðarnar eigi rétt á sér?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Íslensk, rússnesk og færeysk skip á kolmunnaveiðum suður af Færeyjum:

# Helmingur kolmunnans á land

**SJÁVARÚTVEGUR** Íslenski flotinn hafði í gær veitt rúmlega 35 þúsund tonn af kolmunna af rúmlega 60 þúsund tonna kvóta, samkvæmt aflastöðulista Fiskistofu. Alls hafa fimmtán skip aflaheimildir sem gefa tilefni til veiða, eða frá tveimur til sex þúsunda tonna.

Í frétt á heimasíðu HB Granda kemur fram að skip fyrirtækisins séu í síðustu veiðiferðum ársins. Faxi RE landaði 1.500 tonnum á Vopnafirði um helgina en fyrir veiðiferðina voru eftirstöðvar kolmunnakvóta skipa HB Granda um 2.500 tonn en heildaraflinn á vertíðinni stóð þá í rúmum 10 þúsund tonnum. Að sögn skipstjórans á Faxa hefur veiðisvæðið færst norðar síðustu dagana en frá þeim stað sem Faxi lauk veiðum er um 35 til 38 tíma sigling til Vopnafjarðar þar sem skipið landar.



**FAXI RE** Það gengur hratt á 60 þúsund tonna kolmunnakvóta Íslendinga. MYND/HB GRANDI

Nokkur fjöldi skipa er á kolmunnaveiðum suður af Færeyjum. Mest er um rússnesk skip en þar eru einnig færeysk skip og nokkur íslensk skip, og þá aðallega skip þar sem aflinn er unninn um borð. **- shá**

Stjórnvöld á EES-fundi:

# Segja aðgerðir brjóta reglur

**UTANRÍKISMÁL Fyrirhugaðar viðskiptaþvinganir ESB í deilu um makrílveiðar brjóta í bága við alþjóðalög, þar á meðal EES-samninginn. Svo hljóðar yfirlýsing sem fulltrúar íslenskra stjórnvalda lögðu fram á fundi Sameiginlegu EES-nefndarinnar í gær. Sjávarútvegsnefnd Evrópuþingsins hefur lagt til að bann verði lagt við löndun á fiski frá ríkjum sem stunduðu ósjálfbærar fiskveiðar að þess mati, en það segja íslensk stjórnvöld að stríði gegn reglum. - þj**




# Segist óttast um líf fjölskyldu sinnar

**Kínverski andófsmaðurinn Chen Guangcheng yfirgaf bandaríska sendiráðið í Peking eftir að honum bárust hótanir frá kínverskum embættismönnum um að fjölskylda hans væri annars í lífshættu. Hann var fluttur á sjúkrahús í Peking.**

**KÍNA, AP** „Ég er frjáls. Ég hef fengið örugga fullvissu," sagði kínverski andófsmaðurinn Chen Guangcheng að sögn lögfræðings síns þegar hann fór út úr sendiráði Bandaríkjanna í Peking.

Í viðtali við AP-fréttastofuna sagðist hann þó vera hræddur um líf fjölskyldu sinnar. Úrslitum hefði ráðið þegar starfsmenn bandaríska sendiráðsins sögðu honum að eiginkona hans, móðir og börn yrðu flutt aftur til heimabæjar þeirra, Shandong, þar sem líf þeirra kynnu að vera í hættu.

„Þeir sögðu að ef ég færi ekki yrðu börn mín og fjölskylda flutt aftur til Shandong," sagði hann á sjúkrahúsinu sem hann var fluttur á eftir að hann yfirgaf sendiráðið.

Það var Gary Locke, sendiherra Bandaríkjanna í Kína, sem fylgdi Chen á sjúkrahúsið, þar sem gera átti að meiðslum sem Chen hlaut þegar hann flúði úr stofufangelsi í Shandong í síðustu viku.

Á sjúkrahúsinu hitti hann aftur fjölskyldu sína.

Bandarískir embættismenn fullyrða að kínversk stjórnvöld hafi samþykkt að leyfa Chen og fjölskyldu hans að flytja á öruggan stað í Kína, þar sem hann gæti lagt stund á háskólanám.

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem er í opinberri heimsókn í Kína, segir að grannt verði fylgst með því hvort kínversk stjórnvöld standi við þessi loforð.

Hún segir hins vegar að Chen hafi sjálfur kosið að vera áfram í Kína, úr því hann hafi fengið fullvissu fyrir því að öryggi hans og fjölskyldu hans verði tryggt.

„Þetta er í samræmi við hans val og gildismat okkar," sagði Clinton í yfirlýsingu í gær.

Á hinn bóginn hafa kínversk stjórnvöld krafið Bandaríkjamenn um afsökunarbeiðni og rannsókn á því hvernig Chen hafi komist inn í sendiráð Bandaríkjanna. Þeir sem þar eigi hlut að máli verði dregnir til ábyrgðar.

„Það sem Bandaríkjamenn hafa gert er íhlutun í innanríkismálefnum Kína, og Kínverjar munu aldrei fallast á það," segir í yfirlýsingu frá Liu Weimin, talsmanni kínverska utanríkisráðuneytisins.

Chen sat fjögur ár í fangelsi fyrir sakir sem stuðningsmenn hans segja upplognar. Hann hafði vakið athygli á mannréttindabrotum í tengslum við þá stefnu stjórnvalda að enginn megi eignast fleiri en eitt barn.

Eftir að hafa afplánað dóminn var hann hafður í stofufangelsi ásamt eiginkonu sinni, móður og dóttur og segir þau öll hafa sætt harðræði og áreitni af hálfu stjórnvalda. **gudsteinn@frettabladid.is**



**KOMINN Á SJÚKRAHÚS** Chen segir að sér hafi verið sagt að kínverskir embættismenn myndu drepa eiginkonu hans ef hann yfirgæfi ekki bandaríska sendiráðið. NORDICPHOTOS/AFP

> Þeir sögðu að ef ég færi ekki yrðu börn mín og fjölskylda flutt aftur til Shandong."
>
> **CHEN GUANGCHEN**
> ANDÓFSMAÐUR




Aung San Suu Kyi sest á þing í Búrma eftir áratugabaráttu við stjórnvöld:

# Berst fyrir breytingum áfram

**BÚRMA, AP** Aung San Suu Kyi, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Búrma, tók í gær sæti á þjóðþingi landsins og sór eið að stjórnarskránni ásamt félögum sínum, sem unnu sigur í aukakosningum í byrjun síðasta mánaðar.

„Við þurfum að starfa innan þings núna og utan líka alveg eins og við höfum alltaf gert," segir Suu Kyi og heitir því að halda ótrauð áfram baráttu sinni fyrir lýðræðisumbótum.

Hún hóf baráttu sína gegn herforingjastjórn landsins strax árið 1988 og hefur fyrir vikið setið í fangelsi eða stofufangelsi í samtals fimmtán ár á tímabilinu frá 1989 til 2010.

Herforingjastjórnin hefur breytt um stefnu og sýnir stjórnarandstæðingum ekki lengur þá hörku sem áður tíðkaðist. Fjölmörgum samviskuföngum hefur verið sleppt úr haldi og fjölmiðlar hafa fengið meira frelsi en áður.

Fyrir vikið hafa flest helstu ríki heims fallið frá refsiaðgerðum og boðað samstarf við herforingjastjórnina í Búrma, í von um að styðja við lýðræðisþróun í landinu.

Óvíst er þó hvort herforingjarnir hafi í reynd áhuga á að gefa eftir völd sín. Sumir stjórnmálaskýrendur telja stjórnvöld fyrst og fremst vilja losna við refsiaðgerðir og vonist til þess að stjórnarandstaðan muni leggja blessun sína yfir núverandi stjórnfyrirkomulag. **- gb**



**SVER EMBÆTTISEIÐINN** Suu Kyi heitir því að verja stjórnarskrána ásamt öðrum þingmönnum. NORDICPHOTOS/AFP

RAKATAP HÚÐARINNAR ER 4 SINNUM MEIRA Á NÓTTUNNI

# AQUASOURCE NÆTURKREM

## Gefur 15 klst.[1] djúpvirka rakagjöf í einum dropa

NÝTT




LÍFFRÆÐILEG STAÐREYND

Rakatap húðarinnar er allt að meira á nóttunni en á daginn. 4x

UPPGÖTVUN BIOTHERM

Örveran P. Antartica sem lifir í jökulvatni á Suðurskautslandinu getur varðveitt lífsnauðsynlegt vatn.
Í Aquasource Nuit er seyði úr örverunni sem gerir húðinni[2] kleift að byggja upp raka húðarinnar.

SJÁANLEGUR ÁRANGUR[3]

Meiri ljómi 83%
Fallegri áferð húðar 84%
Aukinn teygjanleiki 92%

RÍKT EINS OG MASKI
FERSKT EINS OG HLAUP[4]



www.biotherm.com

BIOTHERM

1) Instrumental test, 23 konur, 2) Próf in vitro 3) Neytendapróf, % sem var sammála, 135 konur, 14 dagar.
4) Samanburður við Aquasource maska.

# BIOTHERM BOMBA Í HAGKAUP

## Kringlunni, Smáralind, Holtagörðum, Spönginni, Garðabæ, Selfossi og Akureyri 3. til 9. maí.

**Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 6.900 krónur eða meira.**

~ Nýja Aquasource næturkremið 20 ml

~ Aquasource dagkrem 5 ml

~ Aquasource augngel með stálrúllu 4 ml

~ Biosource andlitsvatn 125 ml

~ Biocils augnhreinsivökvi 30 ml

~ Eau de Paradis body lotion 75 ml




**Verðmæti kaupaukans 10.500 kr.**

Einnig aðrar gerðir kaupauka.

*Gildir meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Undir hvaða nafni kemur tónlistarmaðurinn Sveinbjörn Thorarensen fram?*

**2.** *Hvað heitir fyrrverandi bæjarstjóri Kópavogs sem áður var fjármálastjóri og hefur fengið nýja sviðsstjórastöðu?*

**3.** *Hvað mega tólf ára börn vera lengi úti á kvöldin samkvæmt útivistartíma sem tók gildi um mánaðamótin?*

**SVÖR**

**1.** *Hermigervill.* **2.** *Guðrún Pálsdóttir.* **3.** *Til klukkan tíu að kvöldi.*

Saksóknari telur að sakfella hefði átt Geir fyrir vanrækslu en telur að breyta þurfi lögum um Landsdóm:

# Sammála um að Alþingi eigi ekki að ákæra

**LANDSDÓMUR** Frummælendur á opnum fundi um Landsdómsmálið í Háskóla Íslands í gær voru sammála um að endurskoða þyrfti lögin um Landsdóm og að ákæruvaldið ætti ekki heima hjá Alþingi.

Róbert R. Spanó, forseti lagadeildar HÍ, rökstyður það meðal annars með því að mikilvægt sé að fagleg, lögfræðileg sjónarmið og yfirvegað mat á málavöxtum liggi til grundvallar ákvörðun um ákæru í málum.

Sigríður Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari og fyrrverandi saksóknari Alþingis, sagðist telja að Landsdómur hefði átt að sakfella Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu, eða brot á 141. grein almennra hegningarlaga. Hún er ósammála niðurstöðu dómsins og telur sýknuna ekki byggða á réttum fullyrðingum.

Sigríður ræddi um meðferð málsins og stiklaði á stóru. Hún sagði stóran mun á að vera ríkissaksóknari og svo saksóknari Alþingis, þar sem búið var að gefa út ákæru áður en rannsókn málsins hófst formlega. „Þetta veitti nýja innsýn í lífið og tilveruna og stjórnmálin líka,“ sagði Sigríður.

Friðrik Árni Friðriksson Hirst, aðstoðarmaður Andra Árnasonar, verjanda Geirs, gagnrýndi aðdraganda Landsdóms harðlega í ræðu sinni. Benti hann einkum á að ekki hefði verið tekin skýrsla af Geir fyrr en við réttarhaldið, og bar það saman við meðferð almennra sakamála þar sem saksóknari er sá sem ákvarðar ákæru, en ekki Alþingi.

Öll voru þau sammála um að breyta þyrfti kerfinu sem fyrst og afnema ákæruvald Alþingis. **- sv**



**FUNDAÐ UM LANDSDÓM** Frummælendur voru sammála um að afnema ætti ákæruvald Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vilja hert eftirlit með dýralyfjagjöf og búfjárafurðum

**Yfirdýralæknir segir að skýrsla um eftirlit með dýralyfjum og lyfjaleifum í kjöti og mjólk séu hastarlegri en tilefni sé til. Rafrænt skráningarkerfi er í burðarliðnum. Ofnæmi er helsta hætta vegna lyfjaleifa í mat.**

**LANDBÚNAÐUR** Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) telur að herða þurfi opinbert eftirlit á Íslandi til að tryggja að kjöt og mjólk innihaldi ekki efnaleifar af dýralyfjum. Yfirdýralæknir segir niðurstöður ESA frekar hastarlegar og sumar byggðar á misskilningi, þó sé þar að finna gagnlegar ábendingar sem unnið verði úr. Nýtt rafrænt skráningarkerfi með skráningu dýralyfja og lyfjasölu dýralækna er í burðarliðnum, en það er forsenda þess að unnt verði að sinna lögboðnu eftirliti.

ESA hefur eftirlit með framkvæmd evrópsku matvælalöggjafarinnar hér á landi. Af því tilefni komu fulltrúar stofnunarinnar í eftirlitsheimsókn í desember 2011 til að fara yfir framkvæmd á eftirliti með efnaleifum í dýraafurðum, með sérstakri áherslu á eftirlit með notkun dýralyfja.

Í nýútkominni skýrslu, byggðri á heimsókninni, eru gerðar nokkrar athugasemdir við eftirlitið hér á landi. Helstar eru að dýralæknar gefi ekki út lyfseðla og bændur skorti því upplýsingar um biðtíma frá lyfjagjöf til slátrunar. Eins að sláturhús fái ekki upplýsingar til að tryggja að dýrum, sem hafa verið gefin lyf, sé ekki slátrað áður en biðtími sé liðinn. Eins segir: „stór hluti dýralækna hefur ekki sætt neinu eftirliti stjórnvalda.“

Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, segir hættuna, sem felst í því að lyfjaleifar berist á disk neytenda, helst vera fyrir þá sem eru með ofnæmi fyrir lyfjum, til dæmis pensilíni. Hins vegar séu niðurstöður ESA hastarlegar og sumar hverjar byggðar á misskilningi. „Til dæmis skortir bændur ekki skriflegar upplýsingar um biðtíma. Allar upplýsingar eru skráðar á lyfjaglösin svo bændur vita nákvæmlega hvernig á að fara með þau.“

Halldór segir það rétt að dýraeigendum beri skylda til að tryggja að dýr séu ekki send í sláturhús með lyfjaleifar. Hins vegar geti mistök alltaf átt sér stað. Nýtt skráningarkerfi, HEILSA, muni vonandi koma í veg fyrir þau. Upplýsingar séu skráðar í kerfið og fari yfir í heilsukort gripa sem fylgja þeim í sláturhús. Kerfið hefur þegar verið innleitt fyrir nautgripi og hross. Fundist hafa gripir eftir komu í sláturhús sem voru með lyfjaleifar þegar viðkomandi gögn sem fylgdu þeim voru skoðuð. Afurðum þeirra var hent.

Hvað mjólkina varðar segir Halldór að virkt eftirlit sé með allri mjólk sem berist til afurðastöðvanna og því sem ekki standist skoðun sé hellt niður.

Matvælastofnun og Lyfjastofnun hafa þegar hafið úrvinnslu ábendinga ESA. **svavar@frettabladid.is**

### Athugasemdir eftirlitsstofnunar EFTA

- Dýralæknar gefa ekki út lyfseðla. Þetta leiðir til þess að bændur skortir skriflegar upplýsingar um biðtíma, það er þann tíma sem það tekur lyf að hverfa úr líkama dýra. Fyrr er ekki leyfilegt að mjólka þau eða slátra þeim.
- Sláturhús hafa ekki alltaf upplýsingar eða nota verkferla til að tryggja að dýrum, sem hafa verið gefin lyf, sé ekki slátrað áður en biðtími er liðinn.
- Enn hafa engar skoðanir farið fram á sauðfjár- og hestabýlum í tengslum við notkun og dreifingu dýralyfja. Stór huti dýralækna hefur ekki sætt neinu eftirliti stjórnvalda.
- Dýralæknar afhenda lyf til bóndabæja og eru um leið ábyrgir fyrir opinberu eftirliti á notkun þeirra. Þetta gæti hugsanlega valdið hagsmunaárekstri.
- Annmarka er að finna á skipulagi og vinnu rannsóknarstofa, meðal annars er notast við aðferðafræði sem er ekki viðurkennd eða fullgild og getur haft í för með sér ónákvæmar niðurstöður.



**Í GRIPAHÚSI** Rafræn skráning verður tekin upp til að uppfylla reglur um eftirlit. Þegar hefur slík skráning verið tekin upp fyrir nautgripi og hesta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HLIÐIÐ AÐ ÍSLANDI** 95,6% ferðamanna komu um Keflavíkurflugvöll í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

541.000 fóru um Leifsstöð:

# Fjöldamet sett 11 mánuði 2011

**FERÐAÞJÓNUSTA** Tæplega 541 þúsund ferðamenn komu til Íslands um Leifsstöð árið 2011 eða 17,8 prósentum fleiri en árið 2010. Fjöldamet í brottförum ferðamanna um Leifsstöð voru slegin í öllum mánuðum ársins nema mars en þá kom álíka fjöldi og á árinu 2010.

Þetta má lesa í tölfræðiúttekt Ferðamálastofu fyrir árið 2011.

Langflestir komu með flugi um Keflavíkurflugvöll, eða 95,6 prósent, 2,2 prósent með Norrænu um Seyðisfjörð og 2,2 prósent með flugi um Reykjavíkur-, Akureyrar- eða Egilsstaðaflugvöll. Vert er að taka fram að tölur fyrir aðra staði en Keflavíkurflugvöll byggja ekki á talningum heldur mati út frá sölu- og farþegatölum. **- shá**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Vínflöskum stolið

Brotist var inn í Kaffi Flóru í grasagarðinum í Laugardal aðfaranótt miðvikudags og stolið þaðan 23 léttvínsflöskum. Að sögn lögreglu á höfuðborgarsvæðinu var í gær ekki enn vitað hver eða hverjir voru þar að verki.




PIPAR\TBWA • SÍA • 120981

Aksturshlið fyrir sumarhúsasvæði sem þú opnar með GSM-síma

Vönduð bómuhlið sem henta við íslenskar aðstæður, allt að 6 metrar á lengd. Stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar getur vaktað hliðið, tekið á móti viðvörunarboðum og stýrt aðgangi.

ÖRYGGI VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

ENNEMM / SÍA / NM52217



# Láttu músina bera út póst fyrirtækisins með Möppunni

Mappan er ný dreifileið hjá Póstinum sem sameinar öruggar póstsendingar og sveigjanleika í samskiptum sendanda og viðtakanda.

| | |
|---|---|
| **Hagkvæm** | Með Möppunni sparar þú kostnað, mannauð og tíma auk þess sem auðveldara er að skipuleggja póst og gögn. |
| **Gagnvirk** | Vilji viðskiptavinur gera athugasemd eða fyrirspurn, t.a.m. vegna reiknings, getur hann gert það beint úr Möppunni og hægt er að svara honum um leið. |
| **Umhverfisvæn** | Með rafrænum sendingum í Möppunni velur viðskiptavinur umhverfisvæna dreifileið. |



S. 580 1111 | www.mappan.is | facebook.com/mappan.is | @mappanpunkturis

mappan

**FRÉTTASKÝRING:** Kynbundinn launamunur

# Launamunur kynjanna eykst á ný

**Launamunur kynjanna dróst saman í kreppunni árin 2009 og 2010 en hefur nú aukist á ný. Opinberir starfsmenn eru langþreyttir á aðgerðarleysi stjórnvalda og vilja aðgerðir en ekki fundahöld um málið. Aðilar vinnumarkaðarins hafa unnið að jafnlaunastaðli síðan 2008. Stefnt er að því að hann taki gildi á þessu ári.**

## Laun karla umfram laun kvenna (í %)




**Regluleg laun** eru greidd laun fyrir umsaminn vinnutíma, dagvinnu eða vaktavinnu. Allar álags-, bónus- og kostnaðargreiðslur.

**Regluleg heildarlaun** eru regluleg laun að viðbættum yfirvinnulaunum, veikindalaunum og fyrirframgreiðslu vegna uppmælinga.

**Heildarlaun** eru öll laun einstaklingsins.

## Þetta er áhyggjuefni



**Jóhanna Sigurðardóttir** forsætisráðherra segist deila áhyggjum formanns BSRB af þeim afturkipp sem orðið hefur í kynbundnum launamun. „Okkur miðar ekki nægilega fram á við í að ná fram launajafnréttinu. Við höfum verið að fara yfir þetta í ráðherranefnd um jafnréttismál og það er verið að vinna áætlun um leiðir til að ná launajafnrétti fram miklu hraðar. Það hefur dregist mjög verulega að ná fram jafnréttisstaðli sem átti að vinna, en það er á lokasprettinum að ná honum fram og má nú ekki vera seinna, þetta er búið að dragast verulega. Ég viðurkenni það að ég hef miklar áhyggjur af þessu.“

Jóhanna segir að ríkisstjórnin muni gera allt sem í hennar valdi stendur, það sem eftir lifir kjörtímabils, til að ná fram markmiðum sínum um launajafnrétti. „Þegar horft er til launajafnréttis þá þurfum við að gera miklu, miklu betur. Þetta er verkefni sem við verðum að setjast yfir.“

Launamunur kynjanna hefur dregist nokkuð saman á síðustu árum. Það breytir því ekki að hann er enn umtalsverður og virðist vera að aukast á ný. Þetta kemur fram í skýrslu Þjóðmálastofnunar um umfang kreppunnar og afkomu tekjuhópa.

Þar sýna allir mælikvarðar að munurinn fór minnkandi frá um 30 til 35 prósentum árið 1998 í 13 til 20 prósent árið 2010. Síðan hefur hann aukist á ný.

Munurinn minnkar verulega árin 2009 og 2010 og gætir þar sérstaklega minni atvinnutekna karla, en slíkt á sér samsvörun í mörgum Evrópuríkjum. Þá segir í skýrslunni að bæði fyrir og eftir hrun hafi launahækkanir verið meiri hjá konum.

### Munurinn eykst á ný

Launakönnun SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu frá september 2011, sýnir hins vegar að kynbundinn launamunur félagsmanna hefur aukist á ný. Árið 2010 var hann, að teknu tilliti til vaxtaálags, 9,9 prósent en hafði aukist í 13,2 prósent árið 2011.

Könnun Þjóðmálastofnunar staðfestir þetta, líkt og sjá má á meðfylgjandi línuriti. „Þó talsverður árangur hafi náðst í jöfnun launakjara milli kynjanna á síðasta áratug er þó enn talsvert verk óunnið á þeim vettvangi. Mikilvægt er að launastefna vinnumarkaðarins og skatta- og bótastefna stjórnvalda vinni saman að þeim markmiðum,“ segir í skýrslunni.

### Opinberir starfsmenn langeygir

BSRB vinnur nú að víðtækri könnun fyrir öll aðildarfélög um kynbundinn launamun. Elín Björg



ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR



HANNES G. SIGURÐSSON

Jónsdóttir, formaður BSRB, segir opinbera starfsmenn langeyga eftir úrbótum í málaflokknum.

„Við erum búin að funda með starfsfólki ráðherranna aftur og aftur og mánuðir og ár líða án þess að nokkuð gerist. Við erum orðin mjög grimm yfir því að allt sé að falla í sama farið aftur og við ætlum ekki að læra neitt af hruninu.“

Fulltrúar BSRB áttu fund í forsætisráðuneytinu í gær um málið. „Það er sárt að sjá að munurinn er að aukast innan stjórnsýslunnar, af öllum stöðum. Ég vil fá aðgerðir í málinu, ekki fleiri fundi.“

### Jafnlaunastuðull

Í kjarasamningum Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) árið 2008 var skrifað undir samkomulag þess efnis að komið yrði á fót jafnlaunastuðli fyrir fyrirtæki. Vinna hefur staðið yfir síðan og vonast er til að henni ljúki á þessu ári.

Hugmyndin á bak við jafnlaunastuðul er sótt í aðra gæðastaðla. Fyrirtæki munu vinna eftir skýrum leiðbeiningum að jafnlaunastefnu og lokaferli slíks starfs er að fá vottun frá viðurkenndum aðila, eins og fyrir ISO staðalinn.

> Það er sárt að sjá að munurinn er að aukast innan stjórnsýslunnar, af öllum stöðum. Ég vil fá aðgerðir í málinu, ekki fleiri fundi.
>
> ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR
> FORMAÐUR BSRB

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, segir að vinnan hafi gengið hægar en ætlað var. Efni staðalsins sé frágengið, en verið sé að vinna í skýringum á viðaukum og leiðbeiningum. Hann segir um brautryðjendastarf að ræða, slíkir staðlar hafi ekki verið gerðir áður og ekki hægt að sækja í erlendar fyrirmyndir.

„Í aðalatriðum snýst þetta um að vera með fyrir fram skilgreind viðmið við launasetningu og að aðferðirnar þar um séu gegnsæjar. Allt ferlið er skráð og skjalað og síðan fer fram vöktun. Þetta snýst um að við það að ákveða laun mismunandi hópa sé fyrir fram skilgreind og gegnsæ aðferð. Það á að tryggja að ekki sé um kerfisbundna mismunun að ræða.“

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is







SPARIÐ 1.000

FULLT VERÐ: 4.995

3.995

**DAHLIA SANDALAR**
Stærðir: 36-42.



VERÐ AÐEINS:

2.495

**STACEY SKÓR**
Litur: Svartur og hvítur. Stærðir: 36-41.



SPARIÐ 1.000

FULLT VERÐ: 5.995

4.995

**MORRIS OG BARRETT SANDALAR**
Stærðir: 40-46.



VERÐ AÐEINS:

5.995

**TRENDY SKÓR**
Stærðir: 36-41.



SPARIÐ 1.000

FULLT VERÐ: 5.995

4.995

**KESTER GÖNGUSKÓR**
Stærðir: 36-42.



VERÐ AÐEINS:

2.995

**HAZEL BALLERÍNUSKÓR**
Litir: Svartur, rauður og turkis.
Stærðir: 36-41.



SPARIÐ 1.000

FULLT VERÐ: 4.995

3.995

**OZZY SKÓR**
Stærðir: 40-46.



VERÐ AÐEINS:

3.995

**BIO SANDALAR**
Stærðir 36-46.



SPARIÐ 1.000

FULLT VERÐ: 5.995

4.995

**MAX SKÓR**
Stærðir: 40-46.

# FRÁBÆRT VERÐ!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Gildir til 06.05.12

www.rumfatalagerinn.is



**AUDRA STÍGVÉL**
Stærðir: 35-46.

VERÐ AÐEINS:

4.995

**CANVAS SKÓR**
Lágir CANVAS skór fást í svörtu, rauðu og bleiku. **3.495**
Háir CANVAS skór fást í svörtu og gráu. **3.995** Stærðir: 36-46.

VERÐ FRÁ:

3.495



**SPINDLE SPORTSKÓR**
Fjólublár/silfur stærðir: 36-41.
Grár stærðir: 41-46.



SPARIÐ 1.000

FULLT VERÐ: 4.995

3.995



VERÐ AÐEINS:

3.995

**IVY OG REX SUMARSKÓR**
Stærðir: 28-35.

SPARIÐ 1.000



FULLT VERÐ: 4.995

3.995

**MINA LEÐURSKÓR**
Stærðir: 19-24.



VERÐ AÐEINS:

2.995

**VIOLA OG STREET SUMARSKÓR**
VIOLA skór fást í bleiku og fjólubláu.
STREET skór fást í bláu og gráu. Stærðir: 22-30.



SPARIÐ 1.000

FULLT VERÐ: 4.995

3.995

**STRIDER SKÓR**
Stærðir: 28-35.



VERÐ AÐEINS:

3.995

**SPORTSKÓR**
Stærðir: 24-33.



VERÐ AÐEINS:

3.495

**ULAN STÍGVÉL**
Stærðir: 21-35.

# neytendur

hagur heimilanna

**10.643 VAR VERÐIÐ** á 100 rúmmetrum af heitu vatni í fyrra. Þremur árum fyrr var verðið 7.156 krónur.


Hvers virði er þetta ?

Við leitum að frímerkjum og mynt fyrir næstu uppboð okkar.

Við verðum til viðtals á Hótel Loftleiðum fimmtudaginn 10. maí n.k. kl. 15-19 og föstudaginn 11. maí kl. 10-12.

Þar munu reynslumiklir sérfræðingar okkar gefa góð ráð og verðmeta frímerki, gömul umslög og póstkort svo og mynt, minnispeninga og gamla peningaseðla.

Matið er án endurgjalds og án skuldbindinga með hugsanlega sölu á uppboði í huga.

Fyrirfram greiðsla er möguleg.

Boðið er uppá heimsókn í heimahús báða dagana. Nánari upplýsingar veita Össur Kristinsson, 5554991 og 6984991 og Torben Ringtved +45 40324711, e-mail: tr@bruun-rasmussen.dk







BRUUN RASMUSSEN KUNSTAUKTIONER

Bredgade 33
DK-1260 Kbh. K
Tel +45 8818 1111 bruun-rasmussen.dk





MBA kynningarfundur
3. maí kl. 12:10 í stofu 101 á Háskólatorgi

MBA-námið í Háskóla Íslands:

- Eflir persónulega færni og leiðtogahæfileika á sviði rekstrar og stjórnunar
- Byggir á mikilli reynslu og tengslum við íslenskt atvinnulíf
- Ýtir undir frumkvæði, færni og forystueiginleika nemenda

Námið er tveggja ára metnaðarfullt meistaranám fyrir stjórnendur og er skipulagt samhliða starfi. Að öllu jöfnu er kennt á föstudögum og laugardögum aðra hvora helgi. **Umsóknarfrestur er 5. júní.**

Skoraðu á þig og taktu skrefið

www.mba.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD




**HÁHRAÐATENGING** Með nýrri þjónustu Símans geta notendur fengið mun hraðari tengingu, bæði til upp- og niðurhals, fyrir minna verð en ADSL-tengingu. Notendur tengjast við ljósleiðaranet í gegnum koparstrengi án þess að missa mikinn hraða.

# Aukinn hraði með Ljósneti

**Síminn stefnir að því að tengja nær 80% heimila við nýja þjónustuleið. Með Ljósneti eru hús tengd við ljósleiðara með koparstrengjum síðasta spölinn. Er bæði hraðara og ódýrara en ADSL-tenging.**

Síminn stefnir að því að tengja tæp 80 prósent íslenskra heimila við Ljósnetið á næstu tveimur árum, en þessi nýjung mun gefa notendum möguleika á meiri hraða, bæði til niðurhals og upphals, og á lægra verði.

Nýjungin felst í því að ljósleiðaratenging er í símkassa við götu, en þaðan eru koparstrengir nýttir síðasta spölinn upp að húsi.

Að sögn Sævars Freys Þráinssonar, forstjóra Símans, er um að ræða stórt skref í því að auka þjónustu Símans.



SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON

„Hugsunin með Ljósnetinu er að bjóða upp á 100 mb tengingu í þessu skrefi. Við erum þegar búin að tengja 46.000 heimili og ætlum að bæta 54.000 við á næstu tveimur árum og verðum þá búin að tengja næstum 80 prósent allra heimila í landinu.“

Sævar bætir því við að framfarir í tækni síðustu ár hafi skilað sér í möguleika á miklum hraða í tengingum um koparstrengi um styttri vegalengdir.

„Þessi lausn hefur miklu minna rask í för með sér heldur en að leggja ljósleiðara upp að hverju húsi, en býður upp á álíka hraða. Sé miðað við ADSL-tengingar býður Ljósnetið upp á um fjórum sinnum meiri hraða á niðurhali, og hraði frá notanda fer úr einu mb upp í 25 mb.“

Með auknum hraða segir Sævar verið að leitast við að svara þörfum nútímans. Til dæmis sé sífellt að verða meira um að sjónvarpsefni og kvikmyndum sé dreift á vefnum, til dæmis með gagnvirku sjónvarpi og fleira. Þá færist sífellt í vöxt að hinn almenni notandi geymi gögn, til dæmis ljósmyndasöfn, á vefnum og það kalli á aukinn hraða í upphali.

Hvað varðar tækjabúnað munu notendur Ljósnets þurfa að skipta um beini en inntak verður hið sama.

Verðið á grunnáskrift á Ljósnetinu er nú 4.290 krónur, sem er nokkuð lægra en ódýrasta áskriftin á ADSL-neti Símans. Það segir Sævar að vinnist með minni kostnaði við rekstur og viðhald kerfanna, auk þess sem ekki þurfi að grafa fyrir tengingum að húsum, en það sé jafnan mesti kostnaðurinn við að koma tengingum í hús.

„Þetta verður um fjögurra milljarða fjárfesting hjá okkur, sem er ef til vill ekki mikið þegar litið er til þess að um 100.000 heimili er að ræða, en þetta er góð innspýting í atvinnulíf sem þarfnast fjárfestingar.“

Sævar segir jafnframt að þetta framtak ætti að verða til þess að festa Ísland í sessi í fremstu röð landa hvað varðar aðgang að nettengingum.

„Ísland hefur verið meðal efstu þjóða í öllum mælikvörðum um fjölda tenginga, hraða tenginga og þess háttar og með þessu erum við að tryggja að við verðum áfram í fremstu röð.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ Klósetthreinsir í blómavasa

*Hálsmjóir vasar geta valdið vandkvæðum*



Erfitt getur reynst að hreinsa hálsmjóa blómavasa og hvimleitt þegar í þeim hefur fúlnað vatn og jafnvel tekið sig upp í þeim einhver mosavöxtur eða bakteríugróður með fylgjandi fúkkalykt.

Samkvæmt einu gömlu húsráði á að byrja á því að skola vasann vel með vatni. Að því loknu á að sprauta í hann sterku hreinsiefni sem alla jafna er notað til þess að hreinsa klósettskálar. Það er svo látið standa í vasanum stundarkorn, tíu mínútur eða svo áður en vasinn er skolaður vel. Ætti hann þá að vera eins og nýr.



Hagstætt miðaverð
Skelltu þér á Listahátíð
Rússneski píanósnillingurinn
Arcadi Volodos
Harpa, Eldborg, 20. maí
frá 4.500 kr.
Splunkuný leikrit
á óvenjulegum sýningarstöðum
1.500 kr.
Franski tónlistarmaðurinn
Yann Tiersen
Harpa, Norðurljós
31. maí / 3.900 kr.
Ástríðufulla röddin
Buika
Harpa, Eldborg
3. júní / 4.900 kr
Hús-
lestrar
1.000 kr.
Kammersveitin
flytur Bach svíturnar undir
stjórn Richard Egarr
Harpa, Eldborg
20. maí / 3.500 kr.
Íd og GusGus
Harpa, Norðurljós
18. og 19. maí / 3.900 kr.
Bryan Ferry
Harpa,Eldborg
27. og 28. maí
frá 6.900 kr.
Þrjú ný
tónskáld
Tónskáld: Anna
Þorvaldsdóttir,
Berglind María
Tómasdóttir og
Páll Ragnar
Pálsson
Harpa, Kaldalón
23. maí,
1. og 2. júní
2.500 kr.
Glymskrattinn
Danstóleikar
Þjóðleikhúskjallarinn
2.500 kr.
Hljómskálinn
Harpa, Eldborg, 2. júní
frá 3.500 kr.
Verðlaunasýning
frá Sviss
Pétur
Gautur
Þjóðleikhúsið
30. maí
3.500 kr.
Rómeó og Júlía
Sinfó, söngvarar og kórar
Harpa, Eldborg, 25. maí
frá 2.000 kr.
Bræður -
fjölskyldusaga
Vesturport
Borgarleikhúsið
1. og 2. júní
4.400 kr.
Anna, Tinna og
tveir flyglar
Harpa, Norðurljós
3. júní / 2.900 kr.
Ljóðatónleikar
Christoph
Prégardien
Harpa, Norðurljós, 27. maí
4.500 kr.
FÍTON / SÍA
Alþjóðlegur
myndlistar-
viðburður á fjölda
sýningarstaða
Dagskrá Listahátíðar í Sjónvarpinu sunnudaginn 6. maí kl. 21:50
Miðasala á alla viðburði hátíðarinnar á www.listahatid.is
Miðasölusími: 561 2444 / Miðasölusími á viðburði í Hörpu: 528 5050
Listahátíð í Reykjavík 2012
Reykjavík Arts Festival
18. maí-3. júní
Landsvirkjun
Radisson BLU
vib
SAMSKIP
Iceland Express
FRÉTTABLAÐIÐ




**Ljósnetið** – kraftmeiri tenging fyrir íslensk heimili




ENNEMM / SÍA / NM52202

Með Ljósnetinu færðu háhraðanettengingu með mikla flutningsgetu. Upp- og niðurhal er mun fljótlegra og möguleikar til fjarvinnu meiri. Þú getur streymt tónlist og kvikmyndum, tengt allt að fimm háskerpumyndlykla fyrir Sjónvarp Símans og verið með leikjatölvur og önnur nettengd tæki fjölskyldunnar í öruggu sambandi á sama tíma.

50 Mb/s Háhraðanet | VOD TV / VOD | V Netvarinn | 5 5 myndlyklar

Á siminn.is sérðu hvort þú getur tengst strax í dag!

Síminn

**3.675 MILLJÓNIR KRÓNA** var heildarvelta með bréf í Kauphöll Íslands í apríl. Jafngildir það 216 milljónum á dag en til samanburðar voru meðalviðskipti 766 milljónir á dag í mars.

Vörður Tryggingar hf:

## 330 milljóna ágóði fyrir skatta

Vörður Tryggingar hf. hagnaðist um 330 milljónir króna fyrir skatta á síðasta ári og arðsemi eiginfjár þess var 17,5 prósent. Það er aukning um rúmar 120 milljónir króna frá árinu á undan. Heildartekjur félagsins á árinu 2011 jukust um 700 milljónir króna og voru 4,8 milljarðar króna. Eiginfjárhlutfall Varðar var 24,4 prósent um síðustu áramót. Þetta kemur fram í tilkynningu sem Vörður sendi frá sér í gær.



**GUÐMUNDUR J. JÓNSSON** forstjóri Varðar.

Vörður er í eigu BankNordik, sem áður hét Færeyjabanki. Hann keypti upphaflega 51% hlut í félaginu seint á árinu 2009 og í mars síðastliðnum var tilkynnt um að bankinn myndi kaupa Vörð að fullu. - þsj

Nýjar tölur frá Hagstofunni:

## Húsnæðisverð hækkaði í apríl

**EFNAHAGSMÁL** Íbúðaverð á landinu öllu hækkaði um 1,5% í apríl. Stærstan hluta hækkunarinnar má rekja til landsbyggðarinnar þar sem íbúðaverð hækkaði um 5,4% í mánuðinum.

Fram kemur í Morgunkorni greiningar Íslandsbanka frá því í gær að miklar sveiflur hafi verið í mælingum Hagstofunnar á íbúðaverði það sem af er þessu ári. Þannig lækkaði íbúðaverð á landsbyggðinni um 2,8% í janúar og 2,6% í febrúar en þessar lækkanir hafa nú gengið til baka.

Frá áramótum hefur íbúðaverð á landinu hækkað um 1,6% en undanfarna tólf mánuði nemur hækkunin 8,4% að nafnvirði og 1,1% að raunvirði. - mþl

# Auglýsingatekjur RÚV hafa aukist um 60 prósent frá 2009

**Tekjur RÚV vegna auglýsinga og kostunar hafa aukist um 400 milljónir frá fyrri hluta rekstrarársins 2009. Eru nú orðnar um 40 prósent af tekjum félagsins. Nýtt frumvarp á að takmarka RÚV á auglýsingamarkaði.**

Tekjur Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) af auglýsingum og kostun hafa aukist um tæp 60 prósent frá fyrri hluta rekstrarársins 2009. Alls nemur aukningin um 400 milljónum króna. Þetta kemur fram í árshlutareikningi RÚV fyrir tímabilið 1. september til 29. febrúar 2012 sem var gerður opinber á mánudag. Á sama tíma hafa auglýsingatekjur samkeppnisaðila RÚV dregist mikið saman, samkvæmt nýjustu tölum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Uppgjörstímabil RÚV er frá byrjun september til loka ágústmánaðar. Í árshlutauppgjöri RÚV fyrir fyrstu sex mánuði yfirstandandi uppgjörsárs kemur fram að tekjur félagsins af auglýsingum og kostun sé 1.073 milljónir króna. Tekjur félagsins vegna auglýsinga og kostunar á sama tímabili árið 2009 voru 676,6 milljónir króna. Þær hafa því aukist um 396,4 milljónir króna, eða um 58,9 prósent. Auglýsinga- og kostunartekjur hafa einnig aukist umtalsvert sem hlutfall af heildarrekstrartekjum RÚV. Á fyrri hluta rekstrarársins 2009 voru þær 28,2 prósent af rekstrartekjum en höfðu vaxið í 39,3 prósent á fyrri hluta rekstrarársins 2012.

Samkvæmt tölum sem Fréttablaðið fékk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrr á þessu ári drógust auglýsingatekjur annarra fjölmiðlafyrirtækja en RÚV saman um tæplega 2,1 milljarð króna á tímabilinu 2008-2010. Ekki eru til nýrri samanburðartölur þar sem fjölmiðlafyrirtæki í einkaeigu hafa ekki birt ársreikninga fyrir árið 2011.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, lagði fram nýtt frumvarp að lögum um starfsemi RÚV 31. mars síðastliðinn. Málið var tekið til umræðu á Alþingi í síðustu viku og í kjölfarið vísað til allsherjar- og menntamálanefndar.

Frumvarpinu var meðal annars ætlað að takmarka þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði. Samkvæmt því má hlutfall auglýsinga í dagskrá RÚV ekki fara yfir átta mínútur á klukkutíma, vöruinnsetning verður óheimil í efni sem RÚV framleiðir sjálft eða er sérstaklega framleitt fyrir það, félaginu er gert að setja og birta gjaldskrá, afsláttakjör fyrir kostunaraðila og auglýsendur skulu vera gagnsæ og mega ekki mismuna viðskiptamönnum auk þess sem banni við auglýsingasölu á vefnum verður viðhaldið. Í umsögn með frumvarpinu kemur fram að mennta- og menningarmálaráðuneytið telji að þessar takmarkanir muni „hafa í för með sér allt að 245 m.kr. árlega tekjurýrnun, sem svarar til um 5% af heildartekjum félagsins.“

Samkeppnisaðilar RÚV hafa gagnrýnt frumvarpið og segja það ekki ganga nógu langt. Í tölum sem teknar voru saman fyrir Fréttablaðið kom meðal annars fram að meðallengd sjónvarpsauglýsinga RÚV á kjörtíma, klukkan 18 til 23, var 3,7 mínútur á klukkutíma sem er langt undir þeim átta mínútna takmörkunum sem frumvarpið segir til um.

thordur@frettabladid.is




**BREYTINGAR** Nýtt frumvarp á að takmarka þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði. Samkvæmt mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins munu tekjur þess skerðast um 245 milljónir króna, sem svarar til um fimm prósent tekna félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Fær allt útvarpsgjaldið frá árinu 2014

Stærsti hluti tekna RÚV er tilkominn vegna þjónustutekna sem félagið fær frá íslenska ríkinu. Til að standa undir þeim framlögum er innheimt útvarpsgjald. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2012 kemur fram að reiknað sé með að 3,8 milljarðar króna muni innheimtast í útvarpsgjöld í ár. Þar af er áætlað að RÚV fái 3,1 milljarð króna en afgangurinn rennur til ríkissjóðs og er notaður í önnur verkefni. Frá árinu 2014 munu allar innheimtar tekjur hins vegar renna til RÚV og miðað við forsendur ársins í ár munu tekjur félagsins þá árlega aukast um 690 milljónir króna, eða 22 prósent.

### Hlutfallsleg skipting tekna RÚV

**fyrri hluta rekstraráranna 2009-2012**

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|
| Þjónustutekjur | 66,70% | 66,60% | 61% | 57,40% |
| Auglýsingar | 28,2%* | 28% | 31,80% | 35,60% |
| Kostun | - | 2,10% | 3,10% | 3,70% |
| Aðrar rekstrartekjur | 5,20% | 3,30% | 4,10% | 3,30% |

* Í ársreikningi árshlutareikningi Ríkisútvarpsins fyrir tímabilið 1. september 2008 til 28. febrúar 2009 eru auglýsingar og kostun saman í tekjulið.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

**Ársfundur 2012**

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda
þriðjudaginn 15. maí 2012 kl. 16:30,
að Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38.

**Dagskrá**

1. Skýrsla rannsóknarnefndar lífeyrissjóða yfirferð Intellecta.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gerð grein fyrir ársreikningi.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Samþykktir sjóðsins.
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
7. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.
Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 23. 04. 2012
**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**

Bókfært virði HS Veitna tæpir tíu milljarðar króna í ársreikningi Reykjanesbæjar:

# Þriðjungur í HS Veitum til sölu

Reykjanesbær, Orkuveita Reykjavíkur og fjögur smærri sveitarfélög hafa falið Íslandsbanka að selja 34,38 prósenta hlut í HS Veitum, sem dreifir rafmagni, heitu og köldu vatni á suður- og suðvesturhluta landsins. Í tilkynningu vegna þessa kemur fram að söluferlið sé opið öllum fagfjárfestum og þeim sem „búa yfir fullnægjandi þekkingu og reynslu og geta sýnt fram á eiginfjárstöðu umfram 300 milljónir kr.“. Reykjanesbær hyggst selja 16,65 prósenta hlut í HS Veitum og Orkuveita Reykjavíkur 16,58 prósenta hlut. Auk þess ætla Grindavíkurbær, Garður og Vogar að selja alla hluti sína í fyrirtækinu og Sandgerðisbær stærstan hlut sinn. Samtals eiga þessi fjögur sveitarfélög tæplega 1,3 prósent hlut í HS Veitum.

Samkvæmt lögum þarf meirihluti í veitufyrirtæki að vera í eigu opinberra aðila. Það ákvæði er uppfyllt þrátt fyrir söluna, því gangi hún eftir mun Reykjanesbær enn halda á 50,1 prósents hlut í HS Veitum. Auk þess á Hafnarfjörður 15,4 prósenta hlut í fyrirtækinu sem bæjarráð hans telur ekki tímabært að selja.



**ARÐBÆRT** Stjórn HS Veitna lagði til að greiddur yrði út 300 milljóna króna arður í ár.

Samkvæmt ársreikningi Reykjanesbæjar er bókfært virði 66,75 prósenta hlutar hans í HS Veitum 6,5 milljarðar króna. Miðað við það verð er heildarvirði HS Veitna rúmlega 9,7 milljarðar króna og því ættu að fást um 3,4 milljarðar króna fyrir hlutinn sem boðinn hefur verið til sölu.

HS Veitur högnuðust um 270 milljónir króna á síðasta ári og 321 milljón króna árið 2010. Eiginfjárhlutfall fyrirtækisins var 53 prósent um síðustu áramót. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta var 1,4 milljarðar króna í fyrra. Stjórn félagsins lagði til að greiddur yrði út 300 milljóna króna arður á árinu 2012 vegna rekstrarframmistöðu ársins á undan. -þsj

Smábátur sökk við Látrabjarg:

# Bátsverja var bjargað úr sjó

**LANDHELGISGÆSLAN** Maður var hætt kominn þegar smábátur hans lagðist á hliðina og sökk svo rétt undan Látrabjargi skömmu fyrir klukkan níu á þriðjudagskvöld.

Skipstjóri á fiskibátnum Lóu varð vitni af atvikinu og tilkynnti til Landhelgisgæslu. Manninum var svo í framhaldinu bjargað um borð í Lóu, köldum og þrekuðum.

Þegar það var ljóst var hætt við að kalla út þyrlu Gæslunnar, en Vörður, björgunarskip Landsbjargar á Patreksfirði fór á vettvang.

Hægt er að auka næringargildi matar án þess að það komi niður á bragðgæðum:

# Raunhæft að auðga sjávarrétti og halda gæðum

**RANNSÓKNIR** Matís og fyrirtækin Iceprotein á Sauðárkróki og Grímur kokkur í Vestmannaeyjum eru að ljúka verkefninu Auðgaðir sjávarréttir, en þróaðar voru nokkrar frumgerðir af vörum úr íslensku sjávarfangi þar sem bætt hefur verið við lífefnum eins og þörungaþykkni og lýsi.

Niðurstöðurnar sýna að vel er hægt að auka magn ómega-3 fitusýra í fiskibollum án þess að það komi niður á bragðgæðum. Sama má segja um íblöndun þörungadufts og einnig tókst vel að auka próteinmagn í fiskibollunum.



**SÆLGÆTI ÚR SJÓ** Þörungaþykkni og lýsi auka næringagildið en bollurnar eru jafn ljúffengar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Neytendakönnun á netinu, sem yfir 500 manns tóku þátt í, sýndi að fólk er almennt jákvæðara gagnvart auðgun matar ef um er að ræða þekkt hollustuefni á borð við ómega-3 fitusýrur. Auðgun með þara virðist einnig vera raunhæfur kostur og svipað átti við um fiskiprótein.

Þessar vörur höfða almennt frekar til fólks sem leggur áherslu á hollustu matvæla. Almennt ályktar hópurinn að auðgun sjávarrétta sé raunhæfur möguleiki en huga þarf að merkingum og upplýsingagjöf til neytenda.

Mikilvægur afrakstur þessa verkefnis er styrkur frá norræna sjóðnum Nordic Innovation til að halda áfram stærra verkefni á þessu sviði og stuðla þannig að auknum verðmætum sjávarfangs og lífefna úr hafinu. **- shá**



**REYÐARFJÖRÐUR** Álíka margir voru ráðnir til álvers Alcoa-Fjarðaáls í sumar og síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

450 sóttu um vinnu í sumar:

# Hundrað fá sumarvinnu

**IÐNAÐUR Liðlega 450 manns sóttu um sumarstörf hjá Alcoa Fjarðaáli og hafa rúmlega eitt hundrað verið ráðnir úr þeim hópi, að því er fram kemur í tilkynningu fyrirtækisins. Fjöldinn er sagður svipaður og undanfarin ár.**

**Haft er eftir Guðnýju Björgu Hauksdóttur, framkvæmdastjóri mannauðsmála hjá Fjarðaáli, að um 40 prósent þeirra sem ráðin voru hafi áður starfað í sumarafleysingum hjá fyrirtækinu. Um 60 prósent umsækjenda séu að austan eða eigi þar nákomna ættingja.** **- óká**

Tveir Íslendingar tilnefndir:

# Hugað að fjölbreytni lífríkis

**UMHVERFISMÁL** Tveir Íslendingar eru á meðal þeirra ellefu sem tilnefndir eru til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs, en verðlaunin verða afhent 22. maí á alþjóðlegum degi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika.



**EYMUNDUR MAGNÚSSON**

Pétur M. Jónasson er tilnefndur fyrir rannsóknir sínar á vistkerfi vatna og Eymundur Magnússon, bóndi í Vallanesi og eigandi fyrirtækisins Móður jarðar, fyrir lífrænan búskap. Þema verðlaunanna í ár er líffræðilegur fjölbreytileiki. **- kóp**

Ósætti í Danmörku:

# Geislavirk efni grafin í jörðu

**DANMÖRK Stjórnvöld í Danmörku hyggjast urða fimm þúsund rúmmetra af geislavirkum úrgangi í landinu fyrir árið 2018.**

**Svæði í fimm sveitarfélögum koma til greina fyrir urðunina, en bæjarstjórar þeirra allra eru mjög ósáttir við fyrirætlan stjórnvalda. Þeir hafa fundað með heilbrigðisráðherra vegna málsins, en það hefur ekki breytt ákvörðun stjórnvalda.**

**Meðal úrgangsins eru efni sem hafa komist í tæri við mikla geislun. Verið er að reyna að minnka umfang hans.** **- þeb**



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kynbundinn launamunur eykst á ný:

## Ólíðandi öfugþróun

Okkur miðar ekki nægilega fram á við í að ná fram launajafnréttinu," segir Jóhanna Sigurðardóttir í frétt hér í blaðinu í dag. Forsætisráðherrann er þarna að bregðast við tíðindum um að launamunur kynja hafi aukist síðustu tvö ár en rúman áratug á undan hafði þróunin verið í þá átt að saman dró með kynjunum í launum. Þetta kemur fram í skýrslu Þjóðmálastofnunar um umfang kreppunnar og afkomu tekjuhópa.

Það er óhætt að taka undir með forsætisráðherranum því aftur á bak er svo sannarlega ekki fram á við.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Kynbundinn launamunur þróaðist frá því að vera árið 1998 metinn 30 til 35 prósent í að mælast á bilinu 13 til 20 prósent árið 2010. Þetta er út af fyrir sig ágætur árangur á tólf árum. En sé horft til þess að um áratuga skeið hafa verið lög í landinu sem eiga að koma í veg fyrir kynbundinn launamun þá verður að viðurkennast að staðan er langt í frá viðunandi, svo ekki sé talað um þegar þróunin hefur aftur snúist við, launajafnrétti í óhag.

Efnahagskreppan setur enn frekar mark sitt á laun á almennum vinnumarkaði en á þeim opinbera. Launamunur minnkaði enda þar eftir hrun ekki síst vegna þess að þeim fækkaði sem voru á mjög háum launum en meirihluti þeirra voru karlar. En erfitt efnahags- og atvinnuástand gerir einnig að verkum að samningsstaða launafólks er síðri en þegar eftirspurn efir vinnuafli er meiri og hætt er við að sú staða komi verr niður á konum en körlum.

Hjá SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu er þróun launamunar kynjanna sláandi en þar fór hann úr 9,9 prósentum árið 2010 í 13,2 prósent árið 2011. Það er því ekki að undra að formaður BSRB skuli nú kalla á að fundarhöldum um málið verði hætt og þess í stað verði verkin látin tala.

Margir töldu að með aukinni menntun kvenna myndu laun kynjanna jafnast svo að segja af sjálfu sér. Og víst er að aukin menntun hefur vissulega skilað fjölmörgum konum góðum og vel launuðum störfum, bæði á almenna vinnumarkaðinum og í opinbera geiranum. Aukin menntun hefur þó að sönnu ekki reynst konum sú beina og greiða leið að hærri tekjum sem margir áttu von á.

Frá árinu 2008 hefur verið unnið að svokölluðum jafnlaunastuðli en samkomulag um þá vinnu var liður í kjarasamningum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins það ár. Stefnt hefur verið að því að sú vinna klárist í ár.

Með jafnlaunastuðli eiga fyrirtæki að vinna eftir skýrum leiðbeiningum um jafnlaunastefnu og markmiðið er að þau fyrirtæki sem ná tilskildum árangri fái vottun upp á það á svipaðan hátt og tíðkast um gæðastaðla eins og til dæmis ISO. Slíkur stuðull getur áreiðanlega komið að gagni.

Róðurinn er þungur og verður það áfram. Því hlýtur öllum aðferðum og leiðum sem stuðlað geta að auknu launajafnrétti kynja að vera fagnað.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Leyfishafanámskeið leigubílstjóra**

Með vísun til laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar, gengst Vegagerðin fyrir rekstrarleyfisnámskeiði fyrir leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd **dagana 7. til 11. maí n.k.** Þátttaka tilkynnist fyrir **4. maí** til Ökuskólans í Mjódd í síma **567-0300**

VEGAGERÐIN

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

**Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894 2737**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Margir aðrir fjölmiðlar

Óðinn Jónsson, fréttastjóri Ríkisútvarpsins, sendi undirmönnum sínum skeyti um komandi forsetakosningar í gær og birti það jafnframt á Facebook-síðu sinni. Í því hvetur hann starfsmenn RÚV til að fjalla áfram hlutlægt og faglega um frambjóðendur til forsetaembættisins. „Margir aðrir fjölmiðlar eru á vafasamri braut, hampa stórlega einum frambjóðandanum – á kostnað annarra," skrifar Óðinn líka og nefnir húrrahróp einstakra fjölmiðlamanna. Það er gott hjá Óðni að brýna sitt fólk til dáða. En það væri ekki síður gott – og fróðlegt – ef hann styddi fullyrðingu sína um hlutdrægni annarra fjölmiðla með dæmum.



### Lýðskrumið

Guðmundur Gunnarsson, fyrrverandi formaður Rafiðnaðarsambandsins, talaði tæpitungulaust á baráttudegi verkalýðsins á Selfossi. „Í opinberri umræðu er það orðið daglegt brauð að borið er á fólk að það sé landráðamenn, fasistar, nasistar eða kommúnistar," sagði Guðmundur, greinilega langþreyttur á íslenskri umræðuhefð þar sem „lýðskrumið ræður öllu". Eflaust geta margir tekið undir þessi orð Guðmundar.

### Nokkrar sekúndur

Til marks um þennan vanda hljómuðu slík fasismabrigsl einmitt úr púlti á sjálfan verkalýðsdaginn. „Það minnir mann á hvernig fasistahreyfingar millistríðsáranna beittu lýðskrumi, hræðsluáróðri og óvinavæðingu í tilraunum sínum til að komast til valda," sagði ræðuhöldurinn, og vísaði til fréttaflutnings af gífuryrðum. Guðmundur hlýtur að hafa ímugust á þessu ósmekklega líkingamáli, sem hraut reyndar af vörum hans sjálfs, örfáum sekúndum eftir að hann hneykslaðist á lýðskruminu.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Tölum saman!

Samfélagsmál



Toshiki Toma
prestur innflytjenda

Um sextíu innflytjendur mættu á samkomuna „Tölum saman" sem var haldin af Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og Fjölmenningarráði 28. apríl síðastliðinn.

Þetta var eins konar undirbúningssamkoma fyrir Fjölmenningarþing í haust, sem verður mikið stærri samkoma innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu. Mikið var rætt á þessari samkomu um hvers konar mál innflytjendur og borgin skyldu tala saman um. Skipulagningu kosninga til að kjósa fulltrúa innflytjenda, atvinnumál, dvalarleyfi, fordóma… ýmiss konar mál voru nefnd, þótt það væri ekki hægt að kafa djúpt í málefnin.

Það sem vakti athygli mína var hins vegar hversu mjög þátttakendur voru líflegir í umræðum og hve mikið þeir höfðu að segja. Þeir voru virkilega að njóta þess að taka þátt í umræðu með öðrum.

Við innflytjendur viljum ekki einungis tala um úrræði vandamála sem við mætum hérlendis, eða leita svara við spurningum. Að hitta aðra og tala saman er eftirsóknarvert í sjálfu sér og það hjálpar okkur mikið. En það gleymist oft hjá þeim sem veita innflytjendum þjónustu.

Ég hef sjálfur slæma minningu um slíkt. Fyrir tíu árum talaði ég sem prestur við

> Við innflytjendur viljum ekki einungis tala um úrræði vandamála sem við mætum hérlendis, eða leita svara við spurningum. Að hitta aðra og tala saman er eftirsóknarvert í sjálfu sér.

nýskilda konu frá Afríku. Hjónaskilnaður var (og er) oft orsök áhyggja hjá innflytjendum um hvort þeir geti dvalið hér áfram eða ekki. Því spurði ég konuna um nokkur atriði um þau mál. Konan reyndist vera í góðu lagi og ég hélt að málinu væri lokið. En það var rangt hjá mér. Konan var fyrst og fremst döpur vegna skilnaðarins og vildi þess vegna tala.

Ég fagna því að borgin reyni að skapa fleiri tækifæri fyrir samtöl við okkur innflytjendur. Ég vona að fleiri sveitarfélög, fyrirtæki og félagasamtök geri hið sama á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Til hvers?

Í DAG



Jón Ormur Halldórsson
dósent

Þótt Frakkar deili um hvor væri skárri forseti, Sarkozy eða Hollande, vefst yfirleitt ekki fyrir þeim að útskýra hvers vegna þeir þurfa forseta. Rökin eru einföld og studd reynslu. Þau snúast um völd og ábyrgð. Þannig er þetta líka með embætti þjóðhöfðingja í Bandaríkjunum og miklu víðar. En ekki alls staðar. Nýlegar umræður í Þýskalandi, en þar hafa tveir forsetar sagt af sér á jafnmörgum árum, sýna talsverðar efasemdir um að nútímaleg ríki hafi not fyrir það sjónarspil, spuna og þykjustugang sem fylgir valdalausum þjóðhöfðingjum. Umræður um konungdæmið í Svíþjóð gefa svipað til kynna og það sama má segja um vaxandi andúð víða um heim á þeim kjánagangi sem einkennir sýndarheim valdalausra fyrirmanna.

**Markmið**

Sagt hefur verið um fyrirtæki að þau séu í alvarlegum vanda ef stjórnendurnir geta ekki útskýrt öll helstu markmið þeirra í stuttri lyftuferð. Svipað mætti sjálfsagt segja um stjórnmálaflokka þótt þeir sýni stundum undraverða hæfileika til að lifa af eigið tilgangsleysi. Og stjórnskipun.

**Allir vita**

Það tekur fólk ekki nema fáeinar sekúndur að útskýra tilgang konungdæma, hvort sem menn eru hlynntir eða andvígir slíkum fyrirbærum. Konungbornir þjóðhöfðingjar eru lifandi sameiningartákn landa. Umræður um hæfileika þeirra koma málinu ekki við því frami þeirra réðst af því einu að þeir fæddust. Slík tákn geta jafnvel verið útlendingar. Drottning Englands ríkir sem sameiningartákn í Ástralíu, Kanada og einum fimmtán öðrum sjálfstæðum ríkjum. Sum hefur hún lítið sem ekkert heimsótt á löngum valdaferli en þetta virkar samt fyrir viðkomandi þjóðir. Ástralíumenn felldu fyrir fáum árum tillögu um stofnun lýðveldis. Ástæðan var ekki eingöngu hollusta við táknmyndina heldur deilur um hvers konar forseti ætti að koma í staðinn.

**Líka einfalt**

Forsetar eru ekki sams konar sameiningartákn þegar þeir eru valdamestu menn ríkis og kosnir í harðvítugum kosningaslag. En þeir eru hins vegar tákn og fulltrúar ríkja sinna út á við. Þetta er vegna þess að þeir eru teknir alvarlega af umheiminum vegna valda sinna heima fyrir. Hlutverk forseta flestra ríkja Vesturheims, Afríku og einstaka ríkja annars staðar er tvíþætt. Að marka stjórnarstefnu hvers ríkis og taka fulla ábyrgð á henni. Og svo að vera alvöru fulltrúi ríkisins gagnvart valdamönnum annarra ríkja. Ábyrgð inn á við og alvara út á við eru aðalatriðin.

**Til hvers?**

Málið vandast hins vegar ef þjóðhöfðingi er bæði ábyrgðarlaus af stjórnarstefnu heima fyrir og valdalaus út á við. Eins og á Íslandi. Í þeim tilvikum er hlutverk þjóðhöfðingja dálítið óljóst. Fólk hefur óheppilega ólíkar hugmyndir um það og ekki annars von. Forsetar eru auðvitað ekki teknir mjög alvarlega af umheiminum ef þeir hafa engin völd. Ekki verða þeir heldur sjálfkrafa sameiningartákn eins og þeir sem fæðast til slíkra verka. Svíþjóð, þar sem kóngurinn er nánast án hlutverks, og Sviss, sem hefur ekki þjóðhöfðingja, dafna flestum ríkjum betur.

> Tilraunir hans til spuna og fjölmiðlaleiks í kringum málið þóttu venjulegir pólitískir klækir.

**Fallnir forsetar**

Afsagnir tveggja forseta á tveimur árum hafa knúið Þjóðverja til að ræða um tilgang embættisins. Sá fyrri flutti ræðu sem túlka mátti sem aðra sýn á utanríkismál en stjórnin í Berlín hafði. Forsetinn, sem sagðist hafa verið misskilinn, sagði af sér. Sem í flestum evrópskum löndum hljómar ekkert einkennilega. Sá seinni var sakaður um að hafa þegið greiða eins og far og uppihald af auðmönnum. Þetta var þó áður en hann varð forseti, ekki á meðan hann sat í embætti. Tilraunir hans til spuna og fjölmiðlaleiks í kringum málið þóttu venjulegir pólitískir klækir en ekki sæmandi forseta og því sagði hann af sér. Sem flestum þótti sjálfsagt í því landi. Eftir þessar ófarir náðist góð samstaða á milli flokka og hjá þjóðinni um að kjósa mann þekktan af heiðarleika, siðferðisstyrk og algeru kunnáttuleysi í spuna.

**Táknmyndir**

Sá maður, Gauck, er ekki sameiningartákn á sama hátt og þeir einir geta verið sem fæðast til slíkra starfa. Hann er predikari að upplagi og menntun og ómyrkur í máli. Hann er hins vegar táknmynd gilda sem margir telja eiga sérstakt erindi við okkar tíma. Ekki ósvipaðar hugmyndir komu fram í Ástralíu þegar kosið var um framtíð konungdæmisins í þar í landi. Lýðveldissinnar vildu þá margir beint kjör forseta. Það gæfi þjóðinni tækifæri til að velja lifandi tákn þeirra gilda sem ættu helst að einkenna landið. Menn sögðu að jafnrétti, snobbleysi og sanngirni væru þjóðargildi Ástralíu og forseti ætti að vera lifandi dæmi um þetta. Írar völdu líka nýlega forseta sem á nútímaíslensku gæti kallast ýktur Íri. Hann hefði kannski ekki náð kjöri annars staðar en hentar frændum okkar vel.

**Öryggi**

Víða um heim hafa komið fram hugmyndir um forseta sem öryggisventil gegn ofríki valdamanna. Eða gegn bruðli þeirra og spillingu eins og í Singapúr þar sem forsetinn gætir varasjóða landsins og getur hafnað embættisveitingum ráðamanna en kemur annars lítið að pólitík. Öryggisventlar geta hins vegar breyst í tímasprengjur ef forsetar eru ekki lausir við eigin metnað.

AF NETINU

### Klófestu umræðuna

Athyglisverðasta 1. maí ávarpið kom að þessu sinni frá verkalýðsfélaginu Afli á Austurlandi. Þar segir, að tekjuháir, með meira en 500 þúsund eftir skatta, hafi klófest umræðuna um niðurfellingu skulda. „Það er sami hópur og var skuldsettastur. Hafði veðsett eigur sínar upp í topp og oft lengra til að viðhalda lífsstíl og til að fjárfesta í góðærinu. Og úr hvaða tekjugeira kemur stærstur hluti þingmanna og hvaðan koma álitsgjafar fjölmiðla og þeir sem stjórna fjölmiðlum? Jú helstu áhrifavaldar samfélagsumræðu í dag eru úr þessum efsta tekjufimmtungi og því er umræðan svo einlit og öfgakennd."

jonas.is
**Jónas Kristjánsson**

### Aðferð til að vekja athygli á málefnum

Þegar Louis Crossley, þekkt baráttukona í umhverfismálum, kom til Íslands á sínum tíma sagði hún að umhverfisverndarfólk ætti að nota öll tækifæri til að vekja athygli á málefnum sínum, til dæmis með því að bjóða fram umhverfisverndarfólk hvar sem það væri hægt, líka til embættis forseta Íslands. Dæmi um þetta var þegar Eva Joly bauð sig fram til embættis forseta Frakklands, vissi það fyrirfram að hún ætti ekki minnstu möguleika en taldi það sigur fyrir sig ef hún fengi 5%. Hún náði ekki því marki en nýtti tækifæri sem annars hefði ekki boðist. Héðan í frá er við slíkum framboðum að búast hér á landi og geta málefnin, sem vekja á athygli á, verið hin ágætustu sem og frambjóðendurnir.

omarragnarsson.blog.is
**Ómar Ragnarsson**



# VORÚT

## ALLT AÐ 60%

**42“ SJÓNVÖRP FRÁ 99.990**

**iPOD/iPAD/ iPHONE VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ 44% AFSLÆTTI**

**ANDROID VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ 33% AFSLÆTTI**

**JABRA BLUETOOTH HEYRNARTÓL OG HÁTALARAR MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI**

# TSALA

## AFSLÁTTUR

PANASONIC SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 200.000 KR AFSLÆTTI

PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 150.000 KR AFSLÆTTI

SKJÁVARPAR MEÐ ALLT AÐ 30% AFSLÆTTI

OLYMPUS MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 30.000KR AFSLÆTTI

FRÁBÆR TILBOÐ Á HEIMABÍÓKERFUM

OPIÐ LAUGARDAG 11 -16

SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup!

STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR




# Eldvarpavirkjun vegvísirinn – ekkert lært af hruninu

Rammaáætlun

Ómar Ragnarsson
sjónvarpsmaður



Nýkomin út úr græðgisbólu og hruni, sem kostaði fjármuni, virðumst við nú stefna í afdrifaríkara siðferðishrun sem kosta mun einstæð og óafturkræf verðmæti, m. a. í hlaðvarpa höfuðborgarsvæðisins.

„Reykjanesskagi, – ruslflokkur Rammaáætlunar“, felur í sér þá staðreynd að samkvæmt áætluninni fara aðeins 3 hugsanleg virkjanasvæði af 19 á skaganum í verndarflokk og 11 er búið að virkja eða á að virkja. 5, sem fara eiga í biðflokk, breyta litlu um heildarmyndina eftir að búið verður að breyta Reykjanesfólkvangi í virkjanasvæði og gera allan Reykjanesskagann að nær samfelldu virkjanasvæði með stöðvarhúsum, skiljuhúsum, borholum, gufuleiðslum og vegum og njörva þetta allt síðan inn í net af möstrum og háspennulínum. Fólkvangur skagans fer verst út úr þessu auk fleiri friðaðra svæða.

Þulin er síbyljulygin um endurnýjanlega og hreina orku sjálfbærrar þróunar þótt fyrir liggi að í forsendum þessara virkjana er aðeins gert ráð fyrir 50 ára endingu orkunnar og að óleyst eru vandamál mengunar, affallsvatns og manngerðra jarðskjálfta í stað þess að fara hægar í sakir í átt sjálfbærrar endingar.

*Dæmi um þetta er hin samþykkta Eldvarpavirkjun sem felur í sér tvöfaldan glæp:*

1. Svartsengisvirkjun og Eldvörp eru með sameiginlegt jarðhitahólf þannig að með því að virkja í Eldvörpum verður flýtt fyrir því að klára orkuna og ganga enn hraðar en áður á rétt komandi kynslóða. Uppgefnar tölur gefa til kynna að jarðhitageymirinn verði tæmdur á 30 árum í stað 50 og að þar með verði orkusölusamningar í uppnámi, arðsemisútreikningar rangir og í lokin tap á hinni ónýtu virkjun sem afkomendur okkar eiga að borga.
2. Eldvörp eru gígaröð og þarf að fara austur að Lakagígum til að finna hliðstæðu. Gígaraðir og móbergshryggir finnast hvergi í heiminum eins og á Íslandi. En með Eldvarpavirkjun og öðrum virkjunum vestan Kleifarvatns á einmitt að ráðast á þessi fyrirbæri, sem eru einkennandi fyrir það að Ísland hefur orðið til á flekaskilum tveggja heimsálfa og á engan jafnoka í veröldinni að þessu leyti.

Að hrifsa til sín orkuna í ofstopagræðgi frá afkomendum okkar og eyðileggja í leiðinni fyrir þeim einstök náttúruverðmæti er siðlaust athæfi, sem mun verða núlifandi Íslendingum til ævarandi skammar, ekki síst vegna þess að stanslaust er logið til um hið raunverulega eðli þessa máls. Á þessu fyrirhugaða virkjanasvæði og öðrum í Reykjanesfólkvangi væri hægt að gera stórbrotinn eldfjallagarð ósnortinnar náttúru ekki síðri en eldfjallagarðinn á Havaí sem lokkar til sín þrjár milljónir ferðamanna um margfalt lengri og erfiðari veg. Þessi íslensku náttúruundur eru aðeins spölkorn frá aðalalþjóðaflugvelli landsins og mesta þéttbýli þess og eru mun verðmætari en skammlífar virkjanir, bæði fyrir dýrmæta ímynd lands og þjóðar og tekjumöguleika af þeim til frambúðar.

Við Eldvörp er að finna ónýtta möguleika til að upplifa einstæða náttúru landsins og lífsbaráttu fyrri kynslóða. Í Sundvörðuhrauni eru t.d. dularfullar og magnaðar kofarústir sem líkast voru felustaður í Tyrkjaráninu og við norðurenda Eldvarpa er hinn forni göngustígur Árnastígur, þar sem hægt væri að sýna hvernig vermenn gengu þar eða riðu með poka sína. Ósnortin náttúra og umhverfi, saga fyrri kynslóða og hvernig þær lifðu af (survival) eru eftirsótt atriði fyrir ferðafólk ekkert síður en hið tilbúna og líkast til skammlífa Bláa lón.

Þetta leiðir hugann að Mývatni. Jafnvel daglega er greint frá því sem sjálfsögðum hlut að gera 90 megavatta virkjun í Bjarnarflagi og þrítugfalda núverandi orkuöflun þar fyrir stóriðju á Bakka. Frá Bjarnarflagi hallar landi beint til Mývatns, sem er aðeins í fjögurra kílómetra fjarlægð. Nú þegar rennur óstöðvandi affallsvatn frá þessari litlu virkjun í átt til vatnsins og hefur gruggað vatnið í Grjótagjá. Menn virðast alveg tilbúnir að spila áhættuspil með þá einstæðu blöndu jarðminja og lífríkis, sem Mývatn er, þótt vandamál með affallsvatn hafi hvergi verið leyst og tilraunirnar við Hellisheiðarvirkjun hafi skapað ónæði og tjón hjá Hveragerðingum í 15 kílómetra fjarlægð. Niðurdæling við Mývatn yrði í þrefalt minni fjarlægð og við Bláa lónið nánast í hlaðvarpanum.

> Menn virðast alveg tilbúnir að spila áhættuspil með þá einstæðu blöndu jarðminja og lífríkis, sem Mývatn er.

Engin bitastæð úttekt hefur verið gerð á því hvert gildi Eldfjallagarðs á Reykjanesskaganum hafi fjárhagslega og ímyndarlega fyrir þjóðina í samanburði við að nánast allt eigi að virkja. Þetta eitt ætti að nægja til að virkjanirnar vestan Kleifarvatns fari að minnsta kosti í biðflokk þangað til allar upplýsingar liggi fyrir. Í staðinn virðast sofandi þingmenn ætla að gera útreið Reykjanesskagans að vegvísi í þeirri vegferð að einstæð ósnortin náttúruverðmæti lendi í ruslflokki og verði umturnað, þeim og þjóðinni til ævarandi skammar.

Kynslóðir munu um
ókomnar aldir
undrast að þetta gat gerst,
að gimsteinar sem voru
gersemar taldir
guldu hér afhroðið mest.
Ómetanlegum auðæfum
landsins
á altari skammgróðans
brennt
og svæði til yndis og unaðar mannsins
í úlfskjaft græðginnar
hent.

# Sex prósent

Sjávarútvegsmál

Magnús Orri Schram
alþingismaður



Það hefur verið gleðilegt að fylgjast með hvernig umsvif og afkoma í sjávarútvegi hafa aukist á síðustu árum. Þar hefur farið saman hátt afurðaverð í erlendri mynt, lágt raungengi krónunnar og góðar gæftir. Mörg af stærstu fyrirtækjunum hafa notað undanfarin ár til þess að grynnka á skuldum í stað þess að fjárfesta. Það var eðlileg ráðstöfun þar sem skuldir hækkuðu mikið við hrunið.



HEIMILD: SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

### Lágt veiðigjald

Veiðigjald hefur verið lagt á útgerðarfyrirtækin síðustu árin. Gjaldið hefur verið fremur lágt síðustu 10 árin enda var afkoman á árunum fyrir hrun umtalsvert lakari en hún er í dag. Nú er staðan hins vegar allt önnur og framlegðin í greininni er nálega tvöfalt hærri mælt í íslenskum krónum. Þrátt fyrir stórbætta afkomu hefur veiðigjaldið í greininni einungis numið 1-6% af framlegð fyrirtækjanna. Þetta þýðir að fyrirtæki í sjávarútvegi hafa haldið eftir ríflega 94% af framlegðinni fyrir sig til að standa straum af fjármagnskostnaði, nauðsynlegri viðhaldsfjárfestingu, tekjuskattsgreiðslum af hagnaði og til arðgreiðslu. Veiðigjaldsgreiðslur hafa því ekki haft mikil áhrif á heildarafkomu fyrirtækjanna fram að þessu.

### Hversu mikið?

Með núverandi frumvarpi er lögð til veruleg hækkun á gjaldinu og þess freistað að veita þjóðinni hlutdeild í arði auðlindarinnar. Ég hef ekki áhuga á því að ganga of nærri útgerðinni með innheimtu gjalda, en tel þó mikilvægt að þjóðin öll njóti að minnsta kosti aukins hluta af viðbótararði auðlindarinnar. Frumvarpið leggur til að þegar útgerðin hefur staðið skil á kostnaði og tekið eðlilega arðsemi úr sínum rekstri, eigi fyrirtækin að skipta því sem eftir stendur með almenningi. Fáir hagsmunaaðilar hafa tjáð sig um hvernig eigi að skipta arðinum á milli útgerðarmanna og almennings, það er hvert sé eðlilegt veiðigjald. Áhugavert væri að heyra hugmyndir útgerðarmanna um hvernig mætti skipta arðseminni af fiskveiðunum á milli eigenda auðlindarinnar og þess sem nýtir hana. Þær hugmyndir myndu varpa skýru ljósi á viðhorf LÍÚ til stöðu almennings sem eigenda auðlindar gagnvart þeim arði sem auðlindin gefur.

VERÐVERND BYKO

LÆGSTA VERÐIÐ

# LÁGT VERÐ
## - ALLA DAGA

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50

## BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Með verðvernd BYKO tryggjum við þér að hjá okkur fáir þú vörur á lægsta mögulega verði.

Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki. Sjá nánar á www.byko.is

Í 50 ár hefur BYKO lagt sig fram við að bjóða Íslendingum allt til heimilisins. Sérfræðingar okkar leiðbeina þér varðandi allar framkvæmdir og veita góð ráð varðandi allt sem viðkemur heimilinu.

**Því okkar markmið er að bjóða viðskiptavinum okkar lágt verð alla daga.**




www.expo.is

Verðvernd BYKO tryggir þér lægsta verðið. Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki! Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is

## Samspil raunhagkerfis og peningakerfis frá póst-Keynesískum sjónarhóli

Hagfræðideild



**Föstudaginn 4. maí kl. 12:00-13:30 í Lögbergi, L-101**

**Fyrirlestur á vegum Hagfræðideildar og Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga.**

Afstaða póst-Keynesískra hagfræðinga til margra af helstu álitamálum hagfræðinnar er í mikilvægum atriðum frábrugðin því nýklassíska sjónarhorni sem hefur verið ríkjandi í hagstjórnarráðgjöf og kennslu síðustu áratugi. Má þar nefna verðmyndun, tekjudreifingu, hagvöxt, atvinnumál og hagstjórn. Í fyrirlestrinum fjallar **Marc Lavoie** um samspil raunhagkerfis og peningakerfis, sem er eitt af helstu ágreiningsefnum póst-Keynesískrar og nýklassískrar hagfræði.

Fjármálakreppan sem nú herjar á hagkerfi heimsins setur þetta efni í brennipunkt og gerir óhjákvæmilegt að taka afstöðu til kenninga póst-Keynesista um innbyggðan óstöðugleika fjármálakerfa og afleiðingar óheftrar útlánaþenslu.

**Marc Lavoie** er prófessor í hagfræði við Ottawa háskóla og höfundur fjölda bóka, bókarkafla og fræðigreina.

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir**

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ


# Áhætturekstur Bændasamtaka Íslands

Bændasamtökin


**Þórólfur Matthíasson**
hagfræðiprófessor




Ég hef eftir talsverða eftirgangsmuni og fyrir tilstilli úrskurðarnefndar um upplýsingamál fengið ársreikning Bændasamtaka Íslands fyrir árin 2008 til 2010 afhentan óritskoðaðan. Það er ekki fögur lesning. Og fleiri ágengar spurningar vakna í kjölfar þeirra sem svör fást við.

Bændasamtök Íslands eiga einkahlutafélögin Hótel Saga ehf. og Hótel Ísland ehf. Þessi félög hafa til umráða umtalsverðar og verðmætar fasteignir tengdar hótel- og veitingarekstri sínum. Árið 2006 virðist staða þessa áhætturekstrar hafa verið góð, en það ár hafnaði Búnaðarþing að selja hluta rekstrarins þó í boði væru 4,3 milljarðar króna. En skjótt skipast veður í lofti því sex árum síðar var eiginfé Hótels Sögu ehf. neikvætt um 2,5 milljarða króna skv. ársreikningi! Félagið virðist ekki hafa getað staðið við skuldbindingar sínar á árinu 2010. Eigandinn, Bændasamtökin, tekur afleiðingu þessarar stöðu og færir verðmæti hlutafjáreignar sinnar niður í núll bæði í Hótel Sögu ehf. og Hótel Íslandi ehf. og afskrifar 950 milljón króna skuld Hótels Sögu við Bændasamtök Íslands.

Af efnahagsreikningi Bændasamtakanna verður einnig ráðið að Bændasamtökin hafi talsverðar vaxtatekjur af svokölluðu geymslufé. Hér vaknar sú spurning hvort þar sé um að ræða fé sem Bændasamtökin sýsla með í umboði ríkissjóðs. Geymslufé var um 160 milljónir króna um áramót 2007/8, um 350 milljónir króna áramótin 2008/9, 708 milljónir króna 2009/10 og 702 milljónir króna áramótin 2010/11. Aðeins er sýnd samtala vaxtatekna og vaxtagjalda, en líklegt er að brúttóvaxtatekjur aukist í takt við aukið geymslufé. Virðist því fara saman aukin fjárþörf Bændasamtakanna í tengslum við hallarekstur hótelrekstrarins og hækkanir upphæða á geymslufjárreikningi.

**Margar spurningar vakna í kjölfar þessa lestrar. Hér eru nokkrar:**

1. Hvað skýrir hið mikla tap í hótelrekstri Bændasamtakanna síðan 2006?
2. Er tap Bændasamtakanna sambærilegt við tap annarra rekstraraðila í sams konar rekstri hér á landi á sama tíma?
3. Hafa lánastofnanir verið viljugri til að lána til hótelrekstrar Bændasamtakanna en til hótelrekstrar annarra aðila? Og ef það er tilfellið, þá hvers vegna?
4. Er rétt að hagsmunasamtök eins og Bændasamtök Íslands, sem sýsla með almannafé fyrir ríkissjóð, standi í áhættusömum rekstri á borð við rekstur veitingahúsa og hótela?
5. Er rétt að félag, sem að stórum hluta hefur tekjur af opinberu fé, sé jafnframt að byggja upp eiginfé sem notað er í áhætturekstri?
6. Hvaða samrekstrarhagkvæmni er fólgin í því að reka saman hagsmunasamtök bænda annars vegar og hótel hins vegar? Eða að reka saman hagsmunasamtök annars vegar og bari og lúxusveitingahús hins vegar?
7. Hvernig er hægt að skýra milljarða halla á rekstri hótela og veitingahúsa þegar ferðamenn flykkjast til landsins sem aldrei fyrr?
8. Geta Bændasamtök Íslands stjórnað aðstreymi geymslufjár úr ríkissjóði, og ef svo er að hve miklu leyti?
9. Geta Bændasamtök Íslands stjórnað frástreymi geymslufjár til umbjóðenda sinna, bænda, og þá í hvað ríkum mæli?
10. Hvaða sjónarmið leggja Bændasamtökin til grundvallar þegar þau safna geymslufé á vaxtaberandi reikninga? Af hverju aukast fjárhæðir á þessum reikningum áramót eftir áramót á tímabilinu 2007 til 2010?
11. Hefur það verklag sem viðhaft er hvað varðar fjárreiður Bændasamtakanna verið borið undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið?
12. Hver hafa viðbrögð ráðuneytisins verið?
13. Hefur ráðuneytið fylgst af eigin frumkvæði með því hvernig Bændasamtökin greiða út styrki og annað ríkissjóðsfé til bænda?
14. Hafa Bændasamtökin beinan eða óbeinan ávinning af umsýslu geymslufjár?
15. Með hvaða hætti hafa kjörnir og ráðnir forsvarsmenn Bændasamtakanna gert aðildarfélögum sínum grein fyrir tapi af hótelrekstrinum?
16. Hafa komið upp hugmyndir um að fá óháða aðila til að gera úttekt á hallarekstri félaga í eigu Bændasamtaka Íslands?
17. Hefur verið fjallað um hallarekstur félaga í eigu Bændasamtaka Íslands í Bændablaðinu?
18. Hvers vegna eru Bændasamtökin mótfallin því að umsýsla styrkja til bænda fari um sérstaka greiðslustofu að evrópskri fyrirmynd?

Allar þessar spurningar snerta neytendur og skattgreiðendur beint, því staðreyndin er sú að með núverandi fyrirkomulagi í sölumálum landbúnaðarins lendir allur kostnaður, nauðsynlegur jafnt sem ónauðsynlegur, að lokum annað hvort á neytendum í formi hærra vöruverðs eða hjá skattgreiðendum í formi hærri beingreiðslna.


Arctic Root
Náttúrulegur orkugjafi!




*- talin hjálpa gegn depurð og prófkvíða*

*- vinnur gegn streitu og álagi*

*- eflir einbeitingu, úthald og þrek*

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

UMDEILDIR PISTLAR

vísir
*- oft á dag*


# Ávarp á alþjóðadegi fjölmiðlafrelsis

Fjölmiðlafrelsi


**Irina Bokova**
framkvæmdastjóri UNESCO





**Ban Ki-Moon**
framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna




Tjáningarfrelsið er á meðal okkar dýrmætustu réttinda. Það liggur til grundvallar öllu öðru frelsi og er ein helsta stoð mannlegrar reisnar. Frjálsir, margradda og óháðir fjölmiðlar eru ómissandi til þess að tjáningarfrelsið fái notið sín. Þetta er inntak Alþjóðlegs dags fjölmiðlafrelsis. Frelsi fjölmiðla felur í sér frelsi til að hafa skoðanir og leita, sækja og miðla upplýsingum og hugmyndum á hvaða hátt sem er og án tillits til landamæra; eins og kveðið er á um í 19. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar. Slíkt frelsi er frumskilyrði heilbrigðs og kraftmikils samfélags.

Umbreytingarnar í Arabaheiminum hafa sýnt hversu sterkt afl felst í þránni eftir réttindum þegar nýir og gamlir fjölmiðlar eru virkjaðir. Nýfengið fjölmiðlafrelsi gefur fyrirheit um umbreytingu samfélaga í krafti gagnsæis og reikningsskila. Það opnar nýjar leiðir til samskipta og til að deila upplýsingum og þekkingu. Öflugar nýjar raddir sem áður fengu ekki að heyrast, hasla sér völl, ekki síst á meðal hinna yngri.

Af þessum sökum er Alþjóðadagur fjölmiðlafrelsis í ár helgaður þemanu Nýjar raddir: Fjölmiðlafrelsi í þágu þjóðfélagsbreytinga.

Fjölmiðlafrelsi er líka ógnað víða um heim. Á síðasta ári fordæmdi UNESCO morð sextíu og tveggja blaðamanna sem týndu lífi vegna starfa sinna. Þessir blaðamenn ættu ekki að gleymast og draga ber fremjendur ódæðisverkanna til ábyrgðar.

Fjölmiðlun færist í æ ríkari mæli inn á netið og á sama tíma sæta vefblaðamenn, þar á meðal bloggarar, ofríki og árásum og eru jafnvel drepnir starfa sinna vegna. Þá verður að vernda rétt eins og starfsmenn hefðbundinna fjölmiðla.

> Fjölmiðlun færist í æ ríkari mæli inn á netið og á sama tíma sæta vefblaðamenn, þar á meðal bloggarar, ofríki og árásum ...

Stofnanir Sameinuðu þjóðanna þinguðu í fyrsta skipti um öryggi blaðamanna og refsileysi ofsækjenda þeirra 13. og 14. september 2011. Þar var tekin saman áætlun um hvernig Sameinuðu þjóðirnar gætu skapað frjálsara og öruggara umhverfi fyrir blaðamenn og fjölmiðlastarfsmenn hvarvetna í heiminum.

Á sama tíma munum við halda áfram að styrkja lagalegar stoðir frjálsra, margradda og óháðra fjölmiðla, sérstaklega í ríkjum sem ganga í gegnum umbreytingar eða endurreisn eftir átök. Við verðum sérstaklega að leggja ungu fólki lið til þess að þróa með sér gagnrýnt viðhorf og fjölmiðlalæsi, nú á tímum upplýsingaofgnóttar.

Alþjóðadagurinn er okkar tækifæri til að draga fánann að húni í baráttunni við að efla fjölmiðlafrelsi.

Við hvetjum ríki, atvinnufjölmiðla og óháð félagasamtök til að taka höndum saman við Sameinuðu þjóðirnar í þeirri viðleitni að efla tjáningarfrelsið jafnt á netinu sem utan þess í samræmi við alþjóðlega viðurkennd grundvallarsjónarmið. Þetta er hryggjarstykki einstaklingsréttinda, grunnur heilbrigðra samfélaga og afl í þágu félagslegra breytinga.

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
ÍSLENSK NOTENDAHANDBÓK



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

# NÝ KYNSLÓÐ ÞVOTTAVÉLA OG ÞURRKARA FRÁ AEG SEM MARKA ÞÁTTASKIL

Allar nýju þvottavélarnar frá AEG skarta hinni nýju og byltingarkenndu **Protex**-tromlu sem tryggir mun betri meðferð og endingu á þvottinum en áður og nýja **OptiSense**-hugbúnaðarkerfið skilar betri orkunýtingu en nokkru sinni fyrr.

L60260FL & L60460FL




**Traust 6 kg. þvottavél með stafrænum skjá, fáanleg bæði 1200 sn/mín og 1400 sn/mín. Einföld og þægileg í notkun og allri umgengni. Íslenskt stjórnborð.**

• Ný Protex–tromla, 66 lítrar, sem fer betur með þvottinn • OptiSense– gáfnaljósið ákveður þvottatíma, vatnsmagn og orku miðað við hleðslu • Afgangsraki: 52% • Stórt lúguop • Öll hugsanleg þvottakerfi, sparkerfi, hraðkerfi (20 mín.) • Tímaval, hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann • Öryggiskerfi gegn leka • Barnalæsing • Sjálfvirk öryggisslökkvun • Þvottahæfni: A / Þeytivinduafköst: B / Orkuflokkur: A++

**Íslensk notendahandbók.**

L75470FL & L75670FL




**Öflug 7 kg. þvottavél með stafrænum skjá, fáanleg bæði 1400 sn/mín og 1600 sn/mín. Kolalaus mótor. Einföld og þægileg í notkun og allri umgengni. Íslenskt stjórnborð.**

• Ný Protex–tromla, 66 lítrar, sem fer betur með þvottinn • OptiSense– gáfnaljósið ákveður þvottatíma, vatnsmagn og orku miðað við hleðslu • Afgangsraki: 43% • Stórt lúguop • Öll hugsanleg þvottakerfi, sparkerfi, hraðkerfi (20 mín.) • Tímaval, hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann • Öryggiskerfi gegn leka • Barnalæsing/Barnaöryggi • Sjálfvirk öryggisslökkvun • Kolalaus mótor, hljóðlátari og endingarbetri • Þvottahæfni: A / Þeytivinduafköst: A / Orkuflokkur: A+++

**Íslensk notendahandbók.**

L87680FL




**Kröftug 8 kg. þvottavél með stafrænum skjá, vindur allt að 1600 sn/mín. Tvö gufukerfi. Kolalaus mótor. Einföld og þægileg í allri notkun og umgengni. Íslenskt stjórnborð.**

• Ný Protex–tromla, 66 lítrar, sem fer betur með þvottinn • OptiSense– gáfnaljósið ákveður þvottatíma, vatnsmagn og orku miðað við hleðslu • Afgangsraki: 43% • Stórt lúguop • Öll hugsanleg þvottakerfi, sparkerfi, hraðkerfi (20 mín.) • Tímaval, hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann • Tvö gufukerfi: Frískun, fjarlægir ólykt • Krumpuvörn, auðveldar straujun • Öryggiskerfi gegn leka • Sjálfvirk öryggisslökkvun • Barnalæsing/Barnaöryggi • Kolalaus mótor, hljóðlátari og endingarbetri • Þvottahæfni: A / Þeytivinduafköst: A / Orkuflokkur: A+++

**Íslensk notendahandbók.**

T65270AC




T76280AC




T86280IC




## NÝJU ÞURRKARARNIR

**Íslenskt stjórnborð** • Stafrænn skjár • Barkalausir með rakaskynjara • Taka allt að **8** kg. af þvotti • Nýtt og byltingarkennt þurrkkerfi í **ProTex**-tromlunni tryggir fullkomið loftflæði og minna slit á þvotti og dregur úr krumpum • Fjöldi þurrkkerfa • Krumpuvörn • Hægt að velja lengd kerfis, frá 10 mín. upp í 2 klst. • Sjálfvirk öryggisslökkvun og margt, margt fleira.

**Íslensk notendahandbók.**

## AÐ ÞVO MEÐ AEG

Þegar þú þværð með AEG máttu búast við framþróaðri tækni og flottri hönnun. AEG þvottavélar eru hannaðar til að skara fram úr á öllum sviðum. Þær eru einstaklega sparneytnar, fjölhæfar, áreiðanlegar og auk þess glæsilegar útlits.

## STÚTFULLAR AF NÝRRI TÆKNI

AEG þvottavélarnar fá allt að A +++ einkunn fyrir orkusparnað og vatnsnotkun, þökk sé m.a. nýja Advanced Fuzzy Logic-kerfinu og svo gerir Silent System Plus-tæknin þær alveg einstaklega hljóðlátar.

## ALLIR GETA FUNDIÐ SÍNA DRAUMAVÉL

Það hafa ekki allir sömu þarfir þegar kemur að þvotti og þvottavélum. AEG þvottavélar fást í mismunandi stærðum og gerðum, t.d. taka þær frá 3.5–9 kg. af þvotti í eina vél og vinduhraðinn er allt frá 400-1600 sn./mín.

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
SJÁ NÁNAR Á: www.ormsson.is

Verslanir og umboðsmenn um land allt

KVIKA

## Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegra er að hún fái skjóta birtingu.







# Verður þjóðkirkja að vera íhaldssöm?


Trúmál

Hjalti Hugason
guðfræðingur



Sigrún Óskarsdóttir
guðfræðingur




Við búum í fjölmenningarsamfélagi. Í samfélagi þar sem ólíkir menningarheimar mætast ríður á að búa þannig um hnúta að sátt og samlyndi ríki. Okkur ber því skylda til að ræða hvernig fjölhyggjunni skuli mætt og kosta kapps um að læra af reynslu annarra í því efni.

Fyrir skömmu birtist hér á landi grein sem lýsir afstöðu Davids Cameron forsætisráðherra Breta til fjölhyggjunnar. Hann ræðir sérstaklega hlutverk Biblíunnar og kristinnar trúar í því samhengi (B+, Fréttabréf Biblíufélagsins, apríl 2012, bls. 9). Í orðum Camerons hlýtur að felast ákveðinn skilningur á hlutverki kirkjunnar í samfélaginu. Enska biskupakirkjan á um sumt svipaða sögu og nýtur að vissu leyti hliðstæðrar stöðu og þjóðkirkjan hér. Því er vert að gefa hugleiðingum hans gaum.

### Veruleiki eða draumsýn?

Cameron lýsir því yfir að Bretland sé kristið land og Bretar eigi ekki að vera hræddir við að viðurkenna það. Biblían er að hans mati einkar mikilvæg fyrir „bresk gildi“ og loks kallar hann eftir að „hefðbundin kristin gildi“ verði endurvakin til þess að vega á móti „siðferðislegu hruni“ Bretlands.

Hér vakna ýmsar spurningar vegna þeirrar opnu og friðsamlegu sambúðar milli trúarbragða og einnig milli trúaðra og ekki-trúaðra sem verður að ríkja í lýðræðislegu fjölhyggjusamfélagi. Er forsætisráðherrann að lýsa Bretlandi fyrri tíma, veruleikanum eins og hann er í dag eða draumsýn sinni um Bretland?

Cameron lýsir þó ekki yfir einfaldri afstöðu. Hann veit og virðir að margir „landsmenn“ eru ekki kristnir og telur ekki „rangt“ að vera annarrar trúar – eða trúlaus. Hann kveðst meira að segja stoltur yfir að mörg „trúarsamfélög eigi heima í Bretlandi“ og að það efli landið.

### Umburðarlyndishefð

Forsætisráðherrann byggir hugmyndir sínar á eldgamalli enskri hefð. Allt frá 17. öld hefur verið skilið á milli opinberrar trúar og einkatrúar í Bretlandi. Biskupakirkjan hefur verið hin opinbera kirkja landsins og eitt helsta sameiningartákn Heimsveldisins við hlið krúnunnar. Frá 1688 hefur aftur á móti ríkt umburðarlyndi gagnvart minnihlutahópum og síðar trúfrelsi – lengi þó með skertum borgaralegum réttindum. Af þeim sökum lítur Cameron raunar svo á að kristnin sé „bresk“ en önnur trúarbrögð „eigi bara heima“ í landinu líkt og gestir eða útlendingar.

### Kallað eftir veraldarvæddri trú

Í ákalli Camerons um endurvakningu kristinna gilda felst áskorun til kirkjunnar og þá einkum Ensku biskupakirkjunnar. Cameron kallar eftir að kirkjan standi vörð um hefðbundin, kristin gildi. Hann kallar kirkjuna jafnframt til ákveðins hlutverks sem felst í því að efla hin bresku gildi.

Það sem Cameron raunverulega kallar eftir er að kirkjan finni sig í því hlutverki að vera stofnun eða rammi utan um það sem kalla má borgaralega eða nánast veraldlega trú (e. civil religion). Aðall borgaralegrar trúar er að standa vörð um hefðbundin gildi samfélags eins og ráðandi öfl kjósa að skilja þau og verða hluti af opinberum táknheimi samfélagsins og efla þannig einingu þess og samstöðu.

Oft er lögð áhersla á að kristinni kirkju beri að vera gagnrýnið, „spámannlegt“ afl í anda þeirra fornu samfélagsrýna sem við mætum í mörgum ritum Gamla testamentisins. Þá er jafnframt minnt á hlutverk trúðsins eða hirðfíflsins sem kom við kaun sem aðrir þóttust ekki sjá. Öll þekkjum við líka frásögnina um barnið í ævintýri Andersens sem eitt benti á nekt keisarans og þannig mætti lengi telja.

Gömul og virðuleg kirkja á borð við íslensku þjóðkirkjuna verður að vísu seint trúverðugt hirðfífl. Kirkja sem bregst gagnrýnislaust

> Í samfélagi samtímans er brýnt að kirkjan spyrji hvort hún geti áfram sætt sig við það að vera einungis rammi um borgaralega trú.

Kirkja sem gengur inn í slíkt hlutverk af heilum huga verður alltaf framlengdur armur ríkisvaldsins hvernig sem tengslum ríkis og kirkju er háttað að öðru leyti. Hún verður alltaf hluti af hástéttinni, hámenningunni, kerfinu eða bákninu. Það telst alltaf til borgaralegra dyggða að tilheyra slíkri kirkju hvað svo sem líður persónulegri afstöðu og virkni. Ákall Camerons til kirkjunnar kemur okkur við vegna þess að íslenskir stjórnmálamenn skilgreina oft hlutverk kirkjunnar í samfélaginu á sama hátt og hann.

### Spámaður, trúður eða fífl?

Í samfélagi samtímans er brýnt að kirkjan spyrji hvort hún geti áfram sætt sig við það að vera einungis rammi um borgaralega trú.

við ákalli um að vera vettvangur borgaralegrar trúar afsalar sér aftur á móti hlutverki spámannsins algerlega. Hún er til friðs, er prúð, stillt og umfram allt íhaldssöm.

### Að lokum

Ábyrgðarlaust væri að svara þeirri ágengu spurningu sem varpað var fram í upphafi með einföldu já-i eða nei-i. Þjóðkirkjan er hluti af langtímaminni samfélags og ber því að gæta ákveðinnar festu. Hún er þó líka hluti af hinni alþjóðlegu kirkju Krists. Í því felst ákall til gagnrýnins endurmats sem beinist ekki síst að kirkjunni sjálfri. Í því felst brýning um að gæta ekki aðeins hefðanna heldur endurskapa þær við síbreytilegar aðstæður, m.a. í ljósi fjölhyggjunnar. Í því felst óhjákvæmilega áskorun um róttækni.





OPINN FRÆÐSLUFUNDUR

**Félag Íslenskra Fótaaðgerðafræðinga býður upp á opinn fræðslufund laugardaginn 5. maí frá kl. 9:45 - 12:00 í tilefni alþjóða fótverndarmánaðarins. Fundurinn verður haldinn í Háskóla Íslands/Öskju, sal 132 að Sturlugötu 7, Reykjavík og er öllum opinn. Boðið verður upp á veglega dagskrá en alheimsfótverndarmánuðurinn er tileinkaður lífaflsfræði.**

DAGSKRÁ

- **Guðmundur Örn Guðmundsson**, bæklunarskurðlæknir, fjallar um skurðaðgerðir á fæti.
- **Guðmundur Daníelsson**, æðaskurðlæknir, fjallar um nýjustu tækni í skurðaðgerðum á æðarhnútum.
- **Guðrún Sigurbjörnsdóttir**, fótaaðgerðarfræðingur, fjallar um hlífðarmeðferðir og fleira.
- **Ingibjörg Ólafsdóttir**, iðjuþjálfari, og **Kristjana Jónasdóttir**, sjúkraþjálfari, báðar starfsmenn á Reykjalundi, fjalla um líkamsbeitingu með áherslu á setstöðu.

**Allir velkomnir!**

iljaskinn SKÓVERSLUN www.iljaskinn.is
Eirberg
GEHWOL
FIF

Félag Íslenskra Fótaaðgerðafræðinga (FIF)
Pósthólf 1223 | 121 Reykjavík | www.fotur.is


# Skipulagsdagar – sjónarmið námsmanna


Menntamál

Sara Björg Pétursdóttir
nemi í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri og móðir leikskólabarna.




Eftir að hafa fylgst með umræðunni um skipulagsdaga leikskólanna undanfarna daga langar mig að vekja athygli á einu sem virðist vera að gleymast í þessari umræðu og það eru foreldrarnir sem eru sjálfir námsmenn!

Þann 18. maí er aftur skipulagsdagur í Reykjanesbæ sem er mjög óheppilegt fyrir þá foreldra sem færðu prófið sitt vegna skipulagsdagsins 30. apríl, voru veikir/með veik börn eða þurfa að taka prófið sitt upp.

Þetta þarf klárlega að endurskoða, því ekki búa allir svo vel að eiga ömmur og afa eða frænkur og frændur til að hlaupa undir bagga með sér og getur margt haft áhrif þar á, til dæmis búseta námsmanna fjarri fjölskyldu.

Það er eins og það gleymist

> Það er eins og það gleymist hreinlega hversu margir foreldrar eru sjálfir í námi. Það þarf að vekja meiri athygli á þessu svo leikskólarnir geti komið til móts við þann stóra hóp foreldra sem er í námi...

Skipulagsdagar dúkka nefnilega stundum upp í miðri prófatíð hjá stúdentum sem eiga börn á leikskóla.

Lokapróf hefjast yfirleitt í lok apríl og standa fram í miðjan maí að undanskildum sjúkra- og upptökuprófum sem eru yfirleitt í kringum 20. maí. Þó auðvitað misjafnt eftir skólum.

Er ekki mögulegt að velja skipulagsdaga sem lenda ekki einmitt á þessum tíma ársins? Í Reykjanesbæ var skipulagsdagur mánudaginn 30. apríl, 1. maí er frídagur, svo þessi helgi var extra löng.

Mjög óheppilegt fyrir þá foreldra sem eru í prófi 30. apríl eða 2. maí!

hreinlega hversu margir foreldrar eru sjálfir í námi. Það þarf að vekja meiri athygli á þessu svo leikskólarnir geti komið til móts við þann stóra hóp foreldra sem er í námi og reynt að velja aðra daga en í miðri prófatíð fyrir skipulagsdaga og aðra viðburði, auðvitað svo lengi sem það er ekki óheppilegt fyrir leikskólana.

Ég held og ég vona að langflestir foreldrar skilji þörfina fyrir skipulagsdaga og vilji jafnframt taka þátt í sem flestum viðburðum á leikskóla barna sinna.

Ég bind því vonir mínar við að hægt sé að mæta foreldrum í námi á miðri leið.


MÚRBÚÐARVERÐ
NOVA PRO höggborvél stiglaus hraði.
2 rafhlöður, Li-Ion 14,4V með tösku
13.900,-
DASH skrúfvél Li-Ion rafhlaða
3,6V m/bitum verð
2.290,-
GMC 14,4V 1,2Ah með aukaraf-
hlöðu, stiglaus hraði, BMC taska
3.590,-
DRIVE fjölnotatæki 180W
4.590,-
DASH PRO höggborvél stiglaus hraði
2 rafhlöður 18V 1,5Ah
15.900,-
DURATOOL
Rafhlöðuborvél 18V
2.990,-
DRIVE flísasög, 600W
7.990,-
ARGES HDA 310 SDS
höggborvél 850W
12.990,-
ARGES slípirokkur HDA 436 1050W
7.990,-
Rafhlöðuborvél /skrúfvél
HDD3213 18V
8.990,-
Slípirokkur HDD432 800W
125mm DIY
4.790,-
DRIVE háþrýstidæla Max
bar 105
7.990,-
1400W, 300 L/mín
HDD1106 580W stingsög DIY
4.690,-
ARGES rafhlöðuborvél
með höggi, HDA2544
17.900,-
DRIVE ryksuga í bílskúrinn
• 1200W
• 20 lítra
• sogkraftur > 16KPA
• fjöldi fylgihluta
6.990,-
SPANDY heimilisryksugan
• 1600W
• afar hljóðlát
• mikill sogkraftur > 18KPA
• Hepa filter
• margnota poki
5.990,-
15 metra rafmagnssnúra
2.995,-
Kapalkefli 10 mtr
2.990,-
Flísasög 800W,
sagar 52 cm
19.900,-
Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Húsavík | Garðarsbraut 50. | Opið virka daga kl. 8-18
Vestmannaeyjar | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# tímamót

timamot@frettabladid.is



58 **SIGRÚN ELDJÁRN,** rithöfundur og myndlistarmaður, á afmæli í dag.
*„Það felst mikið frelsi í pensli og striga.“*

## Merkisatburðir

1837 Háskólinn í Aþenu er stofnaður.

1902 Oddfellow-reglan hefur forgöngu um stofnun Hjúkrunarfélags Reykjavíkur. Það er lagt niður 1937.

1970 Álverið í Straumsvík formlega tekið í notkun, en álframleiðsla hafði þó hafist þar árið áður.

1986 Ísland tekur þátt í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í fyrsta sinn, og nær lagið „Gleðibankinn“ sextánda sæti, en miklar vonir höfðu verið bundnar við að það yrði mjög ofarlega í keppninni.

1998 Fyrsti áfangi Grafarvogslaugar er opnaður.

2007 Madeleine McCann, þriggja ára gamalli stúlku, er rænt úr hótelherbergi í Portúgal, þar sem hún var með fjölskyldu sinni í fríi.

**ÞETTA GERÐIST:** 3. MAÍ 1973

## *Z úthýst úr íslenskri stafsetningu*



Það var þann 3. maí 1973 að bókstafurinn z var felldur brott úr íslenskri stafsetningu, annars staðar en í mannanöfnum þar sem hefð var fyrir að nota hann.

Skiptar skoðanir eru um hvenær z missti sjálfstætt hljóðgildi og fékk framburðinn s en margt í handritum bendir til að það hafi ekki verið fyrr en á 16. öld. Það var því löng hefð fyrir bókstafnum z þegar farið var að semja stafsetningarreglur í tengslum við aukna móðurmálskennslu í skólum. Í Íslenzkum rjettritunarreglum eftir Halldór Kr. Friðriksson frá 1859 eru settar fram reglur um notkun z sem eru nánast hinar sömu og giltu allt fram til ársins 1974.

Til dæmis átti að skrifa z þar sem saman lentu tannhljóð og s, til dæmis þið elskizt (elskið+st), þið hafið elskazt (elskað+st), þú veizt (veit+st), við höfum hitzt (hitt+st). Í efsta stigi lýsingarorða eins og beztur, elztur, helztur var einnig skrifuð z þar sem t og d voru í stofni á undan s. Í orðinu hanzki var rituð z þar sem d fór í stofni á undan s (hand+ski) og svo framvegis.

Mörgum þótti erfitt að læra eða kenna þessar reglur og þar kom að z var felld brott í stafsetningu árið 1974. **Heimild: Vísindavefurinn**



**JÓHANN PÁLL** Segist vilja breyta áherslum í starfi sínu, draga úr daglegu amstri í fyrirtækinu og sinna útgáfuhliðinni betur. „Mér hefur sviðið það að hafa sjaldan tíma lengur til að fá mér kaffibolla með höfundunum og vildi gjarnan breyta því.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON: FAGNAR SEXTUGSAFMÆLI Í DAG

# Ævin er bara örstutt leiftur

„Já, ég neita því ekki að ég upplifi þetta sem dálítil tímamót,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson, útgefandi hjá Forlaginu, sem er sextugur í dag. Af því tilefni hefur hann boðið vinum og vandamönnum til afmælisveislu, sem hann segir að sé nokkuð ólíkt sér.

„Almennt er ég ekki mikið fyrir veisluhöld og hef ekki gert mikið af því í gegnum tíðina að halda upp á afmælið, heldur verið líklegri til að vera að heiman. En þegar lagt var að mér að halda upp á sextugsafmælið reyndist það tiltölulega auðsótt. Ég hef verið að reyna að glöggva mig á því hvað veldur.

Jóhann Páll kveðst ekki hafa komist að einhlítu svari, honum finnist hann að minnsta kosti ekki orðinn gamall.

„En kannski finnst mér ég hafa náð ákveðnum hápunkti, ef svo má segja. Því fer fjarri að ég sé orðinn leiður á mínu starfi en ég er farinn að gera mér ágæta grein fyrir því að ævin er bara örstutt leiftur. Ég hafði aldrei leitt hugann að þessu áður en maður áttar sig betur og betur á þessu eftir því sem maður eldist. Og vill sinna áhugamálunum á meðan maður hefur heilsu og aldur til; það er auðvitað útgáfan og ljósmyndun, sem ég hef mikið yndi af. Síðast en ekki síst er ég mikill barna- og kattakarl; ég á fjögur barnabörn og tvo ketti og vil eiga góðar stundir með þeim.“

Spurður hvort hann sjái fram á breytingar á sínum starfshögum segist Jóhann Páll gjarnan vilja breyta áherslum.

„Í allmörg ár, frá því ég keypti mér hús í Skorradal, hefur draumurinn verið að draga úr daglegu amstri. Ég vildi því gjarnan breyta áherslunum dálítið; ekki endilega að draga úr vinnu en sinna útgáfuhliðinni betur. Af því að ég er að vasast í svo mörgu í fyrirtækinu finnst mér ég vanrækja útgáfuhliðina, sem felur ekki bara í sér að fá hugmyndir að bókum til að gefa út heldur líka að eiga í samskiptum við höfunda. Mér hefur sviðið það að hafa sjaldan tíma lengur til að fá mér kaffibolla með höfundunum og vildi gjarnan breyta því.“

Jóhann Páll segist enn hafa mikla ástríðu fyrir útgáfustarfinu.

„Ég brenn enn fyrir þetta starf, það er óbreytt. Ég held að skýringin sé meðal annars sú að þetta er langbesta útgáfufyrirtæki sem ég hef starfað við. Þetta er feykivel heppnað fyrirtæki, þótt ég segi sjálfur frá. Hér starfar einvalalið, sem vinnur eins og ein liðsheild, og það er hreinn unaður að vinna með þessu fólki og sjá afraksturinn.“

bergsteinn@frettabladid.is


✝



Sambýlismaður minn og bróðir okkar,

**ATLI MÁR KRISTJÁNSSON**

andaðist á Landspítalanum 26. apríl. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 4. maí kl 13.00.

**María Elísabet Jónsdóttir**
**Kristjana E. Kristjánsdóttir**
**Sesselja Kristjánsdóttir og aðrir aðstandendur.**

✝



Elskuleg frænka okkar,

**LÁRA J. ÁRNADÓTTIR**
**frá Burstafelli, Vestmannaeyjum,**
**Aflagranda 40, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 29. apríl. Jarðsett verður frá Áskirkju þriðjudaginn 8. maí kl. 13.00.

**Aðstandendur**

✝



Eiginkona mín, móðir okkar, amma, langamma og systir,

**HALLDÓRA BJARNADÓTTIR**
**Kvígindisfelli, Tálknafirði,**

lést 27. apríl á gjörgæslu Landspítalans í Fossvogi. Minningarathöfn verður í Neskirkju fimmtudaginn 3. maí kl. 15.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar**
**Magnús Guðmundsson.**

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**HILDIÞÓR KR. ÓLAFSSON,**
**Árskógum 8, Reykjavík,**

lést mánudaginn 30. apríl á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin verður ekki auglýst.

**Anna Margrét Albertsdóttir**
**María Hildiþórsdóttir**
**Elísabet Hildiþórsdóttir** **Guðjón Baldursson**
**Þórhildur Guðjónsdóttir**
**Margrét Anna Guðjónsdóttir**

✝



Elsku faðir okkar, afi, bróðir, mágur og uppeldisbróðir,

**GYLFI SÍMONARSON**
**Hlíðarhjalla 46, 200 Kópavogi,**

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut 25. apríl síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju laugardaginn 5. maí næstkomandi kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð fyrir krabbameinssjúk börn.

**Anna María Gylfadóttir** **Júlía Líf Cadeau Önnudóttir**
**Helgi Valur Gylfason**
**Ylfa Lind Gylfadóttir** **Gylfi Valur Ylfuson**
**Sveinn Leifur Símonarson** **Sigurlaug Jóhanna Bergvinsdóttir og fjölsk.**
**Steinn Símonarson** **Erla Gunnarsdóttir og fjölsk.**
**Sigurjóna Símonardóttir og fjölsk.**
**Margrét Ragnheiður Símonardóttir og fjölsk.**
**Margrét Birna Valdimarsdóttir og fjölsk.**
**Ólafur Hinrik Gunnarsson og fjölsk.**
**Nanna Gunnarsdóttir og fjölsk.**
**Baldur Gunnarsson og fjölsk.**

✝



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR**
**frá Norðfirði,**
**til heimilis að Snorrabraut 56b**
**í Reykjavík,**

lést að kvöldi 30. apríl.

**Kolbrún Sigurðardóttir**
**Guðlaugur Sigurðsson** **Alda Björk Skarphéðinsdóttir**
**Valgerður Sigurðardóttir** **Ágúst Ólafur Georgsson**
**og fjölskyldur.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA ENGILBERTSDÓTTIR**

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 28. apríl.

**Sigrún Þórarinsdóttir** **Ragnar Pálsson**
**Birgir Þórarinsson** **Dóra Sigurðardóttir**
**Gunnhildur Þórarinsdóttir** **Sveinn M. Ottósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## VIÐBURÐUR Í KÖBEN

**Copenhagen Fashion Summit 2012 hefst í Kaupmannahöfn í dag. Mary, krónprinsessa Danmerkur, verður með fyrirlestur á ráðstefnunni ásamt þekktum tískuhönnuðum. Íslensku fatahönnuðirnir Ásta Creative Clothing og Hanna Felting taka þátt í tískuviðburði þar sem áherslan er á vistvæna efnisnotkun.**


Eirberg

Sundfatnaður
– ný sending komin



Opið virka daga í sumar frá kl. 9 -18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Mjög haldgóður



teg CAITLYN - fer rosalega vel og fæst í DD, E, F, FF, G, GG, H, HH, J, JJ skálum á kr. 8.950,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur




# SKELLTI Í ÚTSKRIFTARDRESSIÐ

**HÖNNUN** *Drífa Skúladóttir hefur verið að hanna föt síðan hún var í menntaskóla. Hún opnaði nýlega vinnustofu og hannar undir Zolo Design.*

Drífa Skúladóttir hefur lengi saumað á sjálfa sig, vini og vandamenn. Hún hefur nýlega opnað vinnustofu þar sem hún er farin að selja vörurnar sínar undir merkinu Zolo Design. „Ég byrjaði að pæla í hönnun og saumaskap þegar ég var í menntó og skellti meira að segja í útskriftardressið þegar ég kláraði. Ég er ófaglærð en vann lengi á saumastofunni hjá Ástu Guðmundsdóttur hönnuði.“ segir Drífa.

„Mér finnst skemmtilegast að gera yfirhafnir og djúsí peysur. Ég hef hannað slár í langan tíma og þær seljast alltaf vel. Ég nota mikið ullartvídefni og nota leður með því. Jarðarlitir eru í uppáhaldi hjá mér, brúnn, beislitur, drappaður og ferskjulitur.

Svo hef ég verið að útfæra fötin mín í barnastærðum og þá aðallega kápur. Mér finnst gaman að gera eitthvað sætt á stelpuna mína sem er nýorðin tveggja ára.“

Drífa hannar fyrir ólíkan hóp kvenna. Hún hefur gert mikið af kjólum á fermingarstelpur og svo koma líka margar fullorðnar konur til hennar og vilja kaupa yfirhafnir. Hún hannar á alla flóruna en segist þó nánast vera hætt að sauma leggings og annað sem auðvelt er að fá í búðum. „Ég fjöldaframleiði vörurnar mínar ekki og það á að vera spennandi að kíkja á vinnustofuna mína og finna sér eitthvað öðruvísi. Fólk á að geta notað fötin frá mér í langan tíma og við allar aðstæður. Þau eru hönnuð út frá íslenskum aðstæðum og þetta eiga alls ekki að vera einhver fín föt sem er bara hægt að fara í einu sinni. Ég vil hafa svolitla hógværð í kringum þetta og krúttlegheit og langar ekki að hafa hönnunina mína stóra í sniðum.“

Frekari upplýsingar um hönnun Drífu er að finna á síðunni drifaskula.is. ■ lbh

**YFIRHAFNIR Í ÚRVALI** Drífu finnst skemmtilegast að hanna yfirhafnir í alls kyns útfærslum, jakka, slár, peysur og fleira. MYND/PJETUR

### HÓGVÆR

„Ég vil hafa svolitla hógværð í kringum þetta og krúttlegheit. Ég ætla ekkert að sigra heiminn með þessu.“


BUXNASPRENGJA



20-30%
afsláttur af 50 tegundum af buxum og leggings.
Stærðir 34-46

Frábær snið!

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook



Sofðu vel - heilsunnar vegna

VORTILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

PROFLEX



Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.

www.svefn.is




Svefn & heilsa

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

nettoline
INNRÉTTINGATILBOÐ
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NETTOLINE INNRÉTTINGUM
OG 5% AÐ AUKI SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á hvíld, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra





### 60 ÁRA GAMALT MUNSTUR

Helga hannaði munstur í nýju línuna upp úr munstrum af klukkustreng og púðaveri ömmu sinnar. Nýju vörurnar eru komnar í hús í 20BÉ á Klapparstíg. MYND/HELICOPTER



# ÚR SMIÐJU ÖMMU

**HELICOPTER** *Helga Lilja Magnúsdóttir fatahönnuður fær innblástur frá Jórunni Viðar í nýjustu línu sína sem komin er á markaðinn.*

Ég rakst á útsaumaðan klukkustreng og púðaver heima hjá ömmu og munstrið heillaði mig upp úr skónum. Það varð eiginlega til þess að ég fór af stað með Helicopter fyrir tveimur árum en uppistaðan í nýju línunni minni er munstur sem ég bjó til upp úr þessu 60 ára gamla munstri," segir Helga Lilja en hún býr í íbúð ömmu sinnar, tónskáldsins Jórunnar Viðar, í gömlu húsi á Laufásveginum. Henni þykir auðheyrilega vænt um verk ömmu sinnar og sækir mikinn innblástur til hennar. „Í vetrarlínunni fyrir 2012 vann ég einnig með verk ömmu og þá út frá uppáhaldslaginu mínu eftir hana, Únglíngurinn í skóginum. Sú lína er væntanleg í haust."

Ný lína Helgu Lilju er sú þriðja frá því hún stofnaði fyrirtækið sitt árið 2010. Hún segir hlutina hafa undið hratt upp á sig en að baki Helicopter liggi gífurleg vinna. Það sé ekki einfalt að vinna sem fatahönnuður á Íslandi en fólk eigi að elta uppi drauma sína.

„Þegar ég byrjaði ætlaði ég bara að sjá hvort áhugi væri til staðar á því sem ég er að gera en þetta er búið að ganga ótrúlega vel. Ég var að sauma sjálf fyrst en annaði svo ekki eftirspurn og fór fljótlega að láta framleiða fyrir mig í Tallin. Prjónaflíkurnar eru hins vegar framleiddar hér á landi. Svo opnaði ég eigin búð, 20BÉ á Klapparstíg í desember og hún gengur vel. Reyndar eru framkvæmdir núna í götunni sem setja strik í reikninginn en þeim fer að ljúka," segir Helga Lilja hress. „Þetta er vel hægt. Maður þarf bara að vera tilbúinn í rosalega mikla vinnu, brjálæðislega mikla gleði en líka sorg. Ef fólk langar þá á það að láta á reyna." ■ rat



**SUMARLEGT** Nýja lína Helgu Lilju er sú þriðja frá því hún stofnaði fyrirtækið sitt árið 2010. MYND/VALLI

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



Full búð af flottum vörum fyrir flottar konur
St: 40-60
Verslunin Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is



Fjölbreytt grenningarmeðferð
30% AFSLÁTTUR
LEIKFIMI INNIFALIN
HEILSU DREKINN
Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

**EN GEDI** Náttúrulegar Húð- og Hárvörur



Parabens & Formaldehyde Free
Sumartilboð á EN GEDI vörunum laugardaginn 5. maí frá kl. 12.00-17.00 í Álfheimum 2-4.
**20% til 40% afsláttur.**
Kíktu á En Gedi Ísland
EN GEDI
— Natural Care —
From The Dead Sea

Sumarkjólar
ný sending - 20% afsl.
Ótrúlegt úrval af flottum sumarkjólum.
St. 38-48





FLASH
Vertu vinur
Laugaveg 54, sími: 552 5201

Glæsileg í frakka frá Topphúsinu



TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16,
www.topphusid.is
NÆG BÍLASTÆÐI

# HANNAR GLERSKÓ Í ÖSKUBUSKUSTÍL

**Tískuheimurinn hefur lengi átt í eins konar ástarsambandi við heim ævintýranna. Ástarsagan heldur áfram því nú hefur skóhönnuðurinn Christian Louboutin hannað skó þar sem hann sækir innblástur í ævintýrið um Öskubusku. Eftirlíking af glerskónum kemur á markað í haust í tilefni þess að teiknimyndin verður endurútgefin á mynddiski.**

**Tískuáhugafólk verður þó að bíða eftir sumrinu til að berja dýrðina augum en sagt er að hönnuðurinn, sem er frægur fyrir rauða skósóla, muni þrátt fyrir gegnsæi ná að setja mark sitt á skóna.**

**Þetta er ekki í fyrsta skipti sem glerskórinn úr ævintýri Grimms bræðra hefur orðið hönnuðum innblástursefni. Martin Margiela setti sína útfærslu af glerskónum á markað í takmörkuðu upplagi fyrir nokkrum árum.**

**Það lítur út fyrir að ævintýrið um Mjallhvíti verði einnig uppspretta hugmynda fyrir tískuhönnuði þökk sé nýrri kvikmynd, Snow White and the Huntsman sem verður frumsýnd í haust. Nú þegar er snyrtivörulína komin á markað sem gerir fólki kleift að líkjast Mjallhvíti eða vondu stjúpunni.**






AUGLÝSING

# 5300 ÁRA REYNITRÉ

**JW KYNNIR** *Fyrir sex árum fannst 5300 ára gamall reyniviður á Íslandi. Álfar hindra nú frekari rannsókn sem auka mundi þekkingu á jarðfræði landsins.*

Sumarið 2006 gerðu bandarískir vísindamenn frá virtri jarðfræðistofnun í New Jersey merkilega uppgötvun þegar þeir fundu óvenjulega tegund reyniviðar við rannsókn á berglögum í Krýsuvík. Í byrjun vakti sérstök staðsetning trésins athygli, sem og óvenjulegt útlit þess sem benti til mjög hás aldurs. Norskur vísindamaður og sérfræðingur í rannsóknum trjáviðar tók prufu úr trjástofninum og eftir aldursgreiningu vestra kom í ljós að tréð væri um 5300 ára.

Aldrei áður hefur jafn fornt tré fundist á Íslandi og því var aldur þess dreginn í efa. Við bættist sá orðrómur að vísindamaðurinn styddi uppgötvun sína með goðfræðilegum stoðum og því ákveðið að hætta frekari rannsóknum og setja prufuna í vörslu. Í norrænni goðafræði er reyniviður helgaður Þór sem tákn um hamingju og lífskraft og Keltar litu á reynivið sem lífsins tré.

Árið 2011 gat norski vísindamaðurinn aftur gert tilkall til rannsókna á íslensku prufunni og eftir enn nákvæmari rannsóknir voru fyrri niðurstöður staðfestar: íslenski reyniviðurinn er 5300 ára og því eldri en elsta tréð sem hingað til er vitað um, sem er langær fura í White Mountains í Bandaríkjunum.

Nákvæmri staðsetningu reynisins í Krýsuvík er haldið opinberlega leyndri vegna uggs um að straumur ferðamanna skaði tréð, en slíkt varð raunin í White Mountains.

Íslensk kona sem starfað hefur lengi að rannsóknum á trjám á Íslandi hefur bent á að álfar hafi búsetu í íslenskum trjávið og krafist þess að tré og umhverfi þeirra séu útilokuð frá frekari vísindalegum rannsóknum til að trufla ekki „hið ósýnilega fólk“.

Vísindamaðurinn telur þennan framgang „óheyrilega hindrun vísindalegra rannsókna“ því reynitréð geti gefið vitneskju um viðarlaust landslag Íslands á árum áður og aukið nýja þekkingu á jarðfræði- og veðurfarslegri framvindu á Norðurhveli.

J. Weissenberg




**Innritun á haustönn fyrir listdansbraut er hafin!**
Nánari upplýsingar eru á vefnum www.jsb.is og á facebook

**Inntökupróf - framhaldsskólastig**
Laugardaginn 12. maí kl. 15:00 – 16.30.

**Inntökupróf - grunnskólastig**
10 -12 ára, laugardaginn 19. maí kl. 14:00 – 15:00
13 -15 ára, laugardaginn 19. maí kl. 15:00 – 16:30

**Kennslustaðir:**
- Danslistarskóli JSB í Kópavogi, Íþróttahúsi Digraness. Almenn braut.
- Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll. Almenn braut og listdansbraut.

**Viltu gerast vinur JSB?**
Danslistarskóli JSB er á facebook

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

**Náms og kennsla**

Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi. Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

JSB DANSLISTARSKÓLI

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*


Hótel Volkswagen
LEIKRIT EFTIR JÓN GNARR
Í leikstjórn Benedikts Erlingssonar
„Ég hló alveg ótrúlega mikið. Beinskeytt ádeila á okkar samtíma". MK, Djöflaeyjan
„Jón Gnarr keyrir á sprellfjörugu handriti, kostulegum samtölum og dásamlega sjúkum persónum sem leikhópur í toppformi gerir frábær skil...stórgóð kvöldskemmtun" - ÞÞ, Ftími
„Ef þig langar til að dæsa, hneykslast, njóta, hlæja og skammast þín þá pantaðu pláss á Hótel Volkswagen" - SA, tmm
„ER ÞETTA GÁTA EÐA ER ÞETTA BRANDARI?"
Tryggðu þér miða!
Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is

# Hjólað í vinnuna




Þátttakendur hjá Medcare Flögu árið 2004.


Þátttakendur hjá Lýðheilsustöð árið 2005.


Hressir þátttakendur árið 2006.


Starfsmenn Kristness á fleygiferð árið 2009.


Liðið – G-3(r)hjólið frá Landsspítalanum bregður á leik árið 2010


Þátttakendur hjá Mannviti árið 2009.


Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar á góðri stundu árið 2011.

# Sífellt fleiri hjóla í vinnuna

**Heilsu- og hvatningarátakinu Hjólað í vinnuna verður hrundið af stað í tíunda skipti 9. maí næstkomandi á 100 ára afmælisári ÍSÍ. Þátttakan frá upphafi hefur aukist um tvö þúsund prósent og sífellt fleiri tileinka sér hjólreiðar sem samgöngu- og ferðamáta.**


Jóna Hildur Bjarnadóttir. MYND/VALLI

Heilsu- og hvatningarátakið Hjólað í vinnuna hefst 9. maí en flautað er til leiks í tíunda skipti. Átakið stendur til 29. maí en markmið þess er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngukosti. Frá upphafi átaksins hefur þátttakan aukist um 2.000 prósent. Fyrsta árið voru 533 þátttakendur en á síðasta ári voru þeir 11.271. Árið 2003 tóku 45 vinnustaðir þátt en á síðasta ári voru þeir tæplega sjö hundruð.

„Við erum alltaf að ná til fleiri og fleiri eru að tileinka sér þennan ferðamáta," segir Jóna Hildur Bjarnadóttir, sviðsstjóri almenningsíþróttasviðs Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og bendir á að ferðavenjukönnun Vegagerðarinnar sýnir að hlutfall þeirra ferða sem farnar eru á hjóli er að aukast. „Eins gerðum við könnun á meðal þátttakenda Hjólað í vinnuna í fyrra sem sýndi fram á að helmingur aðspurða sagði að átakið hefði haft áhrif á ferðamátann eftir að þátttöku lauk."

Jóna Hildur segir göngustígakerfið á milli borgarhluta sömuleiðis hafa batnað töluvert og árið 2010 gaf Reykjavíkurborg út sína fyrstu hjólreiðaáætlun. „Bæjaryfirvöld eru því að taka vel við sér en til að fólk velji þennan ferðamáta þurfa aðstæður jú að vera góðar. Víða er búið að sópa stíga og götur mjög vel og ekkert annað eftir að gera fyrir þátttakendur en að huga að hjólunum, smyrja keðjuna, herða bremsurnar og festa bjölluna," segir Jóna Hildur glöð í bragði.

Í tilefni tíu ára afmælisins verður dagskráin með veglegu móti. Átakið hefst í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum klukkan 8:30 og geta þátttakendur hjólað við og fengið sér morgunmat. „Þá verðum við með kaffihúsatjöld á nokkrum stöðum í Reykjavík og úti á landi þann 16. maí auk þess sem boðið verður upp á fyrirlestra og fræðslu um umferðaröryggi í samstarfi við Hjólafærni. Við verðum einnig með Facebookleik og hvatningarleik inni á heimasíðu Hjólað í vinnuna þar sem eitt lið verður dregið út á hverjum degi."

Jóna Hildur segir að búið sé að opna fyrir skráningu á heimasíðu Hjólað í vinnuna en fyrirtækjum er skipt í sjö flokka og fer það eftir heildarfjölda starfsmanna á vinnustað í hvaða flokk þau raðast. „Sú nýbreytni verður í ár að lið innan vinnustaða geta skráð sig sérstaklega í kílómetrakeppni en síðan keppast vinnustaðir við að ná sem flestum dögum á tímabilinu og þá gildir að ná sem flestum starfsmönnum með einhverja daga því árangurinn er reiknaður út frá heildarfjölda starfsmanna á vinnustaðnum. Nánari upplýsingar er að finna á www. hjoladivinnuna.is.

# Mikil aukning í sölu hjóla

Ragnar Þór Ingólfsson sölustjóri hjólreiðaverslunarinnar Arnarins segir gríðarlega aukningu hafa orðið í sölu hjóla. Ragnar hrósar Íþrótta- og Ólympíusambandinu að hluta til fyrir þennan aukna hjólreiðaáhuga og segir að það sé aðdáunarvert að sjá hvernig ÍSÍ hefur staðið að átakinu Hjólað í vinnuna sem hefur haft gríðarlega mikil áhrif í því að gera hjólreiðar að daglegum samgöngumáta.

„Svo hefur auðvitað ótrúlega margt batnað á undanförnum árum; fatnaður er orðinn fisléttur og vatnsheldur og töskur og annar búnaður meðfærilegri ásamt fleiru. Einnig mætti nefna áhrifaþætti eins og hækkandi bensínverð, aukna heilsuvitund, lélegt almenningssamgöngukerfi og verri efnahag fólks. Allt eru þetta þættir sem hafa hvetjandi áhrif á fólk til þess að nota hjólreiðar sem samgöngumáta."

Ragnar segir áhugaaukninguna ekki bara hjá einstaklingum heldur líka fyrirtækjum og þakkar það átakinu. „Fyrirtæki leita til okkar í auknum mæli og fá ráðgjöf og þjónustu fyrir starfsmenn. Þeir koma þá með hjólin í vinnuna og við yfirförum þau og liðsinnum eftir bestu getu. Þannig eru fyrirtæki farin að hvetja starfsmenn til að nota reiðhjól sem samgöngutæki."

Örninn rekur einnig reiðhjólaverkstæði innan verslunarinnar og segir Ragnar að í eina tíð hafi það verið lokað frá október til mars en í dag séu tveir starfsmenn þar yfir veturinn sem undirstriki aukna notkun. „Hjólaeign hefur ávallt verið mikil hér á landi en hjólin stóðu mörg hver ónotuð í geymslum og skúrum stóran hluta árs en í dag er fólk farið að nota hjólin. Við sjáum það á stóraukinni sölu tannhjóla, keðja, dekkja, slangna, fatnaðar og búnaðar og þjónustu sem tengist meiri notkun."




Ragnar Þór Ingólfsson sölustjóri Arnarins. Mynd/Vilhelm



Eva Engilráð Thoroddsen, Friðrik Hjörleifsson, Sunna og Reginn í hjólaferð um Hlíðarnar en þannig fara þau allra sinna ferða. MYND/VALLI

# Leist ekkert á þetta

**Fjögurra manna fjölskylda í Hlíðunum losaði sig við bílinn í haust og fer allra sinna ferða á hjóli eða með Strætó.**

„Ég var mjög treg til fyrst. Var svartsýn á að þetta væri yfirleitt hægt með tvö börn í veðurfarinu á Íslandi en Frikki var bjartsýnni," segir Eva Engilráð Thoroddsen en hún og Friðrik Hjörleifsson seldu fjölskyldubílinn síðasta haust þegar Eva hóf nám við HÍ.

„Það munar mikið um rekstur á einum bíl þegar annar aðilinn er í námi. Við búum í Hlíðunum og þaðan er mjög þægilegt að taka strætó um borgina og við gerum það stundum," segir Eva og viðurkennir að hún hafi þurft að komast upp á lagið með breyttan lífsstíl.

„Fyrst fannst mér þetta erfitt, fannst ég þurfa að reikna út tímann og skipuleggja allan daginn fyrir fram og miklaði fyrir mér vegalengdirnar. Núna finnst mér þetta ekkert mál og velti því ekki einu sinni fyrir mér ef ég þarf að skjótast eitthvert, ég hjóla bara."

Börn Evu og Friðriks eru Sunna, sjö ára og Reginn, fimm ára. Sunna hjólar allt sjálf en Reginn situr á tengihjóli sem fest er aftan í hjól pabba hans. Í innkaupaferðum nota þau tengivagn aftan í hjól Evu. „Við erum oft ansi skrautleg þegar við leggjum af stað öll hersingin," segir Eva hlæjandi og bætir við að krakkarnir kunni vel við hjólaferðirnar.

„Þeim finnst þetta æðislegt og vilja helst ekkert vera í bíl. Sunna æfir frjálsar tvisvar í viku í Laugardalnum og við hjólum þangað eða tökum strætó. Við klæðum okkur eftir veðri og erum með hliðartöskur á hjólunum fyrir hlífðarfötin," segir Eva. Hún reiknar með að sumarið verði undirlagt af útivist og hjólaferðum sem ekki var raunin áður.

„Ég hef aldrei gengið á fjöll, þoli ekki að tjalda og við vorum ekki mikið útivistarfólk. Ég átti svo sem alltaf hjól en bara einhverja garma. Frikki er meiri hjólagarpur og hjólaði upp í sumarbústað á Þingvöllum í fyrra. Hann ætlar að draga mig með í sumar. Sumarið mun einkennast af litlum ævintýraferðum um bæinn með krakkana, nesti í Elliðaárdalnum eða Nauthólsvík og sundferðum. Það finnst þeim æðislegt." En hvað segir fjölskyldan um aðgengi fyrir hjólafólk í Reykjavík?

„Því er víða ábótavant. Ökumenn taka ekki tillit til hjólandi vegfarenda og statíf til að læsa hjólum vantar víða," segir Eva. Hún segir þó ólíklegt að þau fái sér aftur bíl. „Við ætluðum bara að prófa þetta til að byrja með og sáum fyrir okkur að kaupa bíl aftur ef þetta gengi illa. Þetta hefur bara gengið það vel að okkur dettur það ekki í hug núna."

**● VINNA AÐ HAGSMUNUM HJÓLREIÐAMANNA Í VÍÐUM SKILNINGI** „Landssamtök hjólreiðamanna, LHM, vinna að hagsmunum hjólreiðamanna í víðum skilningi. Samtökin eru í samskiptum við ríki og sveitarfélög meðal annars um lagningu stíga meðfram stofnbrautum til að greiða fyrir umferð hjólandi manna. Þau vinna einnig að fjölgun hjólreiðamanna og að ýmiss konar fræðslu- og kennsluefni," segir Árni Davíðsson formaður LHM. Auk þess hafa samtökin staðið að ráðstefnum og fengið erlenda fyrirlesara til landsins. Þau halda einnig úti öflugri heimasíðu.

Aðildarfélög LHM eru Fjallahjólaklúbburinn, Hjólreiðafélag Reykjavíkur og Hjólamenn. Hjólreiðafélag Reykjavíkur og Hjólamenn eru bæði skráð sem íþróttafélög innan ÍSÍ en Fjallahjólaklúbburinn er meira fyrir fólk sem notar hjólið sem samgöngutæki.

„Samtökin voru stofnuð árið 1995 af aðildarfélögunum til að taka hagsmunabaráttuna út úr starfi félaganna sjálfra. Nú sér LHM alfarið um þau mál og vinnur hjólreiðum brautargengi á allan hátt," segir Árni. „Fjölgun hjólreiðamanna á undanförnum árum hefur gert okkar starf mun auðveldara og við finnum fyrir meiri vilja til að hlusta á okkar tillögur varðandi samgöngumál."

Nánari upplýsingar um LHM og aðildarfélög þess má finna á eftirtöldum slóðum: http://fjallahjolaklubburinn.is, http://hfr.is, http://hjolamenn.is, http://www.lhm.is.

**● HVERSU LANGT MÁ KOMAST Á KORTERI?**






MYND/STEFÁN

„Ráðlagður dagskammtur hreyfingar fyrir fullorðið fólk er 30 mínútur samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnun. Mig langaði að sjá hvernig væri hægt að uppfylla það með samgöngum til og frá vinnu. Hvað kemst maður langt á korteri á hjóli?" segir Pálmi Freyr Randversson, verkefnastjóri hjá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, en hann er höfundur Korterskortsins svo kallaða.

„Ég komst um það bil fimm kílómetra á korteri með því að hjóla á venjulegum hraða og án þess að svitna," útskýrir Pálmi. Við vinnslu kortsins valdi Pálmi miðju Reykjavíkurborgar út frá þéttleika búsetu. Þaðan hjólaði hann svo í allar áttir eftir hjólastígum í fimmtán mínútur. „Þetta voru raunverulegar mælingar og ekkert slump. Ég komst yfir mjög svipaðar vegalengdir á þessum tíma en stígarnir eru svipað hlykkjóttir. Það var mjög gaman að sjá hvernig stígakerfið virkar og hvað það virkar í raun vel í allar áttir. Það þarf ekki meira en korter til að dekka meira og minna alla borgina," segir Pálmi.

„Með þessu langaði mig að sýna fólki fram á hvað vegalengdir eru í raun stuttar í Reykjavík og vinna gegn þeim mýtum sem fólk setur gjarnan fyrir sig svo sem lélegt stígakerfi og langar vegalengdir. Þá er tilvalið að nota ferðirnar til og frá vinnu til að ná lágmarkshreyfingu á dag og geta þá sleppt því að fara í ræktina eftir vinnu."

Kortið má nálgast inni á heimasíðunni www.hjoladivinnuna.is.

**Útgefandi:** Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson. benedikt@365.is. S. 512 5411
**Ábyrgðarmaður:** Jóna Hildur Bjarnadóttir





Sirrus Elite Disc - 149,900kr


Crosstrail Disc - 94,900kr


Daily 2 DLX - 119,900kr

SPECIALIZED HJÓL & AUKAHLUTIR FÁST Í KRÍA HJÓL HÓLMASLÓÐ 2 INFO@KRIACYCLES, S.534 9164 KRÍA



Árni Jónsson, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Dalvíkurbyggðar, á hjólinu við Másstaði í Skíðadal þann 1. maí. Þaðan hjólaði hann „þessa dásamlegu leið“ aftur til Dalvíkur.

# Hlakkar til að hjóla „Sveitahringinn“ í vor

Árni Jónsson tók fyrst þátt í átakinu „Hjólað í vinnuna“ árið 2007, þá með félögum sínum í útivistarmiðstöð Nauthólsvíkur í Reykjavík, en hann var þar deildarstjóri. Líkt og svo margir sem byrja í átakinu, ánetjaðist Árni hjólreiðunum og var fljótlega farinn að hjóla til og frá vinnu þótt átakinu sjálfu væri formlega löngu lokið. „Í byrjun fannst mér átakið aðallega fólgið í því að hjóla fram hjá bílnum á morgnana,“ segir Árni og hlær. Leiðin að heiman úr Norðlingaholti og niður í Nauthólsvík er um 11 kílómetra löng, en þegar á leið tók Árni oft aukasveig til að lengja hana. „Svo fékk ég mér vagn aftan í hjólið fyrir barnaskutl og búðarferðir, þannig að ábyrgð mín í daglegu stússi heimilisins varð síst minni þótt ég væri á hjóli.“

Í janúar venti fjölskyldan hins vegar kvæði sínu í kross og fluttist til Dalvíkur, þar sem Árni tók við starfi íþrótta- og æskulýðsfulltrúa. Allt lífið varð einfaldara, þar á meðal leiðin í vinnuna, sem fór úr 11 kílómetrum í rúma 400 metra. Til að halda dampi, þurfti Árni því að finna nýjar hjólaleiðir í dreifbýlinu. „Það var nú ekki mikið mál. Ég er til dæmis búinn að finna eina leið um Skíðadal og aðra fallega 27 kílómetra leið um Svarfaðardal, sem kallast „Sveitahringurinn“. Get eiginlega ekki beðið eftir að hjóla þá leið í vorblíðunni. Við slíkar aðstæður er varla til fallegri staður á jörðinni,“ fullyrðir Árni, sem er þegar byrjaður að æsa samstarfsfólkið upp í hjólatúr. „Jú, það verður tekin hópferð um Svarfaðardalinn fljótlega. Það eru samningaviðræður í gangi núna. Mér sýnist vera að myndast öflugur þrýstihópur sem heimtar nestispásu á leiðinni. Ætli maður beygi sig ekki undir það,“ segir Árni og kímir. „Því aðalmálið er að fara af stað. Koma sér í gang. Restin kemur síðan af sjálfu sér.“

# Breyttist í járnkarl

**Átakið „Hjólað í vinnuna“ opnaði nýjar víddir í lífi Helga Hinrikssonar. Hann er nú formaður Þríþrautarfélags Hafnarfjarðar.**

Vordag einn árið 2007 ákvað kerfisstjórinn Helgi Hinriksson, þá 35 ára, að taka þátt í átakinu „Hjólað í vinnuna“ ásamt starfsfélögum sínum hjá Vodafone. Ekki vildi betur til en svo að Helgi „rétt komst í vinnuna“ þennan dag, á gamla hjólgarminum sínum. Hann var klukkutíma og korter á leiðinni úr Hafnarfirði niður í Skútuvog og mætti of seint, bæði rjóður og móður. „Já, já, ég fékk blóðbragð í munninn strax í fyrstu brekkunni, enda allt of þungur og ekki í neinu formi. Þurfti að teyma hjólið á köflum. Vinnufélögunum leist held ég ekkert á blikuna,“ rifjar Helgi upp.



Hjólað í vinnuna hjá Vodafone árið 2007. Helgi er þriðji frá hægri.

Nú, fimm árum síðar, er annað uppi á teningnum, enda breytti Helgi átakinu í lífstíl – og rúmlega það. „Þetta vatt upp á sig í mínu tilfelli. Ég kláraði átakið og hélt svo bara áfram að hjóla í vinnuna. Græjaði mig smám saman upp, fékk mér nýtt hjól og almennilegan fatnað. Í dag er ekkert sem stoppar mig, nema kannski óruddir hjólastígar eða hávaðarok,“ segir Helgi, sem hjólar nú þessa sömu vegalengd á 40 mínútum – á spánnýju hjóli frá Kría Hjól.

Ekki er þó öll sagan sögð. Helgi tók fljótlega að léttast og gat því farið „að skoða eitthvað sem heitir hlaup,“ eins og hann orðar það. Formið varð sífellt betra og betra og hugmyndin um „Járnkarl“ kviknaði, sem er gífurlega erfið þríþraut: 180 kílómetra hjólreiðar, 3,8 kílómetra sund og 42,2 kílómetra hlaup. Helgi þreytti svo Kölnar-Járnkarlinn í fyrra með góðum árangri, þótt dekk hefðu sprungið í fjórgang. Helgi er núverandi formaður Þríþrautarfélags Hafnarfjarðar (www.3sh.is) en líklega var ekkert eins fjarri honum fyrir fimm árum síðan.

Helgi vill meina að aðstæður á vinnustað verði að vera góðar, svo fólk fáist almennt til að hjóla í vinnuna. „Hjá Vodafone er þetta til fyrirmyndar; fínar sturtur og læst hjólageymsla, allt tipp-topp. Fyrirtæki ættu fyrir alla muni að koma upp svona aðstöðu fyrir starfsfólk, sé það möguleiki. Það borgar sig pottþétt til lengri tíma litið, með auknu heilbrigði og vellíðan fólks. Og svitinn er þá ekki heldur nein afsökun, fyrir þá sem setja hann fyrir sig yfir höfuð.“

Umferð hjólandi vegfarenda hefur aukist mikið síðustu árin, en stígar þeim til handa láta á sér standa, þótt vissulega hafi margt breyst til batnaðar, að sögn Helga. „Ég á til dæmis bágt með að skilja af hverju eru ekki lagðir göngu- og hjólastígar meðfram stofnæðum, eins og til dæmis Reykjanesbraut og báðum tengileiðunum inn í Reykjavík úr Hafnarfirði. Stígar þarnar yrðu mikið notaðir og myndu draga úr hættunni sem myndast þegar fólk kýs að hjóla úti í vegkanti.“



Helgi hljóp heilt maraþon í Köln, sem er þó aðeins einn hluti af Járnkarlinum.






# Hjólar hringinn þrátt fyrir að vera með Parkinsons

Snorri Már Snorrason ætlar að hjóla hringinn í kringum landið í sumar þrátt fyrir að vera með Parkinsons-sjúkdóminn. Ferðin hefur hlotið nafnið Skemmtiferðin og er markmiðið að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi hreyfingar.

„Maður þarf að vera fullhraustur til að vera veikur,“ segir Snorri sem greindist með taugasjúkdóminn Parkinsons fyrir átta árum. Sjúkdómurinn gerir alla hreyfingu erfiðari og krefst þess að hann viðhaldi stöðugt styrk og liðleika líkamans og vonast Snorri til að vekja áhuga fólks á mikilvægi hreyfingar með framtaki sínu. „Það þarf kannski ekki mikið til að espa keppnisfólk sem nú þegar stundar hreyfingu. En það er fólkið sem hreyfir sig lítið og er ekki að hjóla, hlaupa eða hreyfa sig sem þarf á hvatningu að halda. Ef ég get skrölt hringinn í kringum landið með minn sjúkdóm þá ætti það að vera hvatning fyrir fólk með fulla heilsu til að labba út í búð, ganga stigann og sleppa lyftunni eða fara í stuttan göngutúr,“ segir Snorri, en þess má geta að hjólreiðarnar eru alls enginn leikur fyrir hann og þarf hann til dæmis að festa hægri fótinn við pedalann.

Snorri segir að það þurfi ekki neinar öfgar til að stunda líkamsrækt. „Íþróttagalli og afrek eru ekki nauðsynleg til að stunda líkamsrækt. Það að fara í léttan göngutúr er líkamsrækt.“ Snorri bendir á að fólk fari oft ekki að hugsa um heilsuna eða hreyfingu fyrr en einhver heilsubrestur banki upp á. „Þess vegna segi ég við þá sem eru hraustir og heilbrigðir: „Gerið það fyrir okkur hin sem erum veik og getum ekki beitt okkur almennilega að hreyfa ykkur við flest tækifæri.“ Áhugasömum er bent á heimasíðu Parkinsonssamtakanna psi.is þar sem hægt er að skoða upplýsingar um Skemmtiferðina betur.



Snorri Már Snorrason ætlar að skemmta sér við að hjóla hringinn í kringum Ísland. MYND/PJETUR

husa.is

# REIÐHJÓLA DAGAR

## AUTHOR HJÓLIN Á FRÁBÆRU VERÐI

BLÁI NAGLINN

**HÚSASMIÐJAN ER BAKHJARL BLÁA NAGLANS. SÝNDU STUÐNING Í VERKI.**



VERÐ VERND

**29.900 kr.**

LÆGSTA LÁGA VERÐ

**Author Vectra 26"**
Bremsur: V-brake
Gírar: 18, gírskipting: Shimano Revoshift
3899998



VERÐ VERND

**29.900 kr.**

LÆGSTA LÁGA VERÐ

**Author Trophy 26"**
Bremsur: V-brake
Gírar: 18, gírskipting: Shimano Revoshift
3899987

KOMDU OG SJÁÐU ÚRVALIÐ!



**Author Matrix 24"**
Bremsur: Tektro 55 AL
Gírar: 18
Gírskipting: Shimano Revoshift
3899972

**32.900 kr.**



**AuthorCompact 26"**
Stell: 20" og 22"
Bremsur: Tektro 855 AL
Gírar: 21, gírskipring: Shimano Revoshift
Þyngd: 12.2 kg
3899953-4

**45.900 kr.**



**Author Dexter 29"**
Bremsur: Tektro Draco
Gírar: 27
Gírskipring: Shimano Alivio
Þyngd: 14.8 kg
389955

**105.900 kr.**

TAKMARKAÐ MAGN AÐEINS Í SKÚTUVOGI

DYNAMO REYKJAVIK



**Author Energy 20"**
Bremsur: Tektro 45AL
Gírar: 6
Gírskipring: Shimano Revoshift
3899947

**39.900 kr.**



**Author Orbit 16"**
Bremsur: Tektro 855 AL
Fótbremsur
Þyngd: 9.1 kg
3899943

**24.900 kr.**



**Author Jet 12"**
Bremsur: Fótbremsur
Þyngd: 8.3 kg
3899945

**23.900 kr.**

AUTHOR®
-í fremstu röð

**Author** er einn af leiðandi framleiðendum reiðhjóla og fylgihluta í Evrópu. Author framleiðir gæðahjól á frábæru verði fyrir hinn almenna hjólreiðamann jafnt sem atvinnumenn. Author reiðhjólin hafa slegið rækilega í gegn hjá Húsasmiðjunni undanfarin ár og nú bjóðum við upp á meira úrval en nokkru sinni fyrr – á frábæru verði.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

**● HJÓLAÐ AF ÖRYGGI OG HAMINGJU** „Hjól eru ökutæki og eiga alltaf heima í umferðinni og á umferðargötum. Á gangstéttum og blönduðum stígum er hjólreiðafólk gestir og kurteisir gestir þakka alltaf fyrir sig þegar gangandi víkja, gera vart við sig og hægja á sér í stað þess að koma óvænt og þjótandi fram hjá þannig að gangandi fólki standi ógn af,“ segir Sesselja Traustadóttir framkvæmdastjóri Hjólafærni á Íslandi, sem er með fyrirlestra og námskeið um hjólafærni og umferðaröryggi hjólandi fólks.

„Hjólafærni er áætlun um eflt öryggi hjólreiðafólks í umferðinni og miðar sérstaklega að hjólandi fólki með ökuréttindi og sem þekkir vel umferðina. Reykjavík er æðisleg hjólaborg þar sem er fljótlegt og frábært að hjóla allra sinna ferða, en á meðan við höfum ekki boðlega hjólastíga er mikilvægt að efla öryggi og færni hjólreiðafólks með því að kenna því að nota göturnar fyrir hjól sín,“ útskýrir Sesselja.

„Í umferðinni eigum við að gera okkur sýnileg á götunni, taka okkar réttmæta pláss og öryggissvæði en ekki vera úti í kanti þar sem skapast hætta á að bílar fari utan í okkur. Á götunum er nóg pláss fyrir bíla jafnt sem reiðhjól og enginn sem á að þurfa að hjóla um óttasleginn. Reglurnar eru enda ekki flóknar og snúast um hægri rétt, kurteisi, að horfa í augun og láta vita hvað maður ætlar að gera. Sé eftir þeim farið geta allir hjólað hamingjusamir í öruggri umferð.“

Sjá nánar um námskeið og fyrirlestra á www.hjolafaerni.is.



**Sesselja segir afar vinsælt á vorin að fá Doktor B.Æ.K til að ástandsskoða hjól í skólum og fyrirtækjum.** MYND/STEFÁN

# Hjólað á háum hælum

**Hjá Valitor er undirbúningur í fullum gangi fyrir átakið Hjólað í vinnuna og þar á bæ mætir starfsfólk mikilli velvild vinnuveitenda síns.**



**Ingibjörg og Stefán Ari fyrir miðju með hópi starfsmanna Valitors sem þegar hafa skráð sig til þátttöku í Hjólað í vinnuna. Eftir átakið í fyrra keypti Valitor fjögur „starfsmannahjól“ til að skutlast á til funda og erinda í nágrenninu.** MYND/VALLI

„Ég klæðist regnkápu og hælaskóm og hjóla svo mína stuttu og þægilegu 1,5 kílómetra í vinnuna,“ segir Ingibjörg K. Halldórsdóttir viðskiptastjóri hjá Valitor um afslappandi hjólatúr sinn til og frá vinnu í miðbænum. „Mér finnst hrein slökun í því að hjóla til vinnu, maður hressist við súrefnið og mætir ferskur og tilbúinn til starfa.“

Starfsfólk Valitors hefur undanfarin ár tekið virkan þátt í átakinu Hjólað í vinnuna og sífellt bætist við fjölda þátttakenda.

„Í fyrra varð sprenging í hjólreiðum starfsmanna og þá setti fyrirtækið upp baðaðstöðu fyrir starfsfólkið. Það var kærkomið enda myndaðist stundum biðröð eftir steypibaðinu á eftir,“ segir Stefán Ari Stefánsson starfsmannastjóri Valitors.

Hann hefur sjálfur hjólað til og frá vinnu síðan snjóa leysti í vor og segist helst ekki mega til þess hugsa að fara með öðrum hætti í vinnuna.

„Ánægjan er svo mikil og hreyfingin góð, en það tekur mig um 50 mínútur að hjóla fram og til baka úr Grafarvognum. Þegar ég breiði svo út fagnaðarerindið bendi ég einmitt á að sú hreyfing dugar fyrir daginn,“ segir Stefán.

Í gærmorgun bauð Valitor starfsfólki sínu upp á ókeypis ástandsskoðun og stillingu á hjólum sínum frá starfsmönnum Kría hjóla og á meðan á keppninni stendur verða dregnir út veglegir vinningar.

„Allir sem hjóla til og frá vinnu verða í potti sem dregið verður úr annan hvern dag, hvort sem þeir fara um langan veg eða stuttan,“ útskýrir Ingibjörg.

Nú þegar vika er til stefnu hafa 38 starfsmenn skráð sig til þátttöku en í fyrra tók yfir þriðjungur 160 starfsmanna þátt í átakinu.

„Íþróttanefnd Valitors hefur verið iðin að kveikja í mannskapnum að draga hjólin sín fram og þá hefur sturtan fækkað afsökunum fyrir því að koma ekki hjólandi til vinnu. Því á enn eftir að bætast í hópinn og vonandi sláum við eigið met aftur í ár,“ segja þau Ingibjörg og Stefán.






# Hjólar „danskur“ úr vinnunni

„Hjólað í vinnuna er dæmi um almenningsverkefni sem hefur slegið í gegn. Það hefur haft mikil áhrif sem sýna sig í þátttökunni. Það hefur örugglega líka haft þau áhrif að einstaklingar sem hafa tekið þátt hafa í kjölfarið ákveðið að breyta um lífsstíl og farið að hjóla reglulega,“ segir Kristján Þór Magnússon, verkefnisstjóri hreyfingar hjá embætti Landlæknis og aðjúnkt við Háskóla Íslands.



**Kristján Þór notar hjólið mikið, bæði til að komast í og úr vinnu og til að njóta hollrar útivistar með fjölskyldunni.**

Fjöldi rannsókna sýnir fram á jákvæð áhrif hreyfingar og segja má með nokkurri vissu að hreyfing lengi lífið. „Við aukum líkurnar á að lifa lengur sjálfstæðu lífi utan heilbrigðisstofnana ef við hreyfum okkur. Það skiptir meira máli að við höfum gott þrek og þol heldur en við séum endalaust að berjast við vigtina og þrekið fáum við meðal annars með því að hjóla reglulega,“ segir Kristján.

Landlæknisembættið er samstarfsaðili ÍSÍ og er virkur þátttakandi í verkefninu. „Það verður góður hópur hér innanhúss sem tekur þátt í Hjólað í vinnuna og það verður tekið verulega á því,“ segir Kristján sem sjálfur notar reglulega virkan samgöngumáta og hjólar í vinnuna. „Það er mikilvægt að vinnustaðir og ríki hafi sína þætti í lagi og geri fólki kleift að koma hjólandi í vinnuna. Ríki og sveitarfélög þurfa að sjá um að samgönguþátturinn sé í lagi og vinnustaðir þurfa að bjóða upp á sturtuaðstöðu. Maður getur þá farið í sturtu eftir að maður kemur í vinnuna og svo hjólar maður bara „danskur“ heim, en það þýðir að hjóla í vinnufötunum. Svo má líka alltaf kippa hjólinu með sér í strætó ef þannig ber við.“

Samgöngukannanir sýna að fjöldi þeirra sem notar reiðhjól sem samgöngumáta hefur aukist verulega undanfarin tíu ár. „Það er mun betra að komast um borgina á hjóli í dag en fyrir 10 árum. Ég held að það sé gott fyrir fólk að taka eina helgi í það að prófa að hjóla á vinnustaðinn sinn og þá sér það að þetta er minna mál en maður heldur. Hjólað í vinnuna er gott verkefni til að hvetja fólk af stað,“ segir Kristján.



Grétar Þór Ævarsson í hjólreiðatúr með dóttur sinni. MYND/VILHELM

# Vistvænn ferðamáti

Um þriðjungur starfsmanna verkfræðistofunnar Mannvits nýtir samgöngustyrk til að komast í vinnuna.

Mannvit hefur sérstaka samgöngustefnu þar sem meðal annars er reynt að uppfylla ferðaþörf starfsmanna á hagkvæman og vistvænan hátt. Fyrirtækið greiðir andvirði mánaðarkorts í strætó til þeirra sem að jafnaði koma til vinnu gangandi, hjólandi, með strætó eða með öðrum bíl. Grétar Þór Ævarsson, samgönguverkfræðingur hjá Mannviti, segir þessi mál hafa verið í umræðunni í nokkurn tíma innan fyrirtækisins enda margir starfsmenn menntaðir í Seattle í Bandaríkjunum þar sem algengt sé að fólk hjóli til og frá vinnu og fyrirtæki veiti slíka styrki. „Samgöngustefnan fór formlega af stað í upphafi árs 2008. Starfsmenn geta nýtt sér styrkinn allt árið eða hluta árs, jafnvel bara einn mánuð í einu.“ Þegar byrjað var að byggja bílastæðakjallara í fyrirhuguðum höfuðstöðvum fyrirtækisins fyrir nokkrum árum fóru mörg bílastæði undir framkvæmdasvæðið. Bílastæðaskorturinn var síðasti hvatinn til að hrinda samgöngustefnunni í framkvæmd þar sem ekki var pláss á lóðinni fyrir bílastæði handa öllum á byggingartíma. Í framhaldinu fóru menn að velta fyrir sér hversu mörg bílastæði þyrfti að byggja við nýjar höfuðstöðvar, hvort ekki væri hægt að leysa málin á ódýrari, vistvænni og heilsusamlegri hátt, enda var áætlað að eitt stæði í slíkum kjallara gæti kostað um fjórar til fimm milljónir á þeim tíma að sögn Grétars.

## STOLTIR YFIR ÁRANGRINUM

Hjá Mannviti vinna um 370 manns og nýtir um þriðjungur þeirra sér samgöngustyrkinn á einhverjum tímapunkti ársins. Grétar segir suma nýta hann allt árið en aðra nýta hann yfir sumarið eða einn og einn mánuð í senn. „Það er til dæmis algengt að starfsmenn hjóli yfir sumarið og taki strætó yfir veturinn. Eða þá að þeir nýti sér einkabílinn yfir háveturinn.“ Fyrirtækjabragur Mannvits einkennist eðlilega af samgöngustefnu fyrirtækisins. Grétar segir starfsmenn stolta yfir árangrinum og að önnur fyrirtæki horfi til þeirra sem fyrirmyndar. Starfsmenn Mannvits taka nú þátt í átakinu Hjólað í vinnuna fjórða árið í röð. „Það er mikill metnaður hjá starfsmönnum okkar. Við höfum unnið nokkur ár í röð í okkar flokki og stefnum að sjálfsögðu á að halda því áfram.“

# Allt gert til að vinna

**Góður aðbúnaður fyrir hjólandi fólk á vinnustöðum er lykillinn að góðum árangri.**



Hjónin Berglind og Magnús sjá mikinn mun á umferð hjólandi fólks í dag og fyrir tíu árum. MYND/PJETUR

Hjónin Berglind Reynisdóttir og Magnús E. Sigurðsson hafa tekið þátt í átakinu Hjólað í vinnuna frá upphafi. Þau störfuðu saman um nokkurra ára skeið hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Flögu en mikill heilsuáhugi ríkti þar að þeirra sögn. Árið sem fyrsta átakið var haldið tóku nokkrir starfsmenn þátt og stóðu sig vel í keppninni. „Þegar við stóðum okkur svona vel sáu aðrir starfsmenn hvað þetta var sniðugt. Næsta ár tóku fleiri starfsmenn þátt og þriðja árið tóku allir starfsmenn fyrirtækisins þátt í átakinu eða rúmlega 70 manns.“ Það árið var búið að breyta reglum átaksins þannig að starfsmenn gátu einnig labbað í vinnuna eða nýtt sér almenningssamgöngur. Mikil og góð stemning myndaðist á vinnustaðnum að sögn þeirra og bílastæði fyrirtækisins stóðu auð. „Það myndaðist rosalega skemmtileg stemning í fyrirtækinu og mikil keppni milli deilda. Því þótt fyrirtækið tæki þátt sem ein heild var líka hörð keppni milli deilda um besta árangurinn og auðvitað vildu allir vinna.“

## METNAÐUR MEÐAL STARFSMANNA

Þegar Flaga var seld úr landi árið 2006 hófu hjónin störf hvort á sínum vinnustað. Berglind hóf störf hjá stóru og fjölmennu fyrirtæki þar sem stemningin fyrir átakinu var lítil. Hún gafst þó ekki upp og skráði sig og deildina sína til leiks. Hún sendi tölvupóst á aðra starfsmenn og hvatti þá til að taka þátt. „Starfsmönnum fannst þetta erfitt til að byrja með og setti alls konar hindranir fyrir sig. Eftir smá tíma skráðu sig þó fleiri til leiks þannig að þetta fór betur en á horfðist.“ Stemningin var þó aldrei í líkingu við árin hjá Flögu. Magnús hóf störf hjá Calidris en fyrirtækið hafði tekið þátt í átakinu áður, þó með dræmri þátttöku starfsmanna. Magnús hefur náð að rífa samstarfsmenn sína með sér og nú er svo komið að Calidris er ávallt í fremstu röð í sínum flokki og hefur fengið verðlaun oftar en einu sinni síðustu fimm ár. Magnús segir metnaðinn vera mikinn hjá starfsmönnum. Þeir hittast meðal annars í morgunkaffi á leið til vinnu hjá starfsmönnum sem eiga heima lengst frá vinnustaðnum, bæði til að virkja fólk til þátttöku og til að safna sem flestum kílómetrum. Berglind starfar í dag hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Betware. Starfsmenn fyrirtækisins hafa áður tekið þátt í átakinu og hún er strax búin að skrá sig og deildina til leiks.

## MIKIL HUGAFARSBREYTING

Magnús og Berglind segjast bæði hafa orðið vör við mikla hugarfarsbreytingu hjá fólki þegar kemur að hjólreiðum til og frá vinnu. Almennt sé fólk að átta sig á því að það sé ekki eins erfitt og það hélt og eru þau sannfærð um að það sé meðal annars átakinu Hjólað í vinnuna að þakka. „Margir settu veðurfarið fyrir sig en okkur finnst almennt eins og fólk sé að átta sig á því að þetta er lítið mál. Svo þarf auðvitað ekki að hjóla á hverjum degi. Það er í lagi að hjóla nokkra daga í viku eða bara einn og einn dag.“ Til marks um aukna vitund almennings segjast þau sjá mikinn mun á umferð hjólandi fólks í dag og fyrir tíu árum.



MYND/KRISTINN R. KRISTINSSON

**● GRÍÐARLEG FJÖLGUN KEPPENDA UNDANFARIN ÁR** Hjólakeppnin Bláalónsþraut á fjallahjóli fer fram í sextánda skipti þann tíunda júní næstkomandi. Hákon Hrafn Sigurðsson hjá Hjólreiðafélagi Reykjavíkur sem skipuleggur keppnina segir algjöra sprengingu hafa orðið í fjölda þeirra sem hjóla reglulega undanfarin ár.

„Um 10 manns tóku þátt í fyrsta skiptið sem keppnin var haldin en í fyrra voru um 400 manns sem kepptu. Fyrstu fimm árin voru færri en hundrað manns með en frá því hundrað manna múrinn var rofinn hefur orðið gríðarleg fjölgun á hverju ári. Það hefur orðið mikil vakning meðal almennings og fjöldi þeirra sem hjólar reglulega hefur aukist verulega,“ segir Hákon Hrafn.

Hann lagði áherslu á að keppnin væri haldin fyrir almenning og að langflestir sem tækju þátt væru venjulegt fólk en ekki keppnismenn. „Það er mikil stemning eftir keppnina og flestir skella sér í Bláa Lónið og skola af sér eftir keppni.“ Nánari upplýsingar um Bláalónsþrautina má finna á heimasíðu Hjólreiðafélags Reykjavíkur: http://hfr.is.

**● HJÓLAR Í VINNUNA ALLT ÁRIÐ** Morten Lange, tölvufræðingur hjá Símanum, hefur tekið þátt í keppninni Hjólað í vinnuna frá upphafi. Áður en verkefnið fór af stað var hringt í Morten og hann spurður álits á því hvort hugmyndin væri góð, enda þekktur hjólreiðamaður. Hann starfaði síðan að útfærslunni með ÍSÍ á sínum tíma.

Morten segir að hann hafi alla tíð hjólað mikið. „Ég hef alltaf hjólað í vinnuna og sömuleiðis í háskólann á meðan ég var í námi. Ég á ekki bíl en þegar ég fer út úr bænum, til dæmis á skíði, þá tek ég bíl á leigu. Það er mun ódýrara en að reka bíl,“ segir hann.

Morten er félagi í Fjallahjólaklúbbnum og í stjórn Landssambands hjólreiðamanna. Hann hefur verið liðsstjóri Símans fyrir verkefnið Hjólað í vinnuna en þar hafa um eitt hundrað manns tekið þátt. Morten segist fagna þeirri breytingu á keppninni að nú séu það liðin sem beri sigur úr býtum en ekki fyrirtækið sem liðið starfar hjá. Hann segist auk þess fagna því hversu mikil aukning þátttakenda hafi verið í keppninni undanfarin ár.

„Mér sýnist að með þessari keppni hafi tekist að auka til muna áhuga fólks á hjólreiðum hérlendis. Margir halda áfram að hjóla þótt keppninni ljúki og það er jákvætt,“ segir Morten sem er frá Noregi en hefur dvalið hér á landi frá árinu 1995. „Hjólreiðar veita frelsistilfinningu og gefa annars konar nánd við umhverfið og náttúruna.“



MYND/STEFÁN

# Dagskrá Hjólað í vinnuna 2012

Ýmsir viðburðir verða í tengslum við 10 ára afmæli Hjólað í vinnuna. Hjólað í vinnuna verður ræst formlega frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum miðvikudaginn 9. maí klukkan 8.30. Öllum þátttakendum er boðið að hjóla við og fá sér léttan morgunverð ásamt því að hlusta á stutt hvatningarávörp.

Ýmsir leikir verða í gangi fyrir lið, liðsstjóra og þátttakendur á meðan á átakinu stendur. Hvatningarleikur Rásar 2 og ÍSÍ hefst 2. maí. Eitt lið veður dregið út á hverjum virkum degi til 29. maí í þættinum Popplandi og hlýtur liðið glæsilega vinninga frá reiðhjólaverslunninni Erninum. Einnig verður myndbanda- og myndaleikur í gangi á heimasíðu og á Facebook-síðu verkefnisins þar sem þátttakendur verða dregnir út daglega. Kaffihúsatjöld verða sett upp miðvikudaginn 16. maí á fimm



stöðum á höfuðborgarsvæðinu og nokkrum stöðum úti á landi í samstarfi við Landssamtök hjólreiðamanna, Kaffitár og Egils Kristal.

Þemadagur verður miðvikudaginn 23. maí þar sem allir eru hvattir til þess að hjóla prúðbúnir til vinnu. Hjólafærni og ÍSÍ bjóða upp á fræðslu um umferðaröryggi og viðhald á hjólum á nokkrum stöðum á landinu. Verðlaunaafhending fer svo fram í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum föstudaginn 1. júní kl. 12.10. Nánari upplýsingar er að finna á www.hjoladivinnuna.is.



**●ALLTAF TEKIÐ ÞÁTT** Guðni Olgeirsson, starfsmaður Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, hefur tekið þátt í átakinu Hjólað í vinnuna frá upphafi og hjólar nánast daglega 10 kílómetra leið úr Garðabæ í vinnuna. „Ég flutti úr Hlíðunum fyrir tveimur árum; það var einfaldlega of stutt að hjóla þaðan þannig að Garðabær varð fyrir valinu," segir Guðni og hlær góðlátlega. Undanfarin tuttugu ár hefur hann hjólað í vinnuna sem þótti skrítið hér áður fyrr en frá því að átakið hófst árið 2003 hefur margt breyst. „Fyrsta árið sem Hjólað í vinnuna var haldið voru færri en tíu manns sem tóku þátt frá ráðuneytinu en í dag eru 15-20 hjól fyrir utan ráðuneytið daglega á góðviðrisdegi og þegar átakið byrjar fjölgar þeim verulega. Svo hjóla nokkrir allt árið í vinnuna, bæði úr nágrenninu og einnig úr nágrannasveitarfélögum." Guðni segir átakið skapa góðan móral á vinnustaðnum. „Þegar vorar þá sendum við póst á starfsmenn, stofnum lið og skipum liðsstjóra. Stundum erum við með fundi eða fáum fyrirlesara til að ræða eitthvað tengt hreyfingu eða hjólreiðum, förum í göngur eða hjólatúra í hádeginu og veitum hvatningarverðlaun til starfsmanna. Í lokin gerum við svo átakið upp og sjáum hvort við höfum bætt okkur milli ára."

**● MIKILL ÁHUGI Á HREYFINGU Á HÖFN** Ingibjörg Ragnarsdóttir ritari í grunnskólanum á Höfn í Hornafirði hefur tekið þátt í átakinu Hjólað í vinnuna frá upphafi. Hún hefur þó aldrei hjólað heldur kosið að ganga í staðinn.



Ingibjörg Ragnarsdóttir

Ingibjörg tekur við skráningum hjá vinnufélögum sínum og segir að mikill áhugi sé fyrir verkefninu á Hornafirði. „Það eru mjög margir sem ganga eða hjóla í vinnuna, enda eru vegalengdir ekki miklar hér. Ég geng alltaf í vinnuna og er auk þess í gönguhópi með nokkrum konum. Við göngum tvisvar í viku, klukkutíma í senn og höfum gert það í fimmtán ár. Ég geng mikið þess utan."

Ingibjörg segir að eftir að hún fór að ganga reglulega hafi hún fundið fyrir aukinni orku og líðanin orðið miklu betri. „Skólinn fékk leyfi til að vera heilsueflandi skóli og áhugi á hreyfingu og hollu mataræði jókst til muna eftir þær breytingar. Mér finnst starfsmenn skólans vera duglegir að hreyfa sig allt árið. Við höfum unnið til verðlauna í þessu átaki fyrir flesta daga."




# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is

## Garðyrkja

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbatæting

Traust þjónusta í 20 ár
S. 554 1989 • Garðlist.is

GARÐSLÁTTUR!
Garðaþjónusta Hlyns
- Garðsláttur
- Klippingar
- Mosaeyðing
- Beðahreinsun
- Vönduð vinnubrögð

Uppl. gefur Hlynur S. 777 9543




**Garðaþjónusta Reykjavíkur 20% afsláttur fyrir eldri borgara.**
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir, sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.

**Er mosinn að eyðileggja garðinn þinn !!??**
Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur Garðyrkjumaður S. 867 4555.

Trjáklippingar, listrænar klippingar og önnur vorverk. Ellilífeyrisafsláttur. Tuga ára reynsla og skjót þjónusta. Trjámann s. 860 4493

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

GARÐLÍF
Tökum að okkur garðslátt, trjáklippingar, beðahreinsun, trjáfellingar, þökulagnir og allt sem viðkemur garðinum.
Komum á staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu
S. 691 9151

Láttu fagmenn vinna verkið.
Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössi 696 6676
www.hellulagnir.is

**Garðsláttur og garðklippingar**
fyrir húsfélög og einstaklinga. Fáðu verðtilboð. ENGI ehf. Sími 615-1605.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.




## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málningarþjónusta Reykjavík**
20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 776 9767

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Málarameistari**
Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

PVC - U
PLAST GLUGGAR
& HURÐIR
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Selhellu 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun



Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

**Dren og klóaklagnir!**
Tökum að okkur endurnýjun á Dren og klóaklögnum á.a almenni jarðvinnu. Uppl. 869 1700, jardlausnir@gmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

HLAÐBÆR COLAS

**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu
Skiptið við gæðavottað fyrirtæki.
Sími: 565-2030
www.colas.is colas@colas.is
ISO 9001 vottun

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Gluggar, hurðir, sólpallar/þök og allt húsaviðhald. Uppl. í s. 896 9819. hermann@parketogsmidar.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar

Símaspá ræð drauma, ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727 Stella.

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árssspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 13.00.

## Rafvirkjun

RafList
Löggildir rafverktakar
Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu. Nýlagnir og viðhaldsvinnu.
Uppl. í s. 699 5552
www.raflist.is

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**Þarfnast bílaplanið þrifa eða viðhalds?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:
Götusópun
Gangstéttarsópun
Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum
Malbiks- og kantsteinaviðgerðir
Grasslátt og umhverfishreinsun
Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is
S: 577 5757
eða gamur@gamur.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

CMT ORANGE TOOLS
Mikið úrval af hjólsagarblöðum.
Ásborg
Smiðjuvegi 11 (gul gata) S: 5641212

## Verslun



VORÚTSALA !! 20-70% AFSLÁTTUR. Verslunin Emilía, Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925, emilia.is

## Fyrirtæki

**Ein af betri sjoppum borgarinnar**
**Til sölu**
**eigin atvinnurekstur Mikil og stöðug velta, bílalúga, spilakassar, ís, ofl.**
**Eignaskipti koma til greina. Áhugasamir sendi póst á : plan10@simnet.is**

## Fasteignir

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík
Frá 1957 Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Hraunbær - mikið endurnýjuð – falleg og mikið endurnýjuð sameign.**







Falleg talsvert endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 3.hæð í mjög góðu fjölbýli. Endurnýjað eldhús, baðherbergi og fl. Mjög snyrtileg endurnýjuð sameign. Innréttingar eru að mestu háglans hvíttsprautaðar í eldhúsi. Flísar og parket. Góðar svalir. **Verð 18,3 millj. Mikið áhvílandi. Allar nánari upplýsingar veitir Þórarinn M. Friðgeirsson á Eignamiðlun.**

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, þurkarar, frystikystur, frystiskápar. S. 896 8568.

Til sölu nett rafskutla. Frelsi fyrir þreytt fólk, selst ódýrt. Uppl. í s. 891 8727.

Sérsmíðaður matarvagn til sölu. Vel tækjum búinn. v.3.5m. uppl í 8988641.

## Gefins

Vegna meiðsla, þarf ég að láta frá mér mikið af íþróttadóti. M.a. takkaskó, (stærð 39-42) allskonar lóð, og íþróttafatnað í mjög góðu ásigkomulagi. Allar upplýsingar fást í síma 867 8675 Inga Jóna

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu fríán prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Slökunarnudd/heilnudd, opið 9-17, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S:823 5669 eða 693 0348.




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð 3ja herb. á Höfuðborgasv. frá 01. júlí, greiðslugeta 100þús, skilvísum greiðslum heitið. Uppl. s. 823 8088.

Par með lítinn strák og hund, vantar húsnæði á Rvk. svæðinu. Getum borgað allt að 200 þ. kr. Uppl. í s. 823 2851 Stella.

4 manna fjölsk. óskar eftir íbúð, helst á jarðhæð með sér inngang eða einbýli. Eru mjög traust og ábyggileg. Helst langtímal. S. 845 2353/663 3417.

## Atvinnuhúsnæði

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við Ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 899 3760.

Flott 85 fm verslunarhúsnæði á besta stað í miðbænum til leigu. Stórir og margir auglýsingagluggar. Leigutími & verð: samkomulag Allar upplýsingar í síma 6911692.

90 fm kjallara rými með góðri lofthæð til leigu á Rauðarárstíg 1. Rvk, Leigutími & verð: samkomulag. Uppl.í síma 6911692

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Smiðir**
**Óska eftir smiðum, góð verkefnastaða.**
**Uppl. s. 821 9661**

**Starfsmaður óskast í rótgróna veiðibúð .**
**Um sumarstarf er að ræða maí - sept.**
**Þekking á stangveiði, stundvísi og góð framkoma skilyrði .**
**Meðmæli æskileg.**
**Sendið upplýsingar á zircon@simnet.is**

Vanur beitningarmaður óskast við beitningu í Þorlákshöfn. S. 853 1193 & 773 3933.

Rótgróið múrfyrirtæki óskar eftir að bæta við sig múrurum. Aðeins faglærðir menn eða mjög vanir múrverki koma til greina. frekari upplýsingar fást hjá ingi. karason@gmail.com

Vanan kraftmikinn háseta vantar á 170 tonna netabát sem fyrst. Upplýsingar í síma 894-2806 og 854-2806.

**Smiðir**
Óska eftir vönum smiðum til vinnu í Noregi. Uppl í s. 663 7027

## Atvinna óskast

Rafvirkjanema vantar vinnu hjá rafvirkja í 6 mánuði til þess að geta tekið sveinspróf. Uppl. í s: 845 3423

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**Pólýfónfélagið**
**Aðalfundur félagsins verður í safnaðarsal Vídalínsk.Garðab. mánud. 7.maí 2012 kl. 17:00.**

**Tónlist á vinyl og geisla í boði.**

**Venjuleg aðalfundarstörf.**
**Mætið vel og stundvíslega.**
**Stjórnin**

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




## Fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Bólstaðarhlíð 16 - 5 herbergja efri hæð.**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-18**




Falleg og vel skipulögð 119,8 fm. 5 herbergja efri hæð í nýendurnýjuðu fjórbýlishúsi í Hlíðunum. Hæðin skiptist í rúmgott hol, samliggjandi skiptanlegar stofur, elhdús með fallegum upprunalegum innréttingum, þrjú herbergi og baðherbergi auk geymslu. Húsið var allt endurnýjað að utan árið 2009, íbúðin er nýmáluð og svalir eru nýlega endurnýjaðar og múraðar. Bílskúrsréttur fylgir íbúðinni. **Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verð 38,5 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**Sandavað 3 – íbúð 0203**

**Opið hús í dag á milli 17 og 17:30**




Glæsileg 4ra herb. íbúð, 104,2 fm., í nýlegu fjölbýlishúsi að Sandavaði 3 í Reykjavík ásamt stæði í bílageymslu. Falleg gólfefni, parket og flísar. Glæsilegar eikarinnréttingar með granítborðplötum. Þvottahús inn af íbúð. Stórar suðursvalir. Stutt í skóla og leikskóla.
**Óskar og Guðjón sýna íbúðina í dag, fimmtudag, á milli 17 og 17:30. Uppl. í síma 822-8750.**

## Tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

Þegar vinna hefst við gerð aðalskipulagsbreytingar skal taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að lýsingu skipulags fyrir eftirfarandi aðal-skipulagsbreytingar:**

1. Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 innan þéttbýlisins Reykholt í Bláskógabyggð. Tenging Lyngbrautar við Biskupstungnabraut.
2. Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 innan þéttbýlisins Reykholt í Bláskógabyggð. Stækkun á athafnasvæði fyrir dælustöð.

Áður en tillaga að breytingu á aðalskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu skal tillagan og forsendur hennar kynnt íbúum sveitar-félagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi tillögur að breytingu á aðalskipulagi:**

3. Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Vindrafstöðvar á athafnasvæði Landsvirkjunar við Bjarnalón.

**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar fyrir eftirfarandi aðal-skipulagsbreytingu:**

4. Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 í landi Bildsfells 3. Landbúnaðarsvæði í stað frístunda-byggðar og efnistökusvæðis.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:**

5. Tillaga að tveggja íbúðarhúsalóða og lóðar fyrir útihús á jörðini Bildsfell 3 í Grímsnes- og Grafningshreppi.
6. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi miðsvæðis Flúða í Hrunamannahreppi. Stækkun Hótel Flúða.
7. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Laugaráss í Bláskógabyggð á lóðum nr. 3-11 við Austurbyggð. Byggingarreitir fyrir bílskúra/bílskýli.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni og á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/. Skipulagstillögur nr. 1 – 3 eru í kynningu frá 3. til 11. maí 2012 en kynningartími fyrir skipulagstillögur nr. 5 – 7 er frá 3. maí til 15. júní. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1-3 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 11 maí en athugasemdir við tillögur nr. 5 – 7 þurfa að berast í síðasta lagi 15. júní 2012. Athugasemdir skulu vera skriflegar.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps

## Atvinna

# Bláa kannan kaffihús

Óskum eftir að ráða til okkar bakara eða aðstoðarmann/konu bakara í afleysingastarf í sumar. Við leitum að skipulögðum, jákvæðum og heilsuhraustum einstaklingi með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Mikil vinna í boði fyrir réttan einstakling. Íslensku kunnátta skilyrði
Umsóknir sendist á netfangið blaakannan@internet.is ( ferilskrá)

## Fundir / Mannfagnaður

# Aðalfundur

Aðalfundur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi verður haldinn **mánudaginn 14. maí kl 18:00** á skrifstofu samtakanna á Suðurlandsbraut 24.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

Stjórn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
BESTU BROTIN ÚR ÞÁTTUM BYLGJUNNAR
BYLGJAN 989
vísir - oft á dag


Það eru allir dagar
Dove dagar
fyrir morgnana
fyrir stefnumótið
fyrir heimilið
eftir ræktina
fyrir fundinn
fyrir háttinn
fyrir myndatökuna
fyrir atvinnuviðtalið
eftir sundið
fyrir langa lokka
fyrir langan vinnudag
20% afsláttur
af öllum Dove vörum frá fimmtudegi til sunnudags.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Úrval þýðinga á íslenskum ljóðum

Icelandic Poetry nefnist umfangsmikið úrval enskra þýðinga á íslenskum ljóðum sem kom út í gær á vegum Sögu forlags. Útgáfan, sem er eitt yfirgripsmesta heildarsafn íslenskra ljóða sem komið hefur út á erlendu máli, var kynnt við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Ljóðin eru öll þýdd af Bernard Scudder, einum mikilvirkasta þýðanda af íslensku á ensku sem fram hefur komið, en hann lést árið 2007, rétt rúmlega fimmtugur að aldri.

Í bókinni þræðir þýðandinn sögu íslenskrar ljóðlistar allt frá Völuspá og Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar til höfuðskálda síðustu alda og ungskálda dagsins í dag. Í bókinni eru ljóð eftir 68 skáld og það er einsdæmi að einn þýðandi láti eftir sig jafnvíðfeðmt úrval af íslenskum kveðskap og birtist í þessari bók.



**ÚRVALSLJÓÐ** Bókin var kynnt við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu í gær og höfundum afhent eintök. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Bernard var ótrúlega fjölhæfur þýðandi," segir Jóhann Sigurðsson hjá Sögu forlagi. „Hann þýddi fjölda skáldsagna, ljóða, leikrita og fræðitexta auk þess sem hann þýddi margs konar efni fyrir stofnanir, fyrirtæki og stjórnvöld og ég leyfi mér að fullyrða að fáir menn hafa reynst íslenskri menningu þarfari en Bernard," segir Jóhann.

Síðustu ár ævi sinnar var Bernard aðalþýðandi Seðlabankans en samhliða því starfi sinnti hann þýðingum á öndvegisverkum íslenskra bókmennta og kveðskap. „Við ákváðum að ráðast í þessa útgáfu til að heiðra minningu hans en jafnframt til að veita umheiminum hlutdeild í stórbrotnu og einstöku ævistarfi," segir Jóhann, en flest þeirra núlifandi skálda sem Bernard þýddi voru viðstödd athöfnina í Þjóðmenningarhúsinu í gær.

# Nýjar leiðir til doktorsnáms

Lagadeild Háskólans í Reykjavík og lagadeild Oslóarháskóla hafa gert með sér samning um doktorsnám, sem felur í sér að doktorsnemar við HR fá aðgang að námskeiðum á doktorsstigi við Oslóarháskóla. Þeir geta einnig valið að taka alla námskeiðaröðina sem þar er í boði. Þetta mun vera mikilvægt, þar sem fæð doktorsnema í lögfræði á Íslandi gerir það að verkum að sjaldan er unnt að bjóða upp á doktorsnámskeið.

Doktorsnemar búsettir á Íslandi, sem vilja stunda nám við Oslóarháskóla, geta stundað það frá Íslandi, haft aðstöðu í HR og annan leiðbeinanda úr kennaraliði skólans.

Samningurinn felur einnig í sér viljayfirlýsingu þess efnis að deildirnar muni í framhaldinu einnig ganga frá samningi um sameiginlega doktorsgráðu. Það mun gefa nemum möguleika á að stunda doktorsnám við báða skólana undir leiðsögn kennara frá lagadeildum þeirra beggja.



**NÁ MIKILVÆGUM SAMNINGI** Hans Petter Graver, forseti lagadeildar Oslóarháskóla, og Guðmundur Sigurðsson, forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík. MYND/HR

---

†



Eiginmaður minn

**FRIÐRIK M. HARALDSSON**
**leiðsögumaður,**
**Hverafold 48,**

andaðist 22. apríl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Anna F. Birgisdóttir**

---

†



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför bróður okkar, mágs, frænda og vinar,

**SIGURÐAR JÚLÍUSSONAR**
**Álfaskeiði 72, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks L-2 á Landakoti og Líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir hjúkrun og umönnun.

**Ingibjörg Ása Júlíusdóttir** **Jóhannes Þórðarson**
**Ásta Haraldsdóttir** **Steinþór Nygaard**
**Erla Júlíusdóttir**
**Júlíus, Valgerður, Ásbjörn Ingi, Jón Páll, Sigurður Þór, Erlendur**
**fjölskylda og vinir.**

---

†



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAFSTEINN GUÐMUNDSSON**
**Suðurgötu 8, Keflavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi sunnudaginn 29. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 10. maí kl. 14.00.

**Jóhanna Guðjónsdóttir**
**Hafdís Hafsteinsdóttir**
**Haukur Hafsteinsson** **Þóra G. Gísladóttir**
**Svala Hafsteinsdóttir** **Magnús Björn Magnússon**
**Brynja Hafsteinsdóttir** **Skúli Jónsson**
**Sigrún Hafsteinsdóttir** **Björn Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐBJARGAR JÓNSDÓTTUR**
**frá Stórholti síðar Dalbraut 18, Rvík.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Guðmundur Theódórs** **Þrúður Karlsdóttir**
**Elinborg Theódórs** **Bjarni Jensson**
**Benedikta Theódórs** **Ólafur Gunnlaugsson**
**Jón Brands Theódórs** **Kristjana Benediktsdóttir**
**Páll Theódórs** **Hrafnhildur Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTJÁN ÓSKAR JÓNSSON**
**frá Loftsstöðum,**
**Skólavöllum 10, Selfossi,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, sunnudaginn 29. apríl. Jarðarförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 10. maí kl. 13.30.

**Ásta Guðrún Benjamínsdóttir**
**Hansína Kristjánsdóttir** **Jón Árni Guðmundsson**
**Kristján Jóhann Kristjánsson**
**Bríet Kristjánsdóttir** **Benedikt Sigurgeirsson**
**Alda Björg Kristjánsdóttir** **Þorvaldur Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, bróðir, mágur og tengdasonur,

**EINAR ÞÓR ÞÓRHALLSSON**
**framkvæmdastjóri,**
**Mávanesi 18, Garðabæ,**

lést fimmtudaginn 26. apríl. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 4. maí kl. 15.00.

**Andrea Þ. Rafnar**
**Sunna Björg Einarsdóttir** **Gunnar Rögnvaldsson**
**Stefán Arnar Einarsson** **Erna Leifsdóttir**
**Örn Þórhallsson** **Erla Magnúsdóttir**
**Þórunn Þórhallsdóttir** **Jón Hjaltalín Ólafsson**
**Sigríður Þórhallsdóttir** **Jón Kristján Árnason**
**Hörn Harðardóttir** **Matthías Jakobsson**
**Þorbjörg J. Rafnar**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ELÍN ELÍSABET GUÐMUNDSDÓTTIR**
**húsfreyja frá Ófeigsfirði,**

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju, mánudaginn 7. maí kl. 13.00.

**Bára Guðmundsdóttir**
**Ragnar I. Jakobsson**
**Pétur Guðmundsson** **Margrét Ó. Eggertsdóttir**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Torfi Þorkell Guðmundsson** **Helga V. Rósantsdóttir**
**Ásgeir Guðmundsson** **Inga A. Waage**
**Böðvar Guðmundsson** **Hrönn Valdimarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA KRISTÍN GUÐJÓNSDÓTTIR HJALTALÍN**
**frá Brokey,**

lést á Sjúkrahúsinu í Stykkishólmi mánudaginn 30. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Freysteinn V. Hjaltalín**
**Friðgeir V. Hjaltalín** **Salbjörg Sigríður Nóadóttir**
**Laufey V. Hjaltalín** **Þorsteinn Sigurðsson**
**Guðjón V. Hjaltalín** **Ásta Sigurðardóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

†



Ástkær systir okkar og mágkona,

**SVANDÍS JÓNSDÓTTIR WITCH**

andaðist í London föstudaginn 27. apríl.

**Ingimar G. Jónsson Ester Eyjólfsdóttir**
**Tómas Jónsson**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN RUTH JÓNSDÓTTIR**
**Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði,**

andaðist laugardaginn 28. apríl. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 7. maí klukkan 13.00.

**Inga Jóna Jónsdóttir** **Steindór Guðmundsson**
**Ólína Bergsveinsdóttir** **Guðmundur Ragnar Ólafsson**
**Jón Bergsveinsson** **Ásdís Árnadóttir**
**Björg Bergsveinsdóttir** **Eggert Dagbjartsson**
**Bergsveinn Bergsveinsson** **Gígja Hrönn Eiðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur, bróðir og afi,

**GUÐMUNDUR HANNES JÓNSSON**
**rafvirkjameistari,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans sunnudaginn 29. apríl. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 7. maí kl. 13.00.

**Fjóla Erlingsdóttir,**
**Haraldur Hannes Guðmundsson,**
**Erling Freyr Guðmundsson, Ragnheiður K. Ástvaldsdóttir,**
**Jón Þór Guðmundsson,**
**Laufey Rut Guðmundsdóttir,**
**Erling Jóhannsson, Þórunn Rut Þorsteinsdóttir,**
**Þórhildur Harpa Jónsdóttir,**
**Guðrún Þórdís Ferrier Jónsdóttir,**
**Björg Jónsdóttir,**
**Helga Jónsdóttir,**
**Líneik Jónsdóttir,**
**Ylfa Marín, Arnar Freyr og Jórunn Eva.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**BIRNA SVALA PÁLSDÓTTIR**
**Reykjafold 13, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum laugardaginn 28. apríl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 10. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Sigurmundur Haraldsson**
**Rakel Garðarsdóttir** **Lars Otto Grindheim**
**Stefán Garðarsson** **Laufhildur Harpa Óskarsdóttir**
**Ólöf Garðarsdóttir** **Sigþór Haraldsson**
**Guðrún Ösp Sigurmundardóttir** **Jakob Guðmundur Rúnarsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

# FARTÖLVUTILBOÐ




## TOSHIBA

SATELLITE L755-1GH

Gríðarlega öflug fartölva með 15,6" skjá, Intel i7 SandyBridge örgjörva, Geforce skjákorti og 8GB vinnsluminni.

**169.990**

Fullt verð 189.990




## TOSHIBA

SATELLITE P750-10R

15,6" fartölva með Intel i5 SandyBridge örgjörva, Geforce skjákorti, 4 GB minni og Harman Kardon hátölurum.

**159.990**

Fullt verð 179.990




## ASUS

K53SM-SX015V

15,6" fartölva með Intel i5 SandyBridge örgjörva, 500GB hörðum diski og Geforce skjákorti.

**149.990**

Fullt verð 179.990




## acer

A4755G-2334G50MN

14" fartölva með Intel i3 SandyBridge örgjörva, 4GB minni og og Geforce skjákorti.

**119.990**

Fullt verð 139.990

## STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS




**OPNUNARTÍMI:**
Virka daga 9-18
Laugardaga 11-16

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** ryk, **6.** í röð, **8.** máltíð, **9.** rénun, **11.** fíngerð líkamshár, **12.** vaxa, **14.** skraut, **16.** tveir eins, **17.** húsfreyja, **18.** skammstöfun, **20.** hróp, **21.** spírun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, **3.** kringum, **4.** hugarró, **5.** nögl, **7.** kæna, **10.** kvenkyns hundur, **13.** útdeildi, **15.** hljóðfæri, **16.** knæpa, **19.** mun.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kusk, **6.** áb, **8.** mál, **9.** lát, **11.** ló, **12.** stíga, **14.** skart, **16.** kk, **17.** frú, **18.** rek, **20.** óp, **21.** álun.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** um, **4.** sálarró, **5.** kló, **7.** bátskel, **10.** tík, **13.** gaf, **15.** túpa, **16.** krá, **19.** ku.




# Gínurnar í glugganum

**BAKÞANKAR**
**Friðriku Benónýs**



Næsti biskup Íslands verður kvenkyns. Þúsund ára einokun karla á því embætti er lokið og fagnaðarlátunum ætlar aldrei að linna. Enn eitt dæmið um það hvað Íslendingar eru líbó og langt komnir í jafnréttismálum. Fréttaflutningur af biskupskjörinu nánast einskorðast við kyn biskupsins tilvonandi og sú staðreynd að kjörið sýnir fyrst og fremst þann ásetning kirkjunnar manna að viðhalda status quo og slá um leið vopnin úr höndum þeirra sem gagnrýnt hafa kirkjuna fyrir kvenfyrirlitningu fellur í skuggann. Íhaldssöm kona er sjálfkrafa betri kostur en frjálslyndur karl að mati jafnréttissinna.

**JAFNRÉTTISUMRÆÐAN** á Íslandi snýst nefnilega um það hversu mörgum konum sé hægt að tylla í áberandi embætti til að vekja aðdáun útlendinga. Eða svo virðist manni að minnsta kosti á stundum. Forsætisráðherrann er kona, forseti Alþingis er kona, ráðherrar eru fleiri kvenkyns en karlkyns og margt bendir til þess að næsti forseti lýðveldisins verði kona. Lengra er nú varla hægt að komast í jafnréttinu, eða hvað? Hverjum er ekki sama hver veruleikinn er að baki þessari flottu gluggaútstillingu? Spurningin sem öll þessi umræða um framgang kvenna í opinberum stöðum vekur er þessi: Hefur þetta skilað sér í aukningu á raunverulegu jafnrétti kynjanna? Og því miður er ansi fátt sem bendir til þess. Kvennastéttir eins og leikskólakennarar, hjúkrunarfræðingar og kennarar, svo ekki sé nú minnst á ófaglærðar starfskonur og verkakonur, eru enn meðal lægst launuðu stétta landsins og fá merki um það að framsókn kvenna í opinberum stöðum hafi nokkur áhrif þar á. Kynferðisbrotum gegn konum fjölgar ár frá ári og verða sífellt hrottalegri en dómar fyrir slík brot líkjast enn í besta falli lélegum bröndurum. Klámvæðingin og kvenfyrirlitningin blómstra sem aldrei fyrr og eftirspurn eftir vændi hefur aldrei verið meiri. Veruleikinn sem hin almenna íslenska kona býr við stangast hressilega á við glansmyndina um kvenfrelsisríkið Ísland.

**AUÐVITAÐ** ber að fagna því að konur nái frama innan embættismannakerfis og pólitíkur en umræðan má ekki stöðvast þar. Það að kona fari úr prófastsembætti í biskupsembætti hefur því miður sorglega lítið með jafnrétti kynjanna að gera. Því jafnrétti miðar ekkert áfram á meðan dætur okkar standa frammi fyrir því að verða fyrst og síðast metnar út frá kynferði sínu en ekki atgervi. Jafnrétti snýst ekki um flauelsklædda stóla fyrir fáar útvaldar heldur að allt fólk, karlkyns og kvenkyns, af öllum stéttum og stigum sitji við sama borð hvað varðar afkomumöguleika og virðingu.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes



### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





SUMAR TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
4BLS BÆKLINGUR
GLÆSILEGUR 4BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM SUMARTILBOÐUM
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
Birt með fyrirvara um breytingar og villur
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU
GOTT Á GRILLIÐ GOTT Á GRILLIÐ
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1979 KR.KG
KJÚKLINGABRINGUR
BÓNUS Kjúklingur Læri, leggir vængir
595 KR.KG
BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
729 KR. KG
179 KR. 2 LTR.
FANTA ORANGE
998 KR. 760 GR
BÓNUS GULRÓTARKAKA
BÓNUS FULLELDAÐUR BUFFALO KJÚKLINGUR
TILBÚIN VARA: ÞARF AÐEINS AÐ HITA
BÓNUS BUFFALO VÆNGIR 800 GRÖMM
BÓNUS BUFFALO LEGGIR 800 GRÖMM
398 KR. 800 GR
598 KR. 800 GR
259 KR. 4 STK.
BÓNUS KORNKUBBAR 4 STK.
BÓNUS KAFFI
398 KR. 500 G
BÓNUS KAFFI
4X SPINNER
398 KR. 4 STK.
SPINNER ÁVAXTA-FROSTPINNAR 4 STK.
4x1.5l
Coca-Cola
698 KR. 6 LTR.
COKE 4 X 1.5 LTR.= 6 LTR.
VANILLA FLAVOURED ICE CREAM CONES x8
498 KR. 8 STK.
8 STK. VANILLU- ÍSTOPPAR
ICE CREAM WITH CHOCOLATE FLAVOURED COATING x12
398 KR. 12 STK.
12 STK. VANILLU- ÍSPINNAR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT Á GRILLIÐ GOTT Á GRILLIÐ
FROSNIR
ADEINS 170 KR. STK.
1698 KR. 10 STK.
10 STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR
159 KR. 4 STK.
BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ
GRILLOLÍA 500ML
Caj-P. ÓMISSANDI Á GRILLKJÖTIÐ
459 KR.
198 KR. 680 G
„TÓMATSÓSAN"
379 KR. 300 ML
„FABRIKKU SÓSAN"
GÓÐ KAUP
BÓNUS borgarar
10 stk. x 120 g
1598 KR. PK.
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
10 STK X 120 GR.
229 KR. 612 ML
398 KR. PK.
2 STK. 140 GR. FERSKIR
NAUTAHAMBORGARAR
1495 KR. KG
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
359 KR. 480 G
10 STK. BÓNUS VÍNARPYLSUR
639 KR. 560 G
SS PYLSUR 10 STK.
3598 KR. KG
KS FROSIÐ LAMBAFILLET
159 KR. 5 STK.
5 STK. BÓNUS PYLSUBRAUÐ
98 KR. 200 G
STEIKTUR LAUKUR
ÍSLANDSLAMB: FERSKT KRYDDAÐ ÚRBEINAÐ
LAMBALÆRI Í ÁLBAKKA TILBÚIÐ TIL ELDUNAR
KJARNAFÆÐI
1395 KR. KG
FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB
1998 KR. KG
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Veiðileyfi á konur í íslenskum bókmenntum

Í dag heldur Helga Kress, fyrrum prófessor í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, hádegisfyrirlestur sem ber heitið „Veiðileyfi á konur? Um (mis)notkun persónulegra heimilda í verkum nokkurra karlrithöfunda samtímans“.

Fjallað verður um konur sem aðalpersónur og/eða sögumenn í sögulegum skáldsögum eftir íslenska karlrithöfunda samtímans. Lögð verður áhersla á raunverulegar fyrirmyndir þeirra, einkum í skriflegum heimildum, vinnubrögð höfundanna við úrvinnsluna, viðtökur bókanna og ófagleg viðbrögð við gagnrýni.

Helga mun meðal annars fjalla um bókina Enn er morgunn eftir Böðvar Guðmundsson. Aðalsögupersónur hennar byggja á foreldrum Helgu, þeim Bruno Kress og Kristínu Thoroddsen. Í kjölfar útgáfu bókarinnar krafðist Helga þess að hún yrði dregin til baka af markaði, því Böðvar hefði byggt hana á trúnaðarupplýsingum sem Helga veitti honum þegar þau voru hjón.

Aðrar skáldsögur sem Helga ætlar að ræða um eru Slóð fiðrildanna, Sakleysingjarnir og Málverkið eftir Ólaf Jóhann Ólafsson og Konan við 1000° eftir Hallgrím Helgason.

Sögusvið skáldsagnanna sem um ræðir er Ísland og Evrópa á tímum síðari heimsstyrjaldar með sérstakri áherslu á nasismann, auk þess sem þær teygja sig aftur á bak og áfram í tíma og er þannig ætlað að vera „aldarspegill“ með íslensku konuna sem táknmynd þjóðernis í miðju.

Fyrirlesturinn fer fram í stofu 101 í Odda á milli klukkan 12 og 13 í dag. - hhs



HELGA KRESS BÓKMENNTAFRÆÐINGUR




# Í skugga stríðs

**Í skugga stríðs er yfirskrift rúmlega vikulangrar kvikmyndahátíðar sem hefst í kamesi aðalsafns Borgarbókasafns, Tryggvagötu, föstudaginn 4. maí. Hátíðin er haldin í samstarfi við Goethe-Institut og er um að ræða myndir sem gefa nokkra innsýn í þýska kvikmyndagerð þessa tímabils, bæði í vestri og austri. Meðal mynda á hátíðinni verða Die Mörder sind unter uns frá 1946, Der Hauptmann von Köpenick frá 1956, og Abschied von gestern (Anita G.) frá 1966 í leikstjórn Alexanders Kluge.**

**Hátíðin stendur til sunnudagsins 13. maí. Aðgangseyrir er enginn og allir velkomnir. Allar myndirnar eru með þýsku tali og ensku texta.**



**STJÓRNANDI** Garðar Cortes stjórnar Óperukórnum í Reykjavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Leggur land undir hjól

**Óperukórinn í Reykjavík undir stjórn Garðars Cortes leggur land undir hjól og heimsækir nágrannabyggðalög við Borgarfjörð. Fyrsta stoppistöð er Akraneskirkja, þar sem kórinn tekur þátt í messusöng sunnudaginn 6. maí klukkan 11. Í framhaldi af því heldur kórinn tónleika í Vinaminni, safnaðarheimili Akraneskirkju, klukkan 12.30 og aðra í Borgarneskirkju klukkan 16.**

**Meðal efnis á dagskrá má finna syrpu úr Meyjarskemmu Schuberts og einsöng og kóra úr West Side Story, Kátu ekkjunni og Carmen og íslenskar perlur, meðal annars eftir Jón Ásgeirsson og Halldór Kiljan Laxness. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.**

# Málhóf myndlistarfólks í Hafnarhúsinu

**Í tilefni af lokadegi vorsýningar Listaháskóla Íslands efna útskriftarnemendur og kennarar myndlistardeildar til Málhófs í Hafnarhúsinu sunnudaginn 6. maí.**

**Á Málhófinu verða viðraðar ýmsar spurningar sem snúa að nýútskrifuðu myndlistarfólki, svo sem hvernig fagurumhverfi blasir við, hvað hefur námið skilið eftir sig og hvað blasir við?**

**Fjórir fulltrúar nemenda og fjórir fulltrúar starfandi myndlistarmanna, nýútskrifaðra sem reynslumeiri, og fólks af vettvangi íslenskrar samtímamyndlistar flytja örstutt erindi og lýsa eigin sýn á stöðu mála. Í framhaldinu verða opnar umræður.**

**Málhóf hefst klukkan 13.30 í fjölnotasal Hafnarhússins. Allir eru velkomnir.**

# Útskriftar-tónleikar í Iðnó

**Þrír nemendur við Listaháskóla Íslands, Albert Hauksson, Skúli Jónsson og Björn Halldór Helgason, halda útskriftartónleika í Iðnó á laugardag. Þremenningarnir útskrifast allir með BA-gráðu í tónsmíðum frá LHÍ í vor.**

**Á efnisskránni eru þrjú verk. Tónverkið Landslag eftir Albert er ferðalag um land sem mótast í huga hlustandans. Verk Skúla heitir Bastilludagurinn í Bordeaux – Draumkennd minning ferðalangs og er samið fyrir kammerhóp. Verkið er byggt á minningum höfundar frá sumrinu 2011 og lýsir upplifun ferðalangs á framandi slóðum á Bastilludeginum. Verk Björns Halldórs heitir Svipbrigði. Svipbrigði eru okkur eðlislæg áður en við vitum hvað þau þýða. Hið sama gildir um lögmál tónlistarinnar.**

**Tónleikarnir í Iðnó hefjast klukkan þrjú.**

# Leonard Cohen tónleikar í Iðnó

„Við spilum eingöngu tónlist eftir Leonard Cohen,“ segir Ólafur Kristjánsson, bassaleikari ábreiðubandsins The Saints of Boogie Street, sem gaf út diskinn Leonard Cohen Covered í síðustu viku.

Á disknum er að finna fjórtán lög frá Cohen í nýjum útsetningum. Diskurinn hefur fallið vel í kramið víða og meðal annars hefur hljómsveitinni verið boðið að taka þátt í einni stærstu Leonard Cohen-hátíðinni í heiminum í Madison í Bandaríkjunum nú í sumar. „Hátíðin verður um verslunarmannahelgina og við erum svo ofur upptekin þá helgi að við komumst ekki. En það er ferlega gaman að vera boðið,“ segir Ólafur.

Cohen sjálfur hefur sent hljómsveitinni góðar kveðjur í gegnum ritara á einni af aðdáendasíðunum sínum, en sá dásamaði plötu íslensku hljómsveitarinnar í hástert. „Cohen er ekki búinn að fá plötuna í hendurnar ennþá, en hún er í póstinum,“ segir Ólafur.

The Saints of Boogie Street stefnir á tónleika víða um land á næstu mánuðum og hefst fjörið með veglegum útgáfutónleikum í Iðnó á morgun, föstudag, klukkan 20.30. - trs



**THE SAINTS OF BOOGIE STREET** Hljómsveitin er svokallað ábreiðuband fyrir tónlistarmanninn Leonard Cohen og spilar eingöngu tónlist eftir hann.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 03. maí 2012**

### Tónleikar

**20.00** Karlakórinn Fóstbræður heldur vortónleika í Langholtskirkju. Tenórsöngvarinn Gissur Páll Gissurarson kemur fram með þeim. Miðaverð er kr. 3.000.

### Sýningar

**14.00** Hátíðin List án landamæra á Norðurlandi verður sett í Hofi, Akureyri í dag. Um er að ræða hátíð þar sem fatlaðir og ófatlaðir mætast í list sinni. Nánar á listanlandamaera.blog.is

**16.00** Sýningin Handverk og hönnun opnar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sýningin stendur til 7.maí.

### Málþing

**12.00** Haldið verður málþing um frönsku forsetakosningarnar í stofu 101 í Lögbergi. Málþingið er á vegum Félags stjórnmálafræðinga, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Fundarstjóri verður Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir stjórnmálafræðingur.

### Tónlist

**20.00** Finnur Karlsson og Haukur Þór Harðarson halda sameiginlega tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík. Eru þeir báðir að útskrifast úr tónsmíðanámi frá LHÍ.

**21.00** Hljómsveitin Alchemia heldur tónleika á Bar 11. DJ verður í búrinu að tónleikum loknum. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Dúettinn 2Good leikur á sportbarnum Kóngurinn, Kirkjustétt 4 í Grafarholti. Aðgangur er ókeypis.

**23.00** Kriyama Family kemur fram á styrktartónleikum á Hressó. Tónleikarnir eru hluti af nýrri tónleikaseríu gogoyoko og Hressó til styrktar þeim sem minna mega sín og velur hljómsveitin hverju sinni það málefni sem hún kýs að styrkja. Kriyama Family hefur ákveðið að ágóði tónleikanna að þessu sinni rennur til Breið Bros samtakanna, styrktarfélagi aðstandenda og þeirra sem eru með skarð í vör. Ókeypis er inn á tónleikana en tónleikagestir hvattir til að leggja málefninu lið með frjálsum framlögum á kvöldinu.

### Leiðsögn

**12.15** Steinunn Sigurðardóttir sýningarstjóri gengur með hönnuðum og skoðar verk þeirra á sýningunni Fingramál. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**






> Í SPILARANUM

Squarepusher - Ufabulum
Norah Jones - Little Broken Hearts
Damon Albarn - Dr. Dee

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Bitinn af könguló



**SLÆMT BIT** Jeff Hanneman lenti í slæmu köngulóarbiti. NORDICPHOTOS/GETTY

Jeff Hanneman, gítarleikari Slayer, mun ekki spila með þungarokkssveitinni á væntanlegri tónleikaferð hennar. Ástæðan er heldur betur óvenjuleg, eða köngulóarbit sem hann varð fyrir.

Bitið var svo alvarlegt að hann missti næstum handlegginn, fór í dá og þurfti að gangast undir margar aðgerðir til að losna við eitrið úr líkamanum. „Handleggurinn var mjög heitur. Ég fór á bráðamóttökuna og sem betur fer vissi hjúkrunarkonan strax hvað amaði að mér. Þrátt fyrir að svona bit séu mjög sjaldgæf hafði hún fyrir tilviljun séð sams konar bit skömmu áður. Á þeim tímapunkti var ég einni klukkustund frá dauðanum,“ sagði Hanneman við Gigwise og bætti við að læknirinn hefði verið aðdáandi Slayer.

Ár er liðið síðan gítarleikarinn losnaði af sjúkrahúsinu og síðan þá hefur hann gengið í gegnum mikla endurhæfingu, meðal annars lært að ganga á nýjan leik og fengið húðígræðslu.



> PLATA VIKUNNAR

★★★☆☆
Nicki Minaj – Pink Friday: Roman Reloaded
„Bestu lögin eru frábær, önnur síðri.“ -tj



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *Stórviðburður í Hörpu*

Einn af hápunktum Listahátíðar í Reykjavík 2012 verða, án efa, tónleikar breska tónlistarmannsins Bryans Ferry í Hörpu 27. og 28. maí.

Ferry er á meðal stóru nafnanna í poppsögu síðustu 40 ára. Hann lærði myndlist á sjöunda áratugnum og stofnaði þá sínar fyrstu hljómsveitir, The Banshees og Gas Board sem hvorug vakti nokkra athygli. Það breyttist með hljómsveitinni Roxy Music árið 1970. Sveitin, sem í voru auk Ferrys meðal annars Brian Eno og Phil Manzanera, var undir miklum áhrifum frá myndlistinni, bæði hvað útlit, ímynd og sjálfa tónlistina varðar. Fyrstu Roxy Music-plöturnar eru á meðal flottustu verka rokksögunnar og höfðu mikil áhrif. Roxy hætti árið 1976, en var endurstofnuð 1978 og hefur starfað með hléum síðan.

Ferill Ferrys hefur lengst af skipst á milli hljómsveitarinnar og sólóferilsins. Fysta sólóplatan hans, These Foolish Things, kom út 1973 og hafði að geyma gamla dægursmelli í nýjum búningum, en sú nýjasta, Olympia, kom út 2010. Í fyrra gerði Ferry víðreist til að fylgja henni eftir. Hann hefur samið mikið af flottum lögum og textum, sérstaklega á fyrrihluta ferilsins, en hann hefur líka gert sínar útgáfur af lögum annarra, m.a. mörgum Dylan-lögum. Ferry er frábær söngvari og mjög metnaðarfullur og kröfuharður tónlistarmaður.

Aðdáendur Ferrys skiptast í tvo hópa. Annars vegar eru það þeir sem dýrka gömlu Roxy-plöturnar, hins vegar þeir sem féllu fyrir ofurfágaða poppinu sem einkenndi tónlist Ferrys á níunda og tíunda áratugnum þegar lög eins og Avalon, More Than This og Slave to Love slógu í gegn.

Ferry passar sig á því að höfða til beggja þessara hópa á tónleikum eins og sjá má á lagalistanum frá tónleikum í Berlín í desember. Þar tók hann 24 lög, mikið af gömlum Roxy-lögum, poppsmellina frá níunda áratugnum og nokkur tökulög, auk þriggja laga af Olympiu.


**34,38% hlutur í HS Veitum hf. í söluferli**

- Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka falið að annast söluferli
- Söluferlið opið öllum fjárfestum sem uppfylla tilgreind skilyrði

HS VEITUR HF

Eigendur að 34,38% hlut í HS Veitum hf. hafa falið Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. að annast formlegt ferli sem lýtur að mögulegri sölu á eignarhlut sínum í félaginu. Þessi hlutur er í dag í eigu Reykjanesbæjar, Orkuveitu Reykjavíkur, Grindavíkurbæjar, Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga.

HS Veitur hf. eru dreifiveita rafmagns samkvæmt Raforkulögum nr. 65/2003 og annast að auki dreifingu heits vatns og ferskvatns á starfssvæðum sínum. Höfuðstöðvar félagsins eru í Reykjanesbæ en jafnframt eru starfsstöðvar í Árborg, Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum.

Söluferlið er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem uppfylla skilyrði um að geta talist fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, auk aðila sem búa yfir fullnægjandi þekkingu og reynslu og geta sýnt fram á eiginfjárstöðu umfram 300 milljónir kr. Seljendur áskilja sér þó rétt til þess að takmarka aðgang að söluferlinu, meðal annars í þeim tilvikum þegar fyrir hendi eru lagalegar takmarkanir á því að fjárfestir eignist hlut í félaginu, svo sem vegna samkeppnisreglna.

Áhugasömum fjárfestum er bent á að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka í síma 440 4000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið hsveitur2012@islandsbanki.is. Áhugasamir fjárfestar þurfa að fylla út trúnaðaryfirlýsingu ásamt því að leggja fram nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem staðfesta að ofangreind skilyrði séu uppfyllt. Í kjölfarið fá fjárfestar afhentar frekari upplýsingar um tímasetningar og skilmála söluferlisins auk upplýsinga um fjárhag og starfsemi félagsins.

Íslandsbanki




**HOWARD OG FOGG** Brittany Howard og gítarleikarinn Heath Fogg úr Alabama Shakes. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sálarrokk úr Suðurríkjum

**Bandaríska hljómsveitin Alabama Shakes hefur vakið mikla athygli að undanförnu fyrir grípandi Suðurríkjarokk sitt. Fyrsta platan er nýkomin út.**

Alabama Shakes hefur vakið athygli með lagi sínu Hold On sem hljómar óneitanlega eins og eitthvað sem Kings of Leon hefði getað sent frá sér. Þetta Suðurríkja-sálarrokklag er tekið af fyrstu plötu sveitarinnar, Boys & Girls, sem kom út í síðasta mánuði.

Alabama Shakes var stofnuð í menntaskóla í Aþenu í Alabama. Söngkonan Brittany Howard, sem hafði lært á gítar nokkrum árum áður, spurði bassaleikarann Zac Cockrell hvort hann vildi spila með henni. Þau byrjuðu að hittast eftir skóla og semja saman. Trommarinn Steve Johnson vann í einu plötubúðinni í bænum og Howard frétti af því að hann kynni að spila á trommur. Hún bauð honum í hljómsveitina og þau héldu áfram að þróa hljóm sinn.

Tríóið fór í hljóðver og tók upp nokkur prufulög. Gítarleikarinn Heath Fogg, sem hafði gengið í sama skóla og þau, heyrði lögin og bauð þeim að hita upp fyrir hljómsveitina sína. Það gerðu þau með því skilyrði að hann spilaði með þeim og eftir það gekk hann til liðs við bandið. Tónleikarnir gengu mjög vel og eftir þá bættust nokkur tökulög við tónleikadagsskrána eftir Led Zeppelin, James Brown, Otis Redding og AC/DC.

Á þessum tíma kallaði hljómsveitin sig einfaldlega The Shakes. Næst á dagskrá var að drífa sig til Nashville í hljóðver. Þar spilaði sveitin einnig í plötubúð við góðar undirtektir og eftir að tónlistarbloggari setti lagið You Ain´t Alone á vefsíðuna sína hrúguðust inn tölvupóstar til Howard daginn eftir frá útgáfufyrirtækjum og umboðsmönnum.

Nafninu var breytt í Alabama Shakes, sveitin fór í tónleikaferð með Drive-By Truckers og fyrsta smáskífulagið Hold On leit dagsins ljós í djammi á miðjum tónleikum. Í október í fyrra spilaði hljómsveitin á CMJ-hátíðinni í New York-borg og fengu tónleikarnir frábæra dóma hjá New York Times.

Núna er fyrsta platan komin út og náði hún þriðja sæti breska vinsældarlistans og því áttunda á þeim bandaríska. Alabama Shakes verður á tónleikaferðalagi um Evrópu og Bandaríkin í sumar. Hún spilar á öllum helstu hátíðunum, þar á meðal Hróarskeldu, Rock Werchter, Lollapalooza og Bestival, og á vafalítið eftir að heilla tónleikagesti upp úr skónum með einlægu Suðurríkjarokki sínu. freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN
Vikuna 26. apríl - 2. maí 2012

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▲ 1 | The Black Keys | Gold On The Ceiling |
| ▼ 2 | Fun / Janelle Monae | We Are Young |
| ▲ 3 | Bubbi / Mugison | Þorpið |
| ▲ 4 | Ojba Rasta | Baldursbrá |
| ▼ 5 | Magni | Hugarró |
| ▼ 6 | KK | Frelsið |
| ▲ 7 | Alabama Shakes | Hold On |
| ▲ 8 | Gabríel, Valdimar og Opee | Stjörnuhróp |
| ▲ 9 | Michael Teló | Ai se eu te pego |
| ▲ 10 | Keane | Silenced By The Night |

## TÓNLISTINN
Vikuna 26. apríl - 2. maí 2012

| Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|
| ▲ 1 | Bubbi Morthens | Þorpið |
| ▼ 2 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▲ 3 | Mugison | Haglél |
| ▼ 4 | Adele | 21 |
| ✱ 5 | Chick Corea & Gary Burton | Hot House |
| ▶ 6 | Sigurður Guðmundsson og Sigríður Thorlacius | Ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands |
| ▲ 7 | Gus Gus | Arabian Horse |
| ▲ 8 | Valgeir Guðjónsson | Spilaðu lag fyrir mig |
| ✱ 9 | Chick Corea | Best Of |
| ▲ 10 | One Direction | Up All Night |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is





# 20% AFSLÁTTUR ALLA HELGINA

**UM HELGINA ER 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BARNAFATNAÐI, BARNASKÓM OG BARNAHJÓLUM.**

*GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF TOPPMERKJUM Í KRAKKASTÆRÐUM.*



**TILBOÐ: 8.990 KR.**
ADIDAS F50 JAKKI

Almennt verð: 11.990 kr.



**TILBOÐ: 21.592 KR.**
JAMIS LADY BUG
*12" barnahjól.*

Almennt verð: 26.990 kr.



**TILBOÐ: 4.792 KR.**
VIOX GÖTUSKÓR
*Stærðir: 24-33.*

Almennt verð: 5.990 kr.



**TILBOÐ: 4.792 KR.**
VIOX GÖTUSKÓR
*Stærðir: 24-37.*

Almennt verð: 5.990 kr.



**TILBOÐ: 9.990 KR.**
ADIDAS HETTUPEYSA

Almennt verð: 12.990 kr.



**TILBOÐ: 35.922 KR.**
JAMIS X 20
*20" barnahjól.*
*Álstell.*

Almennt verð: 44.990 kr.



**TILBOÐ: 4.792 KR.**
VIOX GÖTUSKÓR
*Stærðir: 24-37.*

Almennt verð: 5.990 kr.



**TILBOÐ: 5.592 KR.**
NIKE GÖTUSKÓR
*Stærðir: 19,5-27.*

Almennt verð: 6.990 kr.

**NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS**

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 59585 05/12

## > MYNDUM LEKIÐ AF LOVELACE

Búið er að leka á netið fyrstu kvikmyndastillunum úr myndinni Lovelace, sem fjallar um ævi klámmyndaleikkonunnar Lindu Lovelace. Það er Amanda Seyfried sem leikur aðalhlutverkið en hún þurfti að lita ljósu lokkana brúna fyrir hlutverkið. Einnig má sjá James Franco í hlutverki Playboy-eigandans Hugh Hefner og leikarana Peter Sarsgaard, Hank Azaria og Wes Bentley. Lovelace verður frumsýnd síðar á þessu ári en Rob Epstein og Jeffrey Friedman sjá um leikstjórn.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Glæpsamleg helgi í bíóhúsum

Auk myndarinnar Coriolanus, sem er frumsýnd í Bíó Paradís um helgina og fjallað um hér að neðan, eru tvær aðrar myndir frumsýndar.

Mel Gibson leikur aðalhlutverkið og er annar handritshöfundur myndarinnar How I Spent My Summer Vacation sem er væntanleg í kvikmyndahús á morgun. Gibson leikur glæpamann sem er handsamaður og færður í mexíkóskt fangelsi þar sem aðstæður eru afar hættulegar og fangaverðir taka þátt í spillingunni og glæpunum. Hann lærir þó fljótt á hnútana þökk sé níu ára gömlum dreng sem er þar með móður sinni. Hlutirnir flækjast þó þegar foringi glæpaklíkunnar hyggst nota drenginn sem líffæragjafa fyrir sig og persóna Gibson leggur sig í líma við að vernda hann á sama tíma og hann skipuleggur aðgerðir til að ná til baka ránsfeng sínum úr höndum spilltra lögreglumanna.

Spennumyndin The Raid er einnig frumsýnd á morgun. Þar segir frá áhlaupi sérsveitarliðs lögregunnar á hús í fátækrahverfi í Djakarta sem hýsir marga hættulegustu glæpamenn heims. Tilgangur áhlaupsins er að handsama eiturlyfjaforingjann sem fer með öll völd í húsinu. Sérsveitin lendir þó í vanda þegar glæpamennirnir átta sig á innrás þeirra inn í húsið. Glæpamennirnir ná yfirhöndinni þegar þeir festa sérsveitina á sjöttu hæð hússins, slökkva öll ljós og loka öllum útgönguleiðum. - trs



**BERJAST** Sérsveit lögreglunnar berst við hættulegustu glæpamenn heims í bíómyndinni The Raid.

## KVIKMYNDARÝNI



THE AVENGERS

★★★★☆
**THE AVENGERS**
„Alvöru árshátíð. Mikið hlegið og allir í sínu fínasta pússi. Hulk var þó vísað á dyr fyrir óspektir."

★★★★☆
**THE CABIN IN THE WOODS**
„Hressandi hrollur sem kemur áhorfandanum sífellt á óvart."

★★★☆☆
**21 JUMP STREET**
„Mátulegur skammtur af formúluskopi. Allt gott og blessað."

★★★★☆
**BATTLESHIP**
„Fyndin og fjörug brelluveisla. Og hávaðinn er ægilegur." - hva

# HERFORINGI NÆR HEFNDUM

**Kvikmyndin Coriolanus verður frumsýnd í Bíó Paradís annað kvöld. Myndin er frumraun Ralph Fiennes í leikstjórastólnum og hefur hann hlotið einróma lof fyrir.**

Coriolanus er fyrsta kvikmyndin sem Ralph Fiennes leikstýrir og segir frá herforingjanum Coriolanus sem ákveður að leita hefnda gegn íbúum Rómar eftir að hafa verið rekinn brott frá borginni. Til að ná fram hefndum tekur hann höndum saman við erkióvin sinn, Tullus Aufidius. Myndin er byggð á leikverki Williams Shakespeare en er hér flutt til samtímans.

Auk þess að leikstýra myndinni fer Fiennes með hlutverk Coriolanusar en með önnur hlutverk fara gæðaleikararnir Gerard Butler, Vanessa Redgrave og Brian Cox. Myndin var að mestu tekin upp í Belgrad í Serbíu og var fyrst sýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín í febrúar á síðasta ári.

> Myndin var upp í Belgrad í Serbíu og var fyrst sýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín í febrúar á síðasta ári.

Myndin hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og Fiennes hlaut BAFTA-verðlaunin í flokknum Outstanding Debut by a British Writer, Director or Producer. Á vefsíðunni Rotten Tomatoes segir einn gagnrýnandi meðal annars heiðurinn að Fiennes hafi tekist að gera eitt af óþekktari verkum Shakespeares að frábærri kvikmynd og að hún eigi eftir að falla í kramið jafnt hjá aðdáendum leikskáldsins og aðdáendum hasarmynda.



**HARÐUR GAUR** Herforinginn Coriolanus vill hefna sín á íbúum Rómar eftir að hann er hrakinn brott úr borginni.

## GAMALL HARMLEIKUR Á HVÍTA TJALDIÐ

- Kvikmyndin er byggð á samnefndu leikriti eftir William Shakespeare. Verkið er harmleikur og líklega ritað á milli 1605 og 1608.
- Leikverkið er byggt á ævi rómverska hershöfðingjans Caius Marcius Coriolanus sem átti að hafa verið uppi á 5. öld fyrir Krists burð.
- Fiennes heitir fullu nafni Ralph Nathaniel Twisleton Wykeham Fiennes og er fjarskyldur ættingi Karls Bretaprins.
- Joseph Fiennes, bróðir Ralph, lék sjálfan William Shakespeare í kvikmyndinni Shakespeare in Love sem kom út árið 1998.




# Tom Cruise í hlutverk Van Helsing



**VAMPÍRUBANI** Tom Cruise hefur verið orðaður við hlutverk Van Helsing í samnefndri mynd.
NORDICPHOTOS/GETTY

Tom Cruise hefur verið orðaður við hlutverk vampírubanans Abrahams Van Helsing í mynd er fjallar um ævintýri kappans. Universal mun framleiða myndina og vill fyrirtækið fá handritshöfundana Alex Kurtzman og Roberto Orci til liðs við sig. Tvíeykið á meðal annars heiðurinn að kvikmyndum á borð við Mission: Impossible III, Transformers þríleikinn og Star Trek.

„Alex og Roberto eru sérstaklega hæfileikaríkir höfundar sem kunna að byggja upp spennu. Við erum spennt fyrir að fá þá til liðs við okkur," sagði Adam Fogelson hjá Universal um væntanlegt samstarf.

Síðast mátti sjá Cruise í hlutverki Ethan Hunt í kvikmyndinni Mission: Impossible – Ghost Protocol. Hann fer einnig með hlutverk í kvikmyndinni Oblivion, en tökur á henni munu að einhverju leyti fara fram á Íslandi í sumar.



**HELDUR MEÐ HULK** Joss Whedon telur The Hulk líklegastan af Marvel-hetjunum til að lifa af í hryllingshúsi.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Hulk lifir af

**Handritshöfundurinn og leikstjórinn Joss Whedon skrifaði handritið að myndinni The Cabin in the Woods sem og stórmyndinni The Avengers. Í viðtali við Empireonline.com upplýsti Whedon að hann teldi Hulk eiga mestu lífslíkurnar skyldu Marvel-hetjurnar óvart enda í hryllilegu húsi úti í skógi.**

**„Ætli það væri ekki The Hulk því Brenner myndi átta sig á hlutunum og svo gæti Hulk unnið sig í gegnum erfiðleikana," sagði Whedon þegar blaðamaður Empireonline bar spurninguna upp.**

# „Ég er raunverulegur“

Fyrstu orð Kela Þorsteinssonar sem er mikið einhverfur og talar ekki. Hann lærði að tjá sig í fyrsta skipti 10 ára gamall með hjálp stafaborðs.








★★★★★ amazon.com

# The Golden Hat er komin út

**Bókin með ævintýralega hattinum eftir Kate Winslet, einhverfa strákinn Kela og mömmu hans Margréti bíður þín í Hagkaup.**

Ef þú hefðir verið mikið einhverfur, ótalandi og fengir gullinn töfrahatt sem gæfi þér mál, hvað myndirðu segja? Þetta er spurningin sem Kate Winslet spurði alla þá frægu einstaklinga sem tóku þátt í gerð bókarinnar. Með bókinni er athygli vakin á því að það er öllum mikilvægt að geta tjáð sig, en áætlað er að um helmingur fólks með einhverfu geti ekki talað.

Til að veita þeim rödd og stuðning hefur fjöldi heimsfrægra einstaklinga tekið mynd af sjálfum sér með „gullna hattinn“ og tjáð sig um eitthvað sem skiptir þau máli. Bókin fjallar líka um sögu Margrétar og Kate og í henni eru birtir tölvupóstarnir sem innsigluðu vináttubönd þeirra.

## Gefðu með hjartanu!

Þú gefur einhverfum rödd og sýnileika með því að kaupa þessa fallegu bók sem er bæði gott að eiga og hlýlegt að gefa.

Allur ágóði af sölu bókarinnar rennur til The Golden Hat Foundation sem vinnur í þágu einstaklinga með einhverfu.

Fæst í Hagkaup, einnig á netinu á goldenhatfoundation.org og amazon.com.



## Taktu þátt í ævintýrinu og vertu hluti af hópnum

Þú getur látið gott af þér leiða og orðið hluti af hópnum í bókinni með því að fara á heimasíðuna okkar, www.goldenhatfoundation.org og á The Golden Wall. Þar getur þú tekið mynd af þér með gullna hattinn og deilt með umheiminum hver þín fyrsta setning yrði.

Þá ertu kominn í hóp með Kate Winslet, Kobe Bryant, Zac Efron, James Franco, Ricky Gervais, Elton John, Jude Law, Rosie O'Donnell, Justin Timberlake, Oprah Winfrey o.fl.

Myndina þína með gullna hattinn geturðu svo notað sem prófílmynd á Facebook og hvatt aðra til að láta gott af sér leiða. Þinn stuðningur skiptir máli.

social.goldenhatfoundation.org

*„Ég er hjartanlega þakklát öllum sem komu að gerð myndarinnar Sólskinsdrengurinn með beinum og óbeinum hætti og þá sérstaklega aðalstuðningsog styrktaraðila hennar, Actavis.“*

Margrét D. Ericsdóttir

actavis

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 12-0879

# popp

popp@frettabladid.is



**376 MILLJÓNIR** íslenskra króna kosta endurbætur Khloe Kardashian og Lamar Odom, eiginmanns hennar, á glæsihýsi sem þau keyptu nýlega í Miami.

## Dreymdi Lagerfeld

Sjónvarpskonan Alexa Chung vaknaði í gærmorgun eftir undarlegan draum og ákvað að deila innihaldi hans með öðrum með aðstoð Twitter.

„Mig var að dreyma skrítinn og kynþokkafullan draum um Karl Lagerfeld. Mig langar ekki að tala um það frekar,“ skrifaði Chung á Twittersíðu sína. Stuttu síðar hafði hún þó fjarlægt ummælin.



**DREYMDI KARL** Alexu Chung dreymdi fatahönnuðinn Karl Lagferfeld. NORDICPHOTOS/GETTY






# BUBBI Í TOPPFORMI

Tónlist ★★★★☆

**Þorpið**

Bubbi

Þorpið er önnur platan sem Bubbi gerir með hljómsveitinni Sólskuggunum, en sú sveit var stofnuð til þess að taka upp og kynna sálartónlistarplötuna Ég trúi á þig sem kom út í fyrra. Í þetta skipti varð sálartónlistin samt ekki fyrir valinu, heldur hefur Þorpið að geyma fjórtán tilbrigði við sígilt þjóðlagapopp. Það eru Benzínbræðurnir Börkur og Daði Birgissynir sem stjórna upptökum og sjá um útsetningar ásamt Bubba.

Það verður að segjast eins og er að það hefur tekist mjög vel til. Þetta er frábær plata. Í fyrsta lagi er Bubbi greinilega í miklu formi í laga- og textasmíðunum, í öðru lagi eru útsetningarnar bæði fjölbreyttar og flottar og svo eru hljómurinn og öll umgjörð plötunnar fyrsta flokks.

Þorpið er ekki algerlega niðurnegld þemaplata, en hún fjallar samt að mestu leyti um íslenska þorpið. Þetta er nostalgísk mynd af heimi sem er að hverfa, en inn í hana blandar Bubbi ýmsum öðrum umfjöllunarefnum, til dæmis ástinni og fjármálakreppunni. Eins og alþjóð veit fór Bubbi illa út úr hruninu, en hann virðist vera búinn að ná sér eftir það áfall og getur núna horft með húmor á þá sögu, eins og heyrist best í laginu Bankagæla.

Útsetningarnar á Þorpinu eru frábærar. Þó að það megi segja að þetta sé allt saman þjóðlagapopp þá er breiddin mikil og hvert lag fær sína meðferð. Í upphafslaginu, Óttanum, er t.d. falleg lítil útsetning með píanói og kassagítar, en í lagi númer tvö eru komnar trommur, bassi og hammondorgelhljómur. Í sumum laganna setja harmonikka eða fiðla líka sterkan svip.



**Í GÓÐU FORMI** Útsetningarnar á plötunni eru bæði fjölbreyttar og flottar að mati gagnrýnanda.

Mér finnst Þorpið betri plata en Ég trúi á þig, kannski af því að Bubbi er algerlega á heimavelli í þessari tegund tónlistar. Það eru mörg frábær lög á plötunni: Titillagið sem hann syngur með Mugison er sannkölluð perla, en Vonir og þrár, Óskin, Þerraðu tárin, Sjoppan, Skipstjóravalsinn og 16. ágúst eru líka í uppáhaldi. Flest lögin eru góð, þó að mér finnist lokalögin tvö síst. Í heildina er þetta mjög sterk plata.




Flutningurinn er líka fyrsta flokks. Sólskuggarnir er framúrskarandi hljómsveit og þess væri óskandi að samstarf hennar og Bubba héldi áfram. Það má segja að Bubbi sé búinn að finna sína Senuþjófa og það er ekki lítils virði.

Þorpið er, ef mér skjátlast ekki, 26. plata Bubba með nýju efni. Það eru ótrúleg afköst. Og enn er karlinn að koma frá sér eðalefni. Geri aðrir betur!

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Bubbi og Sólskuggarnir með enn þá betri plötu en síðast.



**VEL KLÆDD** Leikkonan Kristen Stewart var nýlega kosin best klædda kona Bretlands. NORDICPHOTOS/GETTY

## Stewart best klædda kona Bretlands

Tímaritið Glamour Magazine hefur kosið best klæddu konu Bretlands en það er Twilight-stjarnan Kristen Stewart sem trónir á toppnum. Katrín hertogaynja af Cambridge komst á fjórða sæti listans á meðan litla systir hennar, Pippa Middleton náði ekki nema 47. sætinu.

Stewart þykir líta vel út í hverju sem er og hefur þroskast mikið síðan hún skaust upp á stjörnuhimininn á unglingsárunum. Þrátt fyrir að Twilight-æðinu sé lokið er Stewart heitt nafn í Hollywood. Nýjasta mynd leikkonunnar er Snow White and the Huntsman. Stewart er einnig andlit nýja Balenciaga-ilmsins sem kemur út með haustinu.

Stewart skaut tískufyrirmyndum á borð við Victoriu Beckham og Emmu Watson ref fyrir rass í kosningunni.

## Ekki mér að kenna

**Bobby Brown, tónlistarmaður og fyrrum eiginmaður söngkonunnar Whitney Houston, segir að það sé ekki honum að kenna að söngkonan lést fyrir aldur fram. Í nýlegu viðtali við Today Show á NBC segir Brown að hann hafi farið út að borða ásamt Houston og dóttur sinni Bobbi Kristina viku áður en Houston fannst látin á hótelherberginu sínu. „Hún geislaði og leit vel út.“ segir Brown og þvertekur fyrir að hann hafi átt þátt í eiturlyfjaneyslu Houston.**

**„Ég neytti ekki eiturlyfja áður en ég kynntist Houston og þess vegna var það ekki ég sem fékk hana til að byrja. Ég er ekki ástæðan fyrir að hún er farin frá okkur.“**



**ÞVERTEKUR** Tónlistarmaðurinn Bobby Brown var í sínu fyrsta viðtali eftir dauða Houston við Today Show á NBC. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dóttirin fær strákanafn

**Söngkonan Jessica Simpson eignaðist dóttur þann 1. maí og ku móður og barni heilsast vel. Simpson og eiginmaður hennar Eric Johnson eru í skýjunum með frumburðinn en stúlkan hefur þegar fengið hið óvanalega nafn Maxwell Drew Johnson. Samkvæmt sérfræðingum sem Huffington Post leitaði til er nafnið Maxwell upprunalega strákanafn en Drew er í höfuðið á móður Simpson.**



**NÝBAKAÐIR FORELDRAR** Jessica Simpson og Eric Johnson eignuðust stúlku á þriðjudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

**24 DAGAR** í aðalkeppni Eurovision

# Vinkonur í Eurovision

Söngkonurnar Ivi Adamou, sem keppir fyrir hönd Kýpur í Eurovision-söngvakeppninni í ár, og Eleftheria "Elle" Eleftheriou, sem keppir fyrir hönd Grikklands, eru hvor annarri vel kunnar.

Stúlkurnar eru báðar ungar og upprennandi og kepptu saman í annarri seríu af grísku útgáfunni af X-Factor árið 2009. Eleftheria komst í úrslit en var kosin út í fimmta þættinum, öllum til mikillar furðu þar sem hún þótti mjög vænleg til sigurs. Ivi Adamou gerði þó gott betur en stallsystir hennar og lenti í sjötta sætinu. Báðar gerðu þær samning við Sony Music Greece í kjölfar keppninnar og hafa notið mikilla vinsælda í heimalöndum sínum og þar í kring.

Það er spurning hvort sagan endurtaki sig í Baku og Elle neyðist til að láta í minni pokann fyrir Ivi aftur. Miðað við stöðu mála í spá alþjóðlega aðdáendaklúbbsins OGAE er kýpverska söngkonan í það minnsta skrefi framar þeirri grísku.



**ÞEKKJAST** Sönkonan Eleftheria Eleftheriou sem keppir fyrir hönd Grikklands í Eurovision er vel kunnug kýpverska keppandanum Ivi Adamou.



**BRJÁLAÐ AÐ GERA** Það er greinilega mikið álag að vera fjögurra barna móðir en Victoria Beckham, hér með yngsta fjölskyldumeðliminum Harper, gleymdi syni sínum heima á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gleymdi syninum heima

Victoria Beckham er með mörg járn í eldinum en sem fjögurra barna móðir er stundum erfitt að muna allt. Fyrrum meðlimur Spice Girls stúlknasveitarinnar og fatahönnuðurinn viðurkenndi í viðtali við tímaritið Vanity Fair að hún hefði einu sinni gleymt elsta syni sínum Brooklyn heima.

„Þetta er fyndin saga, ég keyri Brooklyn í skólann á hverjum morgni en var með hugann við fundina sem ég átti að mæta í yfir daginn. David skutlar hinum drengjunum í skólana sína svo ég spenni Harper í sæti sitt, hækka í græjunum og keyri af stað. Svo byrja ég að tala og tala við Brooklyn en auðvitað er lítið um svör," segir Beckham sem fékk áfall þegar hún tók eftir því að farþegasætið var tómt. „Ég sneri við og keyrði heim þar sem David stendur með drengina þrjá í innkeyrslunni og hristir bara hausinn. Mér leið eins og hálfvita."

Beckham býr ásamt fjölskyldu sinni í Los Angeles en yngsta dóttirin Harper Seven er níu mánaða, Brooklyn er 13 ára, Romeo tíu ára og Cruz sjö.






# Einhjólsballet og trúðar

**Fullorðinssirkúsinn Skinnsemi heldur upp á ársafmæli sitt á laugardag með sýningu í Þjóðleikhúskjallaranum. Trúðar, loftfimleikar og kínversk súlufimi eru á meðal þess sem sjá má á sýningunni.**

Sirkús Íslands hefur lengi sett upp skemmtilegar fjölskyldusýningar en ákvað að setja upp sérstaka fullorðinssýningu síðasta vor. Uppátækið tókst vel og síðan þá hafa slík kvöld verið haldin reglulega undir heitinu Skinnsemi. Sýningarnar eiga nokkuð skylt við gömlu burlesque- og vaudervillesýningarnar en með sirkúsívafi og heilmiklu skinni, líkt og nafnið gefur til kynna.

„Upphaflega ætluðum við bara að hafa eina fullorðinssýningu og sjá hvernig fólk tæki í hana. Viðtökurnar voru mun betri en við þorðum að vona og það kom okkur sérstaklega á óvart hvað fólk var spennt fyrir því að koma aftur,“ segir Margrét Erla Maack, fjölmiðlakona og trúður í Sirkús Íslands. Afmælissýningin verður blanda af nýjum atriðum og gömlum sem slegið hafa í gegn.

Hópurinn er orðinn nokkuð þjálfaður í að semja ný atriði fyrir sýningar og segir Margrét Erla þau byggð upp eins og lítil gamanatriði með upphafi, miðju og endi. „Í dag er ekki nóg að mæta og gera trix eftir trix heldur þarf að byggja upp spennu. Við höfum líka öll okkar sérsvið og vinnum með þau, finnum þema og búning og gerum þetta skemmtilegt. Undirbúningurinn fyrir laugardaginn er nánast búinn og ég get sagt frá því að við verðum með einhjólaballet, trúða og ofboðslega liðuga stelpu sem getur troðið sér ofan í alls konar hluti, loftfimleika og kínverska súlufimi.“

Sýningin hefst klukkan 22 á laugardag og er aðgangseyrir 2.000 krónur.



**FYRIR FULLORÐNA** Fullorðinssirkúsinn Skinnsemi fagnar árs afmæli sínu á laugardag. Sirkúsinn hefur slegið í gegn með fullorðinssýningum sínum.



**VILL PENINGA** Linda Evangelista fer fram á margar milljónir í meðlag frá barnsföður sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Milljónir í meðlag

Ofurfyrirsætan Linda Evangelista hefur farið fram á milljónir í meðlag frá barnsföður sínum, viðskiptajöfrinum François-Henri Pinault.

Evangelista og Pinault áttu í sambandi í hálft ár árið 2005 og var fyrirsætan ólétt þegar parið ákvað að slíta sambandinu. Evangelista eignaðist soninn Augie árið 2006 en hélt faðerni barnsins leyndu þar til í sumar þegar hún óskaði eftir meðlagi frá Pinault, sem nú er giftur leikkonunni Selmu Hayek.

Evangelista fer fram á 5,7 milljónir króna í meðlag á mánuði og verður málið tekið fyrir í rétti í New York á næstunni. Samkvæmt fyrirsætunni á upphæðin að dekka laun lífvarða, bílstjóra og barnfóstru fyrir soninn.

„Ég vinn allt að sextán klukkutíma á dag og þá daga sem ég vinn ekki þarf ég að hugsa um sjálfa mig, fara í líkamsrækt og aðrar snyrtimeðferðir. Ég þarf að halda mér í formi vegna vinnunnar, alveg eins og íþróttamaður,“ sagði Evangelista sem var ein hæst launaða fyrirsæta heims á tíunda áratugnum.

# Þráir bjór

**Fyrirsætan Adriana Lima er sjúk í bjór á meðgöngunni en hún gengur nú með sitt annað barn. Vanalega þrá barnshafandi konur eitthvað matarkyns en þessi þráhyggja er heldur óvanaleg hjá fyrirsætunni. „Ég er sjúk í bjór alla daga sem er skrýtið því vanalega finnst mér bjór ekki einu sinni góður,“ segir brasilíska fegurðardísin í samtali við People Magazine en segist sem betur fer geta staðist freistinguna að fá sér einn ískaldan bjór.**

**Lima á von á sér á næstu mánuðum en hún á fyrir tveggja ára dótturina Valentinu með eiginmanni sínum Marko Jaric.**



**ÞRÁHYGGJA** Fyrirsætuna Adriana Lima langar mikið í bjór á meðgöngunni. NORDICPHOTOS/GETTY


SAMBÍÓIN SAMbio.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 10:20 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE | KL. 8 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR ÍSL. TALI | KL. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS (3D) | KL. 6 - 9 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| TITANIC ÓTEXTUÐ | KL. 9 | 3D | L |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| AVENGERS | KL. 5 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 6 - 8 | 2D | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is







SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10.30 - 11 | 10 |
| THE AVENGERS LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| AMERICAN REUNION | KL. 8 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 - 8 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 11 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| GRIMMD (BULLY) | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 | L |
| IRON SKY | KL. 10.30 | 12 |
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.15 | 10 |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| BATTLESHIP | KL. 10.10 | 12 |
| AMERICAN PIE | KL. 6 - 8 | 12 |
| MIRROR MIRROR | KL. 6 | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ 5%

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE AVENGERS 3D | 7 og 10.10-POWER |
| 21 JUMP STREET | 5.45 og 8 |
| AMERICAN PIE: REUNION | 10.20 |
| HUNGER GAMES | 10 |
| LORAX 3D | 6 |

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**FIMMTUDAGUR:** JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ **LÓNBÚINN** 18:00, 19:00, 20:00 ■ THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00, 22:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 22:00 ■ CARNAGE 20:00

ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

**SKÓLANEMAR:** 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.



# VIÐ FÖGNUM VIKU BÓKARINNAR

## Eymundsson mælir með þessum skemmtilegu barnabókum fyrir þína ávísun á lestur




Verð kr. 3.999,-




Verð kr. 3.299,-




Verð kr. 2.999,-




Verð kr. 3.999,-




Verð kr. 3.999,-




Verð kr. 3.999,-




Verð kr. 3.499,-




Verð kr. 2.999,-

**Allir krakkar sem kaupa bók í Viku bókarinnar fá flotta blöðru með mynd úr íslenskri barnabók.**






**Nýttu þína ávísun á lestur!**

Nú hafa öll heimili landsins fengið senda til sín ávísun á lestur. Nýttu þína ávísun og styrktu um leið skólabókasafn að eigin vali.

Við bjóðum ávísanir í verslunum okkar fyrir þá sem hafa glatað sinni og einnig rafrænar ávísanir á Eymundsson.is




**5%** aukaafsláttur ofan á ÁVÍSUN Á LESTUR fyrir Vildarklúbbsmeðlimi í Eymundsson. Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# sport

sport@frettabladid.is

**KR-INGAR** eiga von á góðum liðsstyrk því miðvörðurinn Rhys Weston er á leið til landsins og mun skrifa undir tveggja ára samning við Íslandsmeistarana. Weston kemur frá Dundee í Skotlandi. Hann er uppalinn hjá Arsenal og hefur einnig leikið með Cardiff, Viking í Noregi, Port Vale og fleirum.

## ÚRSLIT

### *IE-deild karla:*

**Þór Þorlákshöfn-Grindavík 72-78**

Þór Þorlákshöfn: Darrin Govens 26/4 fráköst, Joseph Henley 17/4 fráköst, Blagoj Janev 10, Baldur Þór Ragnarsson 8, Guðmundur Jónsson 5, Darri Hilmarsson 4, Grétar Ingi Erlendsson 2.

Grindavík: J'Nathan Bullock 36/8 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12/9 fráköst, Þorleifur Ólafsson 10/4 fráköst, Giordan Watson 7/5 fráköst/6 stoðsendingar, Ryan Pettinella 6, Jóhann Árni Ólafsson 4/7 fráköst/6 stoðsendingar, Björn Steinar Brynjólfsson 3.

### *N1-deild kvenna:*

**Valur-Fram 23-28**

Valur-kvenna - Mörk (skot): Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 6/2 (8/2), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 5 (6), Þorgerður Anna Atladóttir 5 (12), Kristín Guðmundsdóttir 4 (9), Aðalheiður Hreinsdóttir 2 (2), Dagný Skúladóttir 1 (2), Ágústa Edda Björnsdóttir (2), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir (4).

Varin skot: Guðný Jenný Ásmundsdóttir 7 (24/2, 29%), Sunneva Einarsdóttir 4 (15/3, 27%),

Hraðaupphlaup: 4 ( Anna Úrsúla, Þorgerður Anna, Aðalheiður, Dagný )

Fiskuð víti: 2 ( Anna Úrsúla, Þorgerður Anna)

Utan vallar: 6 mínútur.

Fram-kvenna - Mörk (skot): Stella Sigurðardóttir 12/5 (16/5), Ásta Birna Gunnarsdóttir 4 (5), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4 (7), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 3 (4), Sunna Jónsdóttir 3 (5), Elísabet Gunnarsdóttir 2 (3), Marthe Sördal (1).

Varin skot: Guðrún Ósk Maríasdóttir 22 (45/2, 49%),

Hraðaupphlaup: 6 (Stella 2, Ásta3, Elísabet )

Fiskuð víti: 5 (Stella, Sigurbjörg 2, Sunna, Elísabet

Utan vallar: 8 mínútur.

### *Enska úrvalsdeildin:*

**Chelsea-Newcastle 0-2**

0-1 Papiss Cisse (19.), 0-2 Papiss Cisse (90.).

**Bolton-Tottenham 1-4**

0-1 Luka Modric (37.), 1-1 Nigel Reo-Coker (51.), 1-2 Rafael van der Vaart (59.), 1-3 Emmanuel Adebayor (62.), 1-4 Emmanuel Adebayor (68.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. City** | **36** | **26** | **5** | **5** | **88-27** | **83** |
| Man. United | 36 | 26 | 5 | 5 | 86-33 | 83 |
| **Arsenal** | **36** | **20** | **6** | **10** | **68-44** | **66** |
| Tottenham | 36 | 19 | 8 | 9 | 63-40 | 65 |
| **Newcastle** | **36** | **19** | **8** | **9** | **55-46** | **65** |
| Chelsea | 36 | 17 | 10 | 9 | 62-41 | 61 |
| **Everton** | **36** | **14** | **10** | **12** | **47-39** | **52** |
| Liverpool | 36 | 13 | 10 | 13 | 43-38 | 49 |
| **Fulham** | **36** | **13** | **10** | **13** | **46-48** | **49** |
| WBA | 36 | 13 | 7 | 16 | 41-47 | 46 |
| **Sunderland** | **36** | **11** | **12** | **13** | **44-43** | **45** |
| Swansea City | 36 | 11 | 11 | 14 | 43-49 | 44 |
| **Stoke City** | **36** | **11** | **11** | **14** | **34-50** | **44** |
| Norwich City | 36 | 11 | 10 | 15 | 47-63 | 43 |
| **Aston Villa** | **36** | **7** | **16** | **13** | **36-50** | **37** |
| Wigan Athletic | 36 | 9 | 10 | 17 | 38-60 | 37 |
| **QPR** | **36** | **9** | **7** | **20** | **40-63** | **34** |
| Bolton | 36 | 10 | 4 | 22 | 42-73 | 34 |
| **Blackburn** | **36** | **8** | **7** | **21** | **47-75** | **31** |
| Wolves | 36 | 5 | 9 | 22 | 38-79 | 24 |

### *Þýski handboltinn:*

**Hannover-Göppingen 25-23**

Hannes Jón Jónsson skoraði níu mörk fyrir Hannover og Vignir Svavarsson fjögur.

**Bergischer-Gummersbach 26-29**

Rúnar Kárason skoraði fimm mörk fyrir Bergischer.

**Rhein Neckar Löwen-Füchse Berlin 31-29**

Alexander Petersson skoraði þrjú mörk fyrir Berlin en Róbert Gunnarsson lék ekki með Löwen.

# BIÐIN LANGA LOKSINS Á ENDA

**Grindvíkingar urðu Íslandsmeistarar í gær. Liðið vann sigur í stórskemmtilegum leik í Þorlákshöfn. Aldurinn er farinn að segja til sín hjá Páli Axeli Vilbergssyni sem fagnar sigri í Bláa lóninu og á golfvellinum.**

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar tóku á móti Íslandsmeistarabikarnum í Þorlákshöfn í gær eftir að hafa unnið 78-72 sigur á Þórsurum í fjórða leik liðanna í rimmunni um Íslandsmeistaratitilinn. Grindvíkingar unnu þar með einvígið 3-1 en þeir urðu síðast Íslandsmeistarar 1996 og standa uppi sem verðskuldaðir meistarar í ár. Þeir voru einfaldlega besta lið tímabilsins.

J'Nathan Bullock var valinn verðmætasti leikmaður úrslitakeppninnar og skyldi engan undra. Þessi ógnarsterki leikmaður býr yfir miklum hæfileikum og var hreinlega magnaður í leiknum í gær. Hann skoraði 36 stig auk þess að taka átta fráköst. Heimamenn réðu engan veginn við hann.

Íþróttahúsið í Þorlákshöfn var verulega þétt setið, hitastigið hátt og spennustigið enn hærra. Leikurinn hafði þar að auki upp á allt það að bjóða sem úrvals körfuboltaleikur þarf að hafa. Skemmtileg tilþrif, körfur í öllum regnbogans litum og spennu allt til loka.

Grindavík leiddi með fimm stigum eftir fyrsta fjórðunginn en sveiflurnar áttu eftir að verða miklar og voru heimamenn þremur stigum yfir í hálfleik. Allt annað var að sjá Grindavíkurliðið varnarlega frá síðasta leik og það byrjaði seinni hálfleik á 12-0 kafla.

Þórsarar misstu andstæðinga sína aldrei mjög langt fram úr sér og spennan hélt allt til loka. Það trylltist allt í kofanum þegar leiktíminn rann út og ljóst að bikarinn var á leið í Grindavík.

„Þetta er ótrúlega sætt. Þessi bið er loks á enda.“ sagði reynsluboltinn Páll Axel Vilbergsson eftir leikinn. „Þetta hefur alltaf verið markmiðið ár eftir ár, alltaf á að gera betur á næsta ári og vonbrigði aftur og aftur. Svo að ná því loksins einn daginn…“

Páll Axel var mikið á bekknum í úrslitunum og segir hann það hafa tekið á taugarnar. „Það var hrikalegt að horfa á þetta. Það sem er að skila okkur þessu er liðsheild og barátta. Þegar það er ekki til staðar hjá okkur þá erum við ekkert sérstakir. Menn voru fastir fyrir í dag og barátta um lausa bolta,“ sagði Páll. En hvernig á að fagna þessu?

„Ætli ég fari ekki bara í Bláa lónið og slaki á! Ég er orðinn svo gamall að ég get ekkert verið að fagna þessu fram eftir. Ég pússa bara golfsettið og fer út á völl.“

Öskubuskuævintýri Þórsara tók þar með enda en þeir hafa komið gríðarlega á óvart í vetur. „Við gátum aldrei fundið leiðina til að stöðva Bullock í þessum leik. Hann bara nánast gerði það sem hann vildi. Ekki það að við vorum lélegir varnarlega, hann er bara ógeðslega góður!“ sagði Benedikt Guðmundsson þjálfari Þórs.

„Yfir veturinn reiknaði enginn með neinu frá okkur en um leið og búið var að taka okkur góða og gilda þá var búið að afskrifa okkur eftir það. Ég verð að hrósa mínu liði, þessir strákar hafa skrifað hvern kaflann á fætur öðrum í sögubækurnar og geta farið stoltir út úr þessu tímabili,“ sagði Benedikt Guðmundsson.

- egm



**VINSÆLL OG VEIT AF ÞVÍ** Kátur stuðningsmaður Grindavíkur lyftir hér fyrirliðanum Páli Axeli Vilbergssyni á loft í leikslok í gær. Páll Axel og félagar eru vel að Íslandsmeistaratitlinum komnir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stefnir í æsispennandi úrslitaeinvígi N1-deildar kvenna eftir nokkuð óvæntan sigur á Val í fyrsta leik:

# Stella og Guðrún Ósk tryggðu Fram sigur

**HANDBOLTI** Fram vann öruggan fimm marka sigur á Val, 28-23, í fyrsta leik liðanna í úrslitum N1-deildar kvenna í gær.

Fram leiddi leikinn frá byrjun og var sigurinn í raun aldrei í hættu. Fram lék frábæra vörn og fyrir aftan hana varði Guðrún Ósk Maríasdóttir vel. Stella Sigurðardóttir fór svo fyrir liðinu í sókninni en hún skoraði 12 mörk í 16 skotum áður en hún þurfti að yfirgefa völlinn vegna krampa í kálfa.

„Við vorum mun grimmari í þessum leik. Við mættum ákveðnar til leiks og fannst þetta vera öruggt allan leikinn. Vörnin var góð og markvarslan öflug í kjölfarið,“ sagði Stella eftir leikinn en hún hafði engar áhyggjur af meiðslum sínum og sagðist vera klár þegar liðin mætast öðru sinni á föstudaginn.

„Við ætluðum að mæta ákveðnar til leiks því við lentum 6-1 undir gegn þeim síðast. Við vorum ákveðnar í að byrja leikinn vel og það skilaði sér. Það er líka erfitt að vera að elta og því var mikilvægt að byrja svona vel.“

Vinna þarf þrjá leiki til að vera Íslandsmeistari og því var ljóst að Fram þurfti að vinna leik á útivelli til að landa titlinum. „Það er líka mikilvægt fyrir sjálfstraustið að ná fyrsta sigrinum hérna,“ sagði Stella sem fannst Valur aldrei líklegur til að vinna upp forskotið sem Fram náði strax í upphafi.

„Munurinn fór minnst niður í þrjú mörk og það kom aldrei nein hræðsla í liðið. Þetta var alltaf öruggt,“ sagði Stella.

- gmi

**SKAPHEITUR** Einar Jónsson, þjálfari Fram, er líflegur og hann tekur hér dans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







LEIÐIN Á LEIKANA
SAFFRAN hefur gert styrktarsamning við sex unga afreksmenn í íþróttum í þeim tilgangi að mæta kostnaði þeirra við vandaðan undirbúning fyrir leikana í London 2012.
Með stolti lýsir Saffran yfir stuðningi sínum við Ásdísi Hjálmsdóttur spjótkastara.
Skoðaðu leið Ásdísar á leikana á leidin.saffran.is
SAFFRAN



**ALFREÐ** Hefur náð ótrúlegum árangri með Kiel í þýsku úrvalsdeildinni í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

Meistaradeild Evrópu:

## Alfreð etur kappi við Dag

**HANDBOLTI** Dregið var í gær í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu í handbolta. Kiel og Füchse Berlin munu eigast við en þjálfarar liðanna eru báðir íslenskir – Alfreð Gíslason og Dagur Sigurðsson. Þriðja Íslendingaliðið, AG, mætir Atletico Madrid frá Spáni. Undanúrslitin fara fram í Köln laugardaginn 26. maí og úrslitaleikurinn degi síðar á sama stað.

Barcelona er ríkjandi Evrópumeistari en tapaði fyrir AG í 8 liða úrslitum keppninnar. Kiel hafði betur gegn RK Zagreb en lærisveinar Dags Sigurðssonar komust áfram á ótrúlegan máta þrátt fyrir ellefu marka tap fyrir Ademar Leon í fyrri leik liðanna.

Alls leika sex Íslendingar með liðunum sem komust í undanúrslit Meistaradeildarinnar. - esá



**WESTON** Hér í leik með Walsall árið 2007. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikmannamál í fótboltanum:

## Fyrirliði Dundee til KR

**FÓTBOLTI** Lið í Pepsi-deild karla eru enn að styrkja sig síðustu dagana fyrir mót en fyrstu leikirnir fara fram á sunnudagskvöldið. KR, Grindavík og Keflavík eru öll að bæta við leikmannahópinn.

Rhys Weston, fyrirliði skoska B-deildarliðsins Dundee FC, er væntanlegur til landsins í dag og mun væntanlega skrifa undir tveggja ára samning við félagið standist hann læknisskoðun. Hann er velskur varnarmaður og hóf ferilinn hjá Arsenal fyrir meira en áratug síðan.

Grindavík er svo í viðræðum við nýsjálenskan varnarmann, Steven Old, en Keflavík tilkynnti í gær að félagið hefði samið við Denis Selimovic, 32 ára varnarmann frá Slóveníu. - esá

Hannes Þór Halldórsson, markvörður KR, er kominn aftur til landsins eftir mánaðardvöl hjá Brann í Noregi:

# Reynsla sem á eftir að nýtast mér mjög vel

**FÓTBOLTI** Hannes Þór Halldórsson, markvörður KR og besti leikmaður Pepsi-deildar karla í fyrra, er kominn aftur til landsins eftir rúma mánaðardvöl hjá norska úrvalsdeildarliðinu Brann. Þar var hann í láni vegna meiðsla tveggja aðalmarkvarða liðsins.

Hannes spilaði á endanum tvo leiki með Brann, einn í deildinni og einn í bikarnum. Brann vann þá báða og Hannes var sáttur við dvölina. „Þetta var mjög góð reynsla fyrir mig og hún á eftir að nýtast mér vel,“ sagði Hannes sem spilaði fyrsta og eina deildarleik sinn fáeinum dögum eftir að hann kom til Noregs. Honum gekk vel og Brann vann leikinn en það er reyndar eini sigur liðsins á tímabilinu til þessa. „Ég hefði auðvitað viljað spila meira en ég vissi strax frá upphafi að ég myndi aðeins spila þar til hinn markvörðurinn yrði klár – sem var strax eftir þennan leik sem ég spilaði,“ sagði hann við Fréttablaðið í gær.

„Þetta voru eins og góðar æfingabúðir fyrir mig. Ég fékk að æfa við toppaðstæður í einn mánuð og spilaði svo tvo leiki með varaliðinu þar að auki. Ég er í skýjunum með þessa reynslu og kem fljúgandi inn í Pepsi-deildina,“ sagði hann í léttum dúr.

Hannes var að leysa markvörðinn Piotr Leciejewski af hólmi en hann er í miklum metum hjá Brann og félagið því ekki í markvarðarleit eins og er. „Hann er nýbúinn að skrifa undir langtímasamning við félagið. Tilgangurinn hjá mér var því ekki að heilla forráðamenn Brann svo þeir myndu kaupa mig. Það er samt gott fyrir mig að einhver hafi tekið sénsinn á mér og þetta mun vafalaust hjálpa mér í framtíðinni ef eitthvað annað kemur upp, hjá hvaða félagi sem það verður.“

Í fjarveru Hannesar varð KR bæði deildabikarmeistari og meistari meistaranna og mátti því Hannes fagna árangrinum úr fjarlægð. „Ég fylgdist vel með og er auðvitað ánægður með báða titlana. Nú er kominn mikill fiðringur í magann fyrir fyrsta leik í Pepsi-deildinni og spenningurinn mikill, eins og alltaf síðustu dagana áður en Íslandsmótið hefst ár hvert.“ - esá



**HANNES ÞÓR** Mun verja mark KR-inga gegn Stjörnunni á sunnudagskvöldið.

# Selfoss og Keflavík munu falla

**Samkvæmt árlegri spá íþróttafréttamanna Fréttablaðsins og Vísis mun það verða hlutskipti Selfoss og Keflavíkur að falla úr efstu deild í sumar. Fylkir og Grindavík verða einnig í fallbaráttu í sumar samkvæmt spánni. Willum Þór Þórsson, þjálfari Leiknis, rýnir í Pepsi-deildarliðin fyrir Fréttablaðið.**

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið hefur í dag upphitun sína fyrir Pepsi-deild karla sem hefst á sunnudag. Að þessu sinni munum við líta á liðin sem við spáum að muni berjast í neðri hlutanum.

Fréttablaðið hefur fengið hinn reynda og sigursæla þjálfara, Willum Þór Þórsson, til þess rýna í liðin í Pepsi-deildinni í ár.

### 12. sæti: Selfoss

Fréttablaðið spáir því að Selfoss muni fara rakleitt niður aftur. Liðið er betur mannað nú en það var síðast er liðið kom upp. Liðið mætir einnig til leiks með reynslumikinn þjálfara að þessu sinni. Þó svo Selfyssingar hafi lært af reynslunni er liðið enn mikið spurningarmerki.

„Mín tilfinning er sú að Logi Ólafsson þjálfari sé enn að raða saman liðinu. Mér sýnist hann samt vera kominn með nægan efniviðinn til að setja saman lið sem gæti látið að sér kveða,“ segir Willum Þór.

„Þeir lærðu mikið af síðustu ferð upp í efstu deild eins og sést á leikmannakaupum. Þetta lið gæti blásið á allar hrakspár og Logi er refur. Ef hann nær að raða saman réttu liði þá er aldrei að vita hvað Selfoss gerir í sumar.“

**SPÁ FRÉTTABLAÐSINS**

| | |
|---|---|
| 1. | ??? |
| 2. | ??? |
| 3. | ??? |
| 4. | ??? |
| 5. | ??? |
| 6. | ??? |
| 7. | ??? |
| 8. | ??? |
| 9. | Grindavík |
| 10. | Fylkir |
| 11. | Keflavík |
| 12. | Selfoss |



**KÓNGURINN SNÝR AFTUR** Guðjón Þórðarson er mættur aftur til starfa í efstu deild og það gleður marga knattspyrnuáhugamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### 11. sæti: Keflavík

Fréttablaðið spáir Keflavík líka falli. Liðið hefur misst reynslumikinn þjálfara í Willum og í hans stað er kominn Zoran Ljubicic sem er óreyndur.

„Ég er ekki sammála ykkur í því að Keflavík falli. Ég held að þeir muni spjara sig vel í sumar. Hryggjarstykkið í liðinu er reynt og öflugt, Ómar markvörður, Haraldur í vörninni og svo Guðmundur Steinars. Miðjan er samt spurningarmerki en ég hef trú á Arnóri Ingva, Einari Orra og Frans Elvarssyni,“ segir Willum um sína gömlu lærisveina en honum líst einnig vel á miðvörðinn sem kemur frá Balkanskaganum.

„Vissulega er hópurinn þunnur og það má auðvitað minnast á þjálfarann sem er reynslulaus en þekkir fótbolta. Hann er samt með góðan mann með sér sem mun vega upp reynsluleysið. Þeir verða fínir saman.“

### 10. sæti: Fylkir

Fylkismenn mæta til leiks með nýjan þjálfara, Ásmund Arnarsson, sem hefur sýnt að hann er klókur. Það eru búin að vera mikil meiðsli á Fylkisliðinu og óreyndir menn munu fá stór hlutverk. Einnig er liðið í vandræðum með markaskorara og þarf að stóla á Jóhann Þórhallsson í upphafi móts en hann hefur lítið skorað síðustu ár.

„Það þarf eitthvað mikið að gerast ef liðið á ekki að fara lóðrétt niður að mínu mati. Það eru miklar breytingar á hópnum og vantar reynslu. Af því sem ég hef séð á Fylkir lengst í land,“ segir Willum.

„Það mun mæða mikið á Kristjáni Valdimars, Ásgeiri Berki og Ingimundi Níels. Ég hef líka áhyggjur af því hver eigi að skora í upphafi móts en byrjun mótsins skiptir gríðarlegu máli. Ási hefur sýnt að hann er flottur þjálfari en það verður ný pressa á honum núna. Það á eftir að koma í ljós hvernig hann höndlar hana.“

### 9. sæti: Grindavík

Grindavík mætir til leiks með Guðjón Þórðarson í brúnni en þunnan hóp. Liðið er nokkuð spurningarmerki.

„Mér líst betur á Grindavík með Guðjón. Mér fannst Grindavík vera slakasta liðið í deildinni í fyrra. Það var laskað og lítið í gangi. Leikmenn eins og þeir væru varla að leggja sig fram nema rétt í restina. Þetta var eins og blanda af áhugaleysi og kæruleysi,“ segir Willum og bætir við að Guðjón sé maðurinn sem félagið þarf á að halda.

„Það þarf slíkan foringja til að rífa félag upp. Ég tel að Grindvíkingar hafi gert rétt með því að ráða hann. Liðið mun spila agað undir hans stjórn og kraftmikið. Það verður erfiðara að eiga við þá núna. Hópurinn er samt ekki stór og það hlýtur að valda Guðjóni áhyggjum.“ henry@frettabladid.is



*Bjóðum alla landsmenn velkomna:*

# Sunnlenski sveitadagurinn 2012

## Laugardaginn 5. maí kl. 12-17

á athafnasvæði Jötunn Véla og Vélaverkstæði Þóris að Austurvegi 69, Selfossi

**Boðið verður upp á þrautabrautir fyrir börn, kynning á glímu, andlitsmálun, blöðrulist, sýning á traktorum og landbúnaðartækjum.**

**Þá munu félagar í hestamannafélaginu Sleipni gefa börnum kost á að fara á hestbak.**

### *Íslandsmeistaramótið í baggakasti*

Keppt í karla og kvennaflokki. Glæsileg verðlaun. Skráning á

gudmundur@jotunn.is

### *Sunnlensk fyrirtæki kynna framleiðslu sína:*

Heilgrillað naut, lambakjöt, svínakjöt, mjólkurvörur, ís, sultur, lax, grænmeti, brjóstsykur, karamellur, kartöflurettir og bjór svo eitthvað sé nefnt.

### *Á staðnum verða til sýnis m.a.*

hestar, kálfar, kindur með lömb, geitur, kanínur, hundar, skrautfuglar, bréfdúfur, landnámshænur og minkar.



BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

VÉLAVERKSTÆÐI ÞÓRIS

JÖTUNN VÉLAR ehf.

Austurvegur 69 • 800 Selfoss • Sími 480 0400
www.jotunn.is

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Europris

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**230 KYLFINGAR** léku í hinu árlega 1. maí-móti Golfklúbbs Hellu sem fram fór á Strandarvelli. Nökkvi Gunnarsson, Nesklúbbnum, sigraði á mótinu á 68 höggum.

Mannaskipti á toppi heimslistans í golfi:

## Luke Donald hrekur Rory úr toppsætinu



LUKE DONALD

Englendingurinn Luke Donald tyllti sér aftur á topp heimslistans í golfi með því að lenda í þriðja sæti á Zürich Open á PGA-mótaröðinni um síðustu helgi.

Donald hrakti Rory MacIlroy þaðan, en hann og Norður-Írinn ungi hafa skipst á að vera á toppnum síðustu vikur og mánuði.

Lee Westwood er í þriðja sæti, Masters-sigurvegarinn Bubba Watson er í fjórða og Hunter Mahan í því fimmta.

Tiger Woods er í sjöunda sæti listans, en hann verður meðal þátttakenda á Wells Fargo mótinu um helgina, fyrsta mótinu sem hann keppir á síðan á Masters um páskana.

Bandaríkjamaðurinn Jason Dufner komst upp í 20. sæti með sigri sínum á Zürich Classic.

# Stöðugleiki fæst með því að spila sem mest

**Héraðsbúinn Hrafn Guðlaugsson var valinn nýliði ársins í sinni deild í bandaríska háskólagolfinu. Lenti tvisvar í sjöunda sæti á mótum í vor. Segist hlakka til að koma heim í sumar og keppa við þá bestu á Eimskipsmótaröðinni.**

Hrafn Guðlaugsson, ungur og efnilegur kylfingur frá Egilsstöðum, varð þess heiðurs aðnjótandi fyrir skemmstu að vera útnefndur nýliði ársins í Southern States Athletic deildinni í bandaríska háskólagolfinu.

Hrafn, sem er 22ja ára, leikur með Faulkner-háskólanum í Alabama og er fyrsti nemandi skólans sem fær þessa viðurkenningu. Hann átti góðu gengi að fagna í vor þar sem hann lenti tvisvar í sjöunda sæti í mótum, einu sinni í þrettánda og einu sinni í fjórtánda.



**Í SVEIFLUNNI** Hrafn hefur leikið víða um Bandaríkin á sínu fyrsta ári í háskólagolfinu og segir ómetanlegt að geta stundað íþróttina allan ársins hring.

„Þetta hefur gengið ágætlega hjá mér," sagði Hrafn í samtali við Fréttablaðið í gær, nýkominn úr strembnu prófi, en skólinn snýst nú ekki bara um golf. „Ég spilaði mjög mikið í byrjun árs og það kom mér í gott leikform. Ég spilaði á hverjum einasta degi og afraksturinn var mjög góður. Það skilar sér í stöðugleika í spilinu og hefur komið í veg fyrir að ég eigi mjög slæma hringi. Það er oft ansi vanmetinn hluti af undirbúningnum að spila golf, fram yfir það að æfa og æfa."

Þetta var annar veturinn í röð sem Hrafn ver í golf utan landsteinanna.

Ég fór út til Sturlu Höskuldssonar þar sem ég var hjá honum fyrst á Spáni og svo í Svíþjóð og hann hefur verið mér góður félagi og frábær kennari."

Hrafn segir mikinn mun að geta helgað sig íþróttinni allt árið. Hann verður á Íslandi í sumar þar sem hann tekur þátt í Eimskipsmótaröðinni og telur að hann ætti að geta komið ferskur inn í golfvorið.

„Þetta verður í fyrsta skipti í þrjú ár og það verður gaman að koma heim og taka á því með þeim bestu hér heima."

Aðspurður um væntingar til sumarsins segist hann hafa ágætis trú á eigin getu.



**BESTI NÝLIÐINN** Hrafn var fyrir skemmstu valinn besti nýliðinn í sinni deild í bandaríska háskólagolfinu. Þjálfarar liðanna völdu sigurvegarann, en Hrafn er sá fyrsti frá Faulkner-háskólanum sem hlýtur þessa viðurkenningu.

„Þetta kemur allt í ljós, en ég er allavegana betri golfari í dag en ég var fyrir ári síðan."

Hrafn meiddist þó í baki á móti í síðustu viku, en segist vera á batavegi og hann verði búinn að ná sér innan skamms.

Varðandi framhaldið næsta vetur segir Hrafn að hann sé að skoða næstu skref.

„Ég er að skoða málin. Ég stefni að því að klára viðskiptafræðinámið hérna úti, spurning hvort það verði í Faulkner eða annars staðar."

thorgils@frettabladid.is







# SUMARKORT

Tilboðsverð á sumarkortum dagana 3. - 5. maí á **9.999 kr.**
Kortin gilda frá 3. maí til 3. september

**OPIÐ HÚS 3.- 5. MAÍ**

**4 MÁNUÐIR Á VERÐI EINS**

## SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

RASS, KVIÐUR OG BAK

BODY PUMP

FOAM FLEX

ZUMBA TONING

LÁRULIÐAR

HJÓLABJÖLLUR

SPINNING

VAXTARMÓTUN

HOT YOGA

HÁDEGISPÚL

YOGA

FIT PILATES

POWER SPINNING

PARTÝ SPINNING

BODY PUMP EXPRESS

STYRKUR & TEYGJUR

101 TEYGJUR

TABATA

ZUMBA

- Opnir tímar 3. maí
- Opnir tímar 4. maí
- Opnir tímar 5. maí
- Opnir tímar 3. og 4. maí
- Opnir tímar 3. og 5. maí
- Opnir tímar 3.-5. maí

SPORTHÚSIÐ • DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI

FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

## > Stöð 2 Sport kl. 21.00

### Pepsi mörkin - upphitun

***Pepsi mörkin verða í opinni dagskrá á Stöð 2 Sport í allt sumar og fjörið hefst í kvöld með skemmtilegum upphitunarþætti fyrir sumarið. Hörður Magnússon og fótboltasérfræðingar stöðvarinnar fara yfir allt það sem áhugamenn um fótbolta þurfa að vita fyrir sumarið.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR BJARNASON HORFÐI Á VEÐURBARÐA VÍKINGA

# *Húfulausir uppi á jökli*

Veðurbarðir útlenskir víkingar löbbuðu um í óblíðri íslenskri náttúrunni í síðasta þætti af Game of Thrones. Tökurnar fóru fram í vetur uppi á Svínafellsjökli og miðað við rokið og kuldann sem virtist vera uppi á jökli í þættinum hljóta leikararnir og tökuliðið að hafa liðið töluverðar þjáningar. Margir þeirra voru ekki einu sinni með húfu og var ekki hægt annað en að finna til með þeim þegar þeir fóru með línurnar sínar, kuldalegir á svipinn. Hinn smávaxni íslenski hestur kom einnig við sögu í þættinum og kippti hann sér vitaskuld lítið upp við íslenska veðurfarið.

Það er alltaf gaman þegar Ísland kemur við sögu í erlendum sjónvarpsþáttum og búast má við enn fleiri íslenskum atriðum í næstu þáttum af Game of Thrones. Vonandi fá aðalleikarnir, þar á meðal Kit Harington sem leikur Jon Snow, samt að vera með húfu á höfðinu næst.



**HÚFULAUS Í KULDA OG TREKKI** Kit Harington, húfulaus uppi á Svínafellsjökli, við tökur á Game of Thrones í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **21.00** Úr neysluæði í kreppu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Hver er höfundurinn? **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30 Reykjavíkurleikarnir - Dans** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.31 Sögustund með Mömmu Marsibil**
**17.42 Fæturnir á Fanneyju**
**17.54 Grettir**
**17.55 Espen og kóparnir** (Folk: Espen og selungerne) (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.30 Gulli byggir** (3:6) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Úrslitakeppnin í handbolta** BEINT frá seinni hálfleik annars leiks FH og HK í úrslitakeppni karla í handbolta
**20.40 Andraland** (7:7) Andri Freyr Viðarsson flandrar um Reykjavík. Hann kemur víða við og skoðar áhugaverða staði.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (17:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (126:138) (Criminal Minds VI) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** (14:20) (Borgen) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Duplicity**
**10.05 Back-Up Plan**
**12.00 Artúr og Mínímóarnir**
**14.00 Duplicity**
**16.05 Back-Up Plan**
**18.00 Artúr og Mínímóarnir**
**20.00 500 Days Of Summer**
**22.00 I Love You Beth Cooper**
**00.00 The Hoax**
**02.00 Dreaming Lhasa**
**04.00 I Love You Beth Cooper**
**06.00 Love Happens**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (136:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (1:25)
**11.50 Glee** (1:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Middle** (5:24)
**13.25 Rat Pack** Mynd um félagana Frank Sinatra, Sammy Davis Jr. og Dean Martin.
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (2:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (20:23)
**19.45 Better With You** (20:22)
**20.10 The Amazing Race** (10:12)
**20.55 Mið-Ísland** (7:8)
**21.25 Alcatraz** (13:13) Glæný spennuþáttaröð um lögreglukonu í San Francisco sem aðstoðar alríkislögregluna við að handsama hættulegustu glæpamenn Bandaríkjanna. Þeir hurfu sporlaust úr Alcatraz fyrir 50 árum.
**22.10 Small Island** Seinni hluti áhrifamikillar sögu um tvær ungar konur með ólíkan bakgrunn sem eiga þó meira sameiginlegt en nokkurn óraði fyrir. Hortense er frá Jamaíka og eltir eiginmann sinn til Bretlands á stríðsárunum um miðja síðustu öld. Hana dreymir um betra líf í landi tækifæranna en þarf þess í stað að berjast við fátækt og fordóma. Sú eina sem reynist henni vel er Queenie Bligh, ung kona sem sjálf hefur gengið í gegnum erfiða tíma.
**23.40 Rescue Me** (11:22)
**00.20 The Mentalist** (18:24)
**01.05 Homeland** (8:13)
**01.55 Boardwalk Empire** (11:12)
**02.45 Rat Pack**
**04.45 Terra Nova**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Iceland Express: Þór-Grindavík**
**16.10 Þýski handboltinn: RN Löwen - Fuchse Berlin**
**17.30 Spænski boltinn: Barcelona - Malaga**
**19.15 Þór - Grindavík**
**21.00 Pepsi mörkin - upphitun** Hitað upp fyrir átökin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Hörður Magnússon og knattspyrnusérfærðingar Stöðvar 2 fjalla um öll liðin í deildinni og rætt er við þjálfara liðanna. Einnig verður birt spá íþróttadeildarinnar fyrir sumarið.
**22.30 FA Cup - Preview Show**
**23.00 Spænski boltinn: Ath. Bilbao - Real Madrid**
**00.45 Pepsi mörkin - upphitun**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Chelsea - Newcastle**
**12.40 Tottenham - Blackburn**
**14.30 Chelsea - QPR**
**16.20 Stoke - Arsenal**
**18.10 Football League Show**
**18.40 Cardiff - West Ham** BEINT
**20.45 Premier League World**
**21.15 Premier League Review 2011/12**
**22.10 Cardiff - West Ham**
**00.00 Everton - Fulham**

## 2 EXTRA

**19.50 The Doctors** (105:175)
**20.35 In Treatment** (51:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 New Girl** (12:24)
**22.20 Hannað fyrir Ísland** (7:7)
**23.05 Small Island**
**00.35 Malcolm in the Middle**
**01.00 Better With You** (20:22)
**01.25 In Treatment** (51:78)
**01.50 The Doctors** (105:175)
**02.30 Grey's Anatomy** (20:24)
**03.15 Fréttir Stöðvar 2**
**04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Eureka** (16:20) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 The Firm** (10:22) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (14:48) (e)
**19.25 Rules of Engagement** (17:26) (e)
**19.45 Will & Grace** (24:24) (e)
**20.10 Outsourced** (1:22) (e)
**20.35 Solsidan** (3:10)
**21.00 Blue Bloods** (12:22)
**21.50 Franklin & Bash** (4:10) Skemmtilegur þáttur um lögfræðingana og glaumgosana Franklin og Bash. Þeir eru afar litríkar persónur sem reglulega þurfa að sletta úr klaufunum. Þegar þeir vinna glæstan sigur í stóru dómsmáli eru þeir ráðnir inn á virta lögfræðistofu sem setur villtu líferni þeirra ákveðnar skorður. Peter tekur að sér mál fjandvinar Jared sem sjálfur er á kafi í skilnaðarmáli þar sem kúnnarnir eru alls ekki á þeim buxunum að skilja í góðu.
**22.40 Jimmy Kimmel** Húmoristinn Jimmy Kimmel hefur staðið vaktina í spjallþættinum Jimmy Kimmel Live! frá árinu 2003 og er einn vinsælasti spjallþáttakóngurinn vestanhafs.
**23.25 CSI** (17:22) (e)
**00.15 Californication** (12:12) (e)
**00.45 Law & Order UK** (9:13) (e)
**01.30 Unforgettable** (2:22) (e)
**02.20 Blue Bloods** (12:22) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Zurich Classic 2012 (4:4) **11.30** Golfing World **12.20** Golfing World **13.10** Zurich Classic 2012 (4:4) **17.40** PGA Tour - Highlights (16:45) **18.35** Inside the PGA Tour (18:45) **19.00** Wells Fargo Championship 2012 (1:4) **23.00** Ryder Cup Official Film 1995 **23.55** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Í ljósi nýsköpunar

## BBC entertainment

**06.20** 'Allo 'Allo! **07.55** New Tricks **09.35** Deal or No Deal **10.10** EastEnders **10.40** Come Dine With Me **11.30** QI **12.30** Keeping Up Appearances **13.35** One Foot in the Grave **14.35** Top Gear **15.30** QI **16.30** Come Dine With Me **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** Derren Brown: Trick or Treat **21.35** The Graham Norton Show **22.30** Live at the Apollo **23.15** Top Gear **00.05** 'Allo 'Allo! **00.35** The Graham Norton Show **01.30** Shooting Stars

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Vores Liv. Skattejægerne **11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Blod, sved og ris **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.25** Rosa fra Rouladegade **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Drivhusdrømme **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Sporløs **18.30** Bryllup i Farver **19.00** TV Avisen **19.20** SportNyt **19.30** Den Sidste Samurai **22.00** Taggart

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Ut i naturen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Norskekysten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Munter mat **18.45** Verda vi skaper - bak kamera **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Humorama **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** Adresse Baku **23.05** Bitt av naturen **23.35** Danmark fra kyst til kyst **00.35** Debatten **01.35** Den natta vi var på månen **02.30** Norskekysten

## svt1

**13.15** Genom Ryssland på 30 dagar **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Där hon väntar på mig **14.45** Det ljuva livet i Alaska **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Djursjukhuset **18.30** Hundra procent bonde **19.00** Skönhetsbubblan **20.00** Debatt **20.45** Modellagenturen **21.35** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.45** Det ljuva livet i Alaska **22.30** Uppdrag Granskning **23.30** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




Opnunartilboð

3 - 5. Maí 2012

Höfum opnað nýja og glæsilega sólbaðstofu í Spönginni Grafarvogi.
Að því tilefni er frábært opnunartilboð
á öllum stofum **Sólbaðstofunnar Smart.**

10 tíma
30 daga ljósakort
aðeins
kr 5.990.-*
Fullt verð kr. 9.900.-.

smart sólbaðstofa

3 staðir eitt númer 533-3350

Grensásvegi 7 - Ánanaustum - Spönginni Grafarvogi www.smartsol.is

*Tilboðsverðið gildir aðeins fyrir 10 tíma kort sem keypt eru 3-5 maí 2012

ELDBÖKUÐ PIZZA

577 7000

# Rizzo Pizza

**ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI Á 1.490 KR. EF ÞÚ SÆKIR**

# SUMARGLEÐI

BÆJARLIND • HRAUNBÆ • GRENSÁSVEGI • MOSFELLSBÆ

## HÁDEGIS TILBOÐ

**ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI 1.380 KR.**
**STÆRRI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 1.190 KR.**
**MINNI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 790 KR.**
**STÆRRI MARGARITA 990 KR.**

ALLA DAGA FRÁ KL 11 - 15

*Pizza Buffet*

## PIZZAHLAÐBORÐ

ALLA DAGA FRÁ KL 11 - 15
AÐEINS Á GRENSÁSVEGI

**990 kr.**

pepsi MAX

**Erum nú með heimsendingu af öllum stöðum**

ATH GILDIR EKKI AF TILBOÐUM

FÖÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Ég verð að segja hamborgararnir sem eru grillaðir fyrir leiki á KR-vellinum. Grillaðir af góðmennsku og það er eins gott að það er stutt í fyrsta leik.“*

Andrea Röfn Jónasardóttir, fyrirsæta

# Bíður spenntur eftir nýrri Spurningabombu

„Ég var orðinn svo þreyttur á að fólk væri að spyrja mig hvað það ætti að gera á föstudagskvöldum núna þegar þátturinn væri hættur, svo við ákváðum að skella í sex þætti í viðbót,“ segir Logi Bergmann Eiðsson, stjórnandi Spurningabombunnar sem er væntanleg aftur á skjáinn 18. maí.

Upphaflega átti Spurningabomban að vera einn áramótaþáttur en það endaði þó í heilli þáttaröð með 22 þáttum. „Þetta var svo skemmtilegt og gekk svo fáránlega vel að við héldum bara áfram að búa til fleiri og fleiri þætti,“ segir Logi. Þættirnir verða á sama sýningartíma og þeir voru og með svipuðu sniði. „Þetta verða bara sömu fíflalæti og voru í vetur. Nú þurfum við að hella okkur í að búa til spurningar og gjöra svo vel að fara að bóka einhverja gesti,“ bætir hann við. Reikna má með að sjá gömul og góðkunn andlit meðal gesta þáttarins auk þess sem einhverjir nýir skjóta upp kollinum.

„Við erum alveg óhrædd við að fá sömu gesti aftur. Þetta er allt í gamni gert og allir skemmta sér vel. Þegar keppnisandinn er orðinn meiri en bjánaskapurinn er þetta bara komið út í einhverja vitleysu, en sem betur fer virðist ekki vera neitt stórmál hjá neinum að vinna þennan forljóta bikar,“ segir Logi og hlær.

Logi segist aldrei hafa skemmt sér jafn vel og við að búa til Spurningabombuna og það hlýtur að vera að skila sér til áhorfenda miðað við þau ótrúlegu viðbrögð sem þættirnir hafa fengið. „Ég get ekki beðið eftir að byrja aftur,“ segir Logi að lokum. **- trs**



**SKEMMTILEGASTA SEM ÉG HEF GERT** Logi Bergmann segir Spurningabombuna vera það skemmtilegasta sem hann hafi nokkru sinni gert. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

Kynntu þér forsölukjörin.
Athugið að forsölu lýkur 15. maí.
Sæti í stúku, miðar á landsmót og hjólhýsastæði – allt bókanlegt á www.landsmot.is

25.06 – 01.07

Minnum á afsláttarkjör félaga í LH og BÍ.
N1 korthafar fá 1.000 kr. afslátt.

Taktu þátt í forsöluleiknum

Dregið verður 15. maí úr keyptum miðum í forsölu.
Í verðlaun er flug fyrir tvo til Evrópu með Iceland Express.

Iceland Express

Landssamband hestamannafélaga

Landsmót hestamanna – National Horse Show of Iceland


MAGNÚS MÁR EINARSSON: HEFUR VERIÐ VÖNTUN Á SVONA LEIK

# Hart barist í íslenskum sýndarfótbolta á netinu

Hátt í þrjú þúsund manns hafa skráð sig í nýja Fantasy-deild vefsíðunnar Fótbolti.net í tengslum við Pepsi-deildina í sumar. Aðspurður segir ritstjórinn Magnús Már Einarsson að deildin hafi ekki verið stofnuð til höfuðs vefsíðunni Fantasydeildin.net sem fór í loftið fyrir skömmu.

„Alls ekki. Við erum búnir að stefna að þessu í marga mánuði og þeirri vinnu lauk í gærkvöldi [á þriðjudagskvöld]. Þetta er mjög líkt ensku Fantasy-deildinni. Við horfum á hana sem fyrirmynd,“ segir Magnús Már en þúsundir íslenskra fótboltaáhugamanna eru skráðir til leiks í ensku deildinni. „Við hefðum viljað koma þessu fyrr í loftið en við ætlum að nýta tímann vel fram að móti og það er vonandi að sem flestir skrái sig. Það hefur verið vöntun á svona leik og þessi hugmynd kviknaði í sumar. Viðtökurnar sýna að þetta er eitthvað sem hefur vantað.“

Það er því ljóst að hörð samkeppni verður utan vallar sem innan í íslenska boltanum í sumar. Rúmlega þrjú þúsund lið eru skráð til leiks á Fantasydeildin.net en sú deild er einmitt í samstarfi við samkeppnisaðila Fótbolta.net, vefsíðuna 433.is. Samanlagt eru íslensku sýndarfótboltaliðin því orðin um sex þúsund talsins. Aðspurður um þessa óvæntu samkeppni í Fantasy-leiknum segist Aron Már Smárason hjá Fantasydeildin.net lítið vita um nýju síðuna hjá Fótbolta.net. Hann fagnar samkeppninni en viðurkennir að stofnun síðunnar hafi komið sér á óvart svona skömmu fyrir mót.

Þeir sem taka þátt í nýju Fantasy-deildinni fá, rétt eins og í hinni Fantasy-deildinni, hundrað milljónir króna til að kaupa fimmtán leikmenn úr Pepsi-deildinni í fótbolta. Leikmennirnir fá síðan stig fyrir frammistöðu sína á vellinum. Dýrustu leikmennirnir eru Garðar Jóhannsson, Steven Lennon og Kjartan Henry Finnbogason. Sá keppandi sem endar efstur þegar Fantasy-mótinu lýkur í haust fær ferð fyrir tvo á leik í ensku úrvalsdeildinni í boði Úrvals Útsýnar. Stigahæsti keppandinn í hverri umferð fyrir sig fær einnig verðlaun. Hægt er að skrá sig á slóðinni Fantasy.fotbolti.net.

Í Fantasydeildin.net eru einnig mánaðarleg verðlaun. Ekki er búið að ákveða hver aðalvinningurinn verður þar á bæ. „Við erum að skoða það. Það liggur ekkert á því fyrr en í september. Það verður stór vinningur, jafnvel stærri en hjá þeim,“ segir Aron Már.

**freyr@frettabladid.is**





**HÖRÐ SAMKEPPNI**

Magnús Már Einarsson, ritstjóri hjá Fótbolta.net, bindur miklar vonir við nýja Fantasydeild vefsíðunnar. Aron Már Smárason og Fannar Berg Gunnólfsson stýra síðunni Fantasydeildin.net. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SÝNDARFÓTBOLTI. HVAÐ ER ÞAÐ?**

Fantasydeild, eða sýndarfótbolti, er ókeypis leikur þar sem keppendur fá ákveðna upphæð til að búa til eigið fótboltalið á netinu. Leikmennirnir kosta mismikinn pening og fer virði þeirra eftir getu leikmannanna. Þeir fá stig eftir því hvernig þeir standa sig í raunverulegu deildinni sem er spiluð samhliða Fantasydeildinni. Mínusstig eru gefin fyrir ýmislegt, þar á meðal spjöld, mörk fengin á sig og sjálfsmörk en plússtig fyrir mörk, stoðsendingar, að halda markinu hreinu og fleira. Einn keppandi stendur síðan eftir sem sigurvegari þegar leiktíðinni lýkur.

# Múnkhásen boðið til Edinborgar

„Þetta er bara lyginni líkast, sem á ákaflega vel við þegar Múnkhásen er annars vegar,“ segir Gunnar Helgason.

Hann leikur í sýningunni Ævintýri Múnkhásens í Gaflaraleikhúsinu sem hefur verið boðið á eina stærstu barnaleikhúshátíð heims, The International Children´s Festival, í Edinborg. Hún verður haldin í júní á næsta ári.

Virginia Gillard, sem leikur frú Múnkhásen, sendi forsvarsmönnum hátíðarinnar í Edinborg póst um sýninguna og þeir brugðust skjótt við. „Það kom á óvart hvað viðbrögðin voru strax jákvæð því þeir voru ekki búnir að sjá neitt nema smá myndbandsefni sem við sendum þeim,“ segir Gunnar og bætir við að þetta sé mikill heiður fyrir Gaflaraleikhúsið í Hafnarfirði.

Ekki er samt öruggt að leikhúsið þekkist boðið. „Þetta er allt á byrjunarreit. Við eigum eftir að skoða öll fjármál og mín reynsla er sú að fagna ekki fyrr en allt er orðið klappað og klárt.“

Þrettán sýningum af Ævintýrum Múnkhásens er lokið og hefur verið nánast fullt á þær allar. Gagnrýnendur hafa einnig hrósað verkinu í hástert. Sýningum verður haldið áfram í maí. „Það eru ekki rosalega margar sýningar eftir og ef fólk hefur áhuga ætti það að skella sér sem fyrst.“ **-fb**



**ÆVINTÝRI MÚNKHÁSENS** Verkið verður líklega sýnt á alþjóðlegri barnaleikritahátíð í Edinborg á næsta ári.

# KONUKVÖLD

## 25% AFSL. AF ALLRI GJAFAVÖRU!

## OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD













## ALDREI MEIRA ÚRVAL AF GJAFAVÖRU!

## LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI

# HEIMA HÚSIÐ

Öndvegi mood lifum GALLERY GÓLF PARKET

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Garðar Sigur Gíslason

Leikaraparið **Nína Dögg Filippusdóttir** og Gísli Örn Garðarsson hafa nefnt son sinn Garðar Sigur Gíslason. Drengurinn er annað barn þeirra en fyrir eiga þau dótturina Rakel Maríu. Garðar Sigur kom í heiminn í lok seinasta árs og er nefndur í höfuðið á föðurafa sínum. Seinna nafnið, Sigur, tengist bróður Nínu Daggar, söngvaranum Sigurjóni Brink, sem lést langt fyrir aldur fram í byrjun árs 2011.



### Contraband toppar itunes

Nýjasta kvikmynd **Baltasars Kormáks**, smellurinn Contraband, heldur áfram að gera góða hluti vestanhafs. Myndin hefur vermt toppsæti lista itunes yfir leigumyndir upp á síðkastið og samkeppnin samanstendur ekki af aukvisum: Nýjasta Mission Impossible-myndin, The Girl With the Dragon Tattoo og Haywire eftir Steven Soderbergh eru í baráttunni um toppsætið. Fréttablaðið greindi nýlega frá því að Contraband væri á meðal mest stolnu mynda heims, en ljóst er að fjölmargir eru tilbúnir að greiða fyrir áhorfið – eins og miðasölutölur sýndu reyndar líka.

**-áp, - afb**



## Mest lesið Vísir

1. Búið að hreinsa Vísi
2. Mikið áfall að missa góðan vin
3. Lögreglumenn neyðast til að borga sjálfir fyrir varnarbúnað
4. Maður hætt kominn þegar smábátur sökk við Látrabjarg
5. Fjármálastjóri í Kópavogi á sérkjörum við lóðakaup





